Áhrif framkvæmda á menningarminjar við Reykjanesbraut

Samantekt

* Alls eru þekktar 2206 fornleifar milli Hvaleyrarholts og Leifsstöðvar.
* 205 staðir eru innan við 500 m frá fyrirhuguðu vegarstæði
* Þrjú minjasvæði eru í uppnámi:
    * Við Straum, Lambhaga og Þorbjarnarstaði þarf að gera fornleifarannsóknir ef nýr vegur verður byggður samhliða núverandi Reykjanesbraut.
    * Nauðsynlegt er að fornleifafræðingur fylgist með framkvæmdum við Kúagerði
    * Nauðsynlegt er að fornleifafræðingur fylgist með framkvæmdum við Þórusel
* Lagt er til að suðurmörk Hvassahraunstúns og 10 aðrir staðir verði merktir á áberandi hátt til að koma í veg fyrir skemmdir af vangá

Fornleifakönnun



Reykjanesbraut

Elín Ósk Hreiðarsdóttir

Fornleifastofnun Íslands

FS133-00141

Reykjavík 2001

© Fornleifastofnun Íslands 2001

Efnisyfirlit

1. KAFLI: INNGANGUR 5

2. KAFLI. UM MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM FRAMKVÆMDA Á MENNINGARMINJAR 6

3. KAFLI. FYRRI RANNSÓKNIR 7

4. KAFLI. FORNLEIFAR Á FYRIRHUGUÐU FRAMKVÆMDASVÆÐI 7

5. KAFLI. SKRÁ YFIR FORNLEIFAR 8

6. KAFLI. MINJAR Í HÆTTU VEGNA FYRIRHUGAÐRAR VEGAGERÐAR 58

7. KAFLI. TILLAGA UM AÐGERÐIR 60

8. KAFLI. NIÐURLAG 61

HEIMILDASKRÁ 62

Viðauki:

Kort af fornleifum á úttektarsvæðinu

1. kafli: Inngangur

Fyrirhuguð er tvöföldun Reykjanesbrautar frá hringtorgi við Leifsstöð og að Hafnarfirði. Hið nýja vegarstæði mun að öllum líkindum liggja samsíða Reykjanesbraut að sunnan, nema í námunda við Kúagerði. Auk þess er gert ráð fyrir sjö mislægum gatnamótum á leiðinni. Hinn nýi vegur liggur um land um 70 jarða.

Haustið 2000 fór verkfræðistofan Hönnun þess á leit við Fornleifastofnun Íslands að hún gerði mat á áhrifum fyrirhugaðra framkvæmda á menningarminjar á svæðinu. Í þessari skýrslu er greint frá árangri athugunar á fyrirhuguðu vegastæði.

Þegar lá fyrir svæðisskráning fornleifa í Hafnarfirði en hún var gerð 1998 fyrir Hafnarfjarðarkaupstað. Hafist var handa við svæðisskráningu Vatnsleysustrandarhrepps og austasta hluta Rosmhvalaneshrepps og samtals skráðar heimildir um 1639 fornleifar á þessu svæði. Við svæðisskráningu voru kort og ritheimildir um menningarminjar á svæðinu athugaðar. Þegar svæðisskráningu var lokið voru þekktar heimildir um 2206 fornleifar á úttektarsvæðinu. Var þá hafist handa við að kanna staðsetningu þessara minja með tilliti til nálægðar við Reykjanesbraut. Við aðalskráningu voru loftmyndir athugaðar, rætt var við staðkunnuga, gengið á þá minjastaði sem voru í grennd við væntanlegt vegarstæði og þeir skoðaðir. Á grundvelli þessa var tekin saman skrá yfir fornleifar á svæðinu og hún skoðuð í ljósi fyrirhugaðra framkvæmda.

Í skýrslunni er fylgt hefðbundinni framsetningu FSÍ á nauðsynlegum gögnum við umhverfismat,[1] og greint frá lögbundnum forsendum fornleifakönnunar, takmörk rannsóknarefnis skilgreind, greint frá fyrri fornleifaathugunum á svæðinu, vettvangsrannsókn lýst, lagt mat á áhrif framkvæmda og gerðar tillögur um aðgerðir. Sædís Gunnarsdóttir svæðisskráði en Elín Ósk Hreiðarsdóttir sá um vettvangsvinnu og úrvinnslu skýrslu undir stjórn Orra Vésteinssonar fornleifafræðings.

Sérstakar þakkir fá heimildamenn fyrir ómetalega aðstoð og hjálpsemi í hvívetna.

[1] Sbr. Adolf Friðriksson, *Skýrsla um menningarminjar við fyrirhugað vegarstæði Snæfellsvegar um Mávahlíð,* Fornleifastofnun Íslandss, Reykjavík, 1997; Sami: *Skýrsla um menningarminjar við fyrirhugað vegastæði Ólafsvíkurvegar og Útnesvegar sunnan Fróðárheiðar,* Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík, 1997.

2. Kafli. Um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda á menningarminjar

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 17. grein þjóðminjalaga (nr. 88/1989, sbr. lög nr. 43/1991 og breyting á lögum samþykkt 7/5 1994), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: "Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja...". Auk þjóðminjalaga ná lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 einnig yfir verndun menningarminja, enda markmið laganna að tryggja að mat á umhverfisáhrifum verði fastur liður í undirbúningi að framkvæmdum. Í 5. gr. ofangreindra laga eru sérstaklega tilgreindar framkvæmdir sem háðar eru umhverfismati, og er vegagerð þar á meðal. Er þessi fornleifakönnun í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið í þessari nýju löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

a. byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið; skipsflök eða hlutar úr þeim.
Að jafnaði skal telja minjar 100 ára og eldri til fornleifa

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu hefur verið fylgt við framkvæmd mats á umhverfisáhrifum, líkt og gert er við fornleifaskráningu.

Ef mannvistarleifar sem falla undir ofangreinda skilgreiningu finnast á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði , þá þarf að leita heimildar til að hreyfa við þeim. Í 21. gr. þjóðminjalaga segir m.a. : "Nú telur… sá sem stjórnar opinberum framkvæmdum, svo sem vegagerð, að hann þurfi að gera jarðrask er haggar við fornleifum og skal hann þá skýra Þjóðminjasafni Íslands frá því áður en hafist er handa um verkið. Lýst skal nákvæmlega breytingum þeim er af framkvæmdum muni

leiða. Þjóðminjasafn ákveður hvort og hvenær framkvæmd megi hefjast og á hvaða skilmálum.

Við allar meiri háttar framkvæmdir, svo sem vegagerð,… skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum."

3. Kafli. Fyrri rannsóknir

Fyrir utan uppgröft á kapellu í Kapelluhrauni árið 1950 hafa engar skipulegar fornleifarannsóknir verið gerðar á skráningarsvæðinu. Miklum heimildum um fornleifar var þó safnað um og eftir miðja 20. öld við skráningu örnefna en örnefnalýsingar eru til af öllu svæðinu. Þá skráði Þjóðminjasafn Íslands fornleifar í landi Hafnarfjarðarkaupstaðar á árunum 1987-90, m.a. fornleifar í landi Straums, Þorbjarnarstaða og Lambhaga sem sumar eru mjög nálægt fyrirhuguðu vegarstæði.

Að síðustu gerði Fornleifastofnun svæðisskráningu í Hafnarfirði 1998 og bættust þá allnokkrir staðir við fyrri skráningu – einkum staðir sem ekki eru sýnilegir á yfirborði.

4. Kafli. Fornleifar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði

Hér að neðan er birt skrá um fornleifar sem eru nálægt hinu áætlaða, breikkaða vegastæði. Í skránni eru allir þekktir minjastaðir á þeim jörðum sem koma við sögu. Aftast í skýrslunni er svo að finna loftmyndir þar sem allir þekktir minjastaðir í námunda við Reykjanesbraut eru merktir inn. Upplýsingar um allar fornleifar sem vitað er um á framkvæmdasvæðinu og næsta nágrenni þess er að finna í skránni hér að neðan. Við vettvangsvinnu var miðað við að skrá alla staði sem eru innan við 500 m frá Reykjanesbraut og ganga úr skugga um staðsetningu annara sem næst eru því belti. Með þessu á að vera tryggt að heildaryfirlit um menningarminjar á svæðinu sé til taks og ennfremur að hægt verði að taka tillit til fornleifa verið breytingar á hönnun vegastæðisins frá þeim tillögum sem nú liggja fyrir.

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti og hver jörð hefur númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Þá er hverri fornleif gefið númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: GK-123:024). Upplýsingar um hvern stað eru settar fram á staðlaðan hátt: fyrst kemur kennitala staðarins í gagnagrunni Fornleifastofnunar Íslands, staðarheiti, tegund fornleifar, hlutverk og hnattstaðan í gráðum og mínútum. Þar næst kemur tilvitnun í heimild ef einhver er, lýsing á staðsetningu, aðstæðum og lokum aðrar upplýsingar, hættumat og heimildaskrá.

Við Reykjanesbraut voru samtals skráðir 205 minjastaðir. Í næsta kafla verður fjallað nánar um þá staði sem næstir eru fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, en hér eru gefnar grunnupplýsingar


um menningarminjar í námunda við Reykjanesbraut.

5. Kafli. Skrá yfir fornleifar

GK-110 Keflavík

Ekkert fyrirsvar 1703, konungseign. "Og víst er að hingað hafa erlendir kaupmenn sótt um langan aldur, snemma á 16. öld er getið um Þjóðverja í Keflavík og einnig er vitað til, að hér hafi enskir verið á ferð. ... Keflavíkurjarðarinnar er fyrst getið í jarðamatsbókum árið 1597 og er eiginleg ábúð hér því ekki gömul. ... Enn fyrr höfðu Hrúðunes og Keflavík byggst úr landi Hólms. BG:Saga Keflavíkur 1766-1890, 11
1703: "Engjar öngvar" JÁM III, 106 "Heimaland Keflavíkur er talið naumlega einn kýrvöllur og jörðin á úthaga í betra lagi, en engar engjar. Einnig fylgja henni nokkur hlunnindi ..." Á 18. öld stækkaði Jakobæus tún jarðarinnar um meira en helming. BG: Saga Keflavíkur 1766-1890, 11, 43

GK-110:005 *Rósuselstjarnir* selþúst 64°00.213N 22°35.630V




"Svo er þar uppi í heiðinni Rósuselstjarnir og Keflavíkurborg." segir í örnefnaskrá AG "Um nafngift vatnanna er það helzt að segja að það felur í sér að þar hefur verið sel. Segir frá því í hinum óprentaða hluta Suðurnesjaannáls Sigurðar Sívertssen að Stóri-Hólmur í Leiru hafi haft þar í seli til forna líklega á 18. öld og fyrr. Mér vitanlega eru engar rústir sjáanlegar af kofum á staðnum en vera má að þær leynist innanum þúfur og steina sem þar eru á víð og dreif. Rósuselsvötn eru vestur af Keflavík." segir í viðbótum við örnefnaskrá. Rósuselstjarnir eru vestan við Keflavík en austan við Reykjanesbraut. Norðaustan við tjarnirnar er þúst sem líkist mannvistarleifum. Þústin er 350-400 m austan Reykjanesbrautar en um 10 m norðaustan við tjarnirnar.
Við norðaustur horn tjarnanna er þýft en gróið svæði.

Á þessum stað er nokkuð þýft. Greina má mjög óljósar leifar tóftar/þústar sem er nærri alveg hrunin og sigin. Þústin sker sig ekki mikið úr umhverfinu en þó er lögun hennar of regluleg til að um náttúrumyndun sé að ræða. Tóftin virðist vera um 10 X 4-5 m að stærð og skiptast í 2-3 hólf. Ekki sjást grjóthleðslur og veggir tóftarinnar eru einungis um 0,2 m að hæð. Tóftin snýr norðaustur-suðvestur.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Keflavík AG, 1; Ö-Keflavík viðbætur SM, 7

GK-110:031 heimild um mógrafir 64°00.233N 22°35.713V
Mór var tekinn við Rósuselsvötn, sjá 005, síðast í fyrra stríði segir í viðbótum við örnefnaskrá. Rósuselsvötn eru vestan við Keflavík.

Mjög þýft og rakt er umhverfis vötnin en ekki er hægt að koma auga á einn, ákveðin stað þar sem mógrafir hafa verið. Dældir eru hér og hvar en skýrar mógrafir eru ekki greinilegar.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Keflavík viðbætur SM, 7

GK-110:080 tóft 64°00.185N 22°35.862V



Um 10 m suðvestan við Rósuselstjarnir er greinileg tóft. Tóftin er um 140 m sunnan við afleggjaran að Keflavík/Garði og 220-230 m (norð)vestan við hringtorgið við Leifsstöð. Beint vestan við er Reykjanesbrautin í um 160-170 m fjarlægð.

Tóftin er á stórgrýttu og deiglendu svæði. Hún er við vatnið á mosagrónu svæði. Tóftin samanstendur af tveimur hólfum. Samtals er hún um 8 X 7 m að stærð. Op virðist hafa verið á vesturvegg. Enn má sjá grjóthleðslur í tóftinni, sérstaklega í vestara (ytra) hólfinu. Austara hólfið er grónara og veggirnir þar allt að 1,5 m á þykkt. Tóftin er ekki mjög fornleg. Ekki er vitað hvaða hlutverki hún gegndi en hún er varla í nokkrum tengslum við Rósasel þar heimildamenn voru sammála um að leifar þess væru ill- eða ógreinilegar og þær því að líkum eldri en þessi tóft.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

GK-111 Ytri-Njarðvík

1703: Jarðadýrleiki óviss, konungseign. JÁM III, 107. Hjáleigur 1703: Miðkot, Garðhús, Bolafótur og ein nafnlaus í byggð, en í eyði voru Svíri, Vindás og Hjallatún einnig Fitjakot en ekki er vitað hvort þar var hjáleiga. JÁM III, 107-111. Hjáleigur í byggð 1847: Höskuldarkot, Helgukot, Þórukot, Bolafótur og Narfakot. JJ, 89. 1767 var jörðin byggð kaupmanninum í Keflavík.
1703: "Túnin brýtur sjór að framanverðu so að í næstu seytján ár hefur tvisvar fyrir nauðsynja sakir orðið að færa. Engjar eru öngvar." JÁM III, 108-109. 1919: Tún 2,93 teigar, garðar 1640m2.

GK-111:024 *Fitjakot* bæjarstæði býli 63°58.667N 22°32.579V
1703: "Fitiakot, forn eyðijörð, og vita menn ekki hvað lengi í auðn legið hefur, eru þar lítil merki fornra girðinga, en almenn sögn að býli verið hafi. Liggur eyðijörð þessi á merkjum þeim að nú eigna sjer hvorutveggju Njarðvíkur ytri og innri. og gánga landamerki sem nú er kölluð, sjóndeiling yfir það sem þessi jörð skyldi átt hafa. Brúka hvorutveggju Njarðvíkur landið nú misgreiningarlaust og Narfakot ásamt þeim beitina. Halda menn að þessa jörð hafi mest í eyði lagt þjóðbraut almennileg yfir þessar Fitjar, sem uppetur grasnautn og haglendið alt, sem vegfarandi sveitarfólk, það er að norðan og austan sækir, næring sína í Hafnir, á Stafnes, Rosmhvalanes og Garð allan, og kunna ómögulega þessa áfangastaðar missa. Er og fyrir þessa grein jörðin aldeiliss óbyggjandi. Þar með brýtur sjór á landið að framanverðu stórkostlega ósa, og vatnsrás að ofanverðu með aur og grjóti gjörir stóran skaða."

Í örnefnaskrá segir frá Fitjagranda sem er á landamerkjum Ytri- og Innri-Njarðvíkur, malarkambur fyrir botni Njarðvíkur. Merki lágu úr skerinu í Njarðvík og upp á Grænaás í vörðu sem þar var. Á þessum stað eru smátjarnir, Fitjar en lögun þeirra hefur breyst mikið á undanförnum árum. Engin merki sjást um býli nú en það hefur vísast legið norðan Fitjanna suðaustan við þar sem nú er steypustöð. Grýttur fjörukambur og sléttlendi þar upp af.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: JÁM III, 111; Ö-Njarðvík GF


GK-111:038 *Grænásvarða* varða landamerki 63°58.801N 22°33.136V
"Merkin eru hér milli Njarðvíkanna úr miðju merkiskeri beint í vörðu á Grænás, sem heitir Grænásvarða. Nú er varða þessi horfin." segir í örnefnaskrá. Á Grænás hefur nú risið íbúðahverfi. Grænásvarðan hefur líklega verið um 200 m neðan við 3 blokkir sem standa á há-ásnum. Ásinn er í beina stefnu á sker úti á Njarðvík sem markaði landamerkin. Vörðustæðið er um 180-190 m ofan við Njarðarbraut. Grýtt en gróið holt.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Ytri-Njarðvík, 4

GK-117 Innri-Njarðvík

1703: Jarðadýrleiki óviss, konungseign. Hjáleigur 1703: Tjarnarkot, Jakobshús, Hákot, Bræðrakot, Stapakot og nafnlaus hjáleiga. JÁM III, 114-116. Hjáleigur í byggð 1847: Hákot, Stapakot, Tjarnarkot, Móakot og Hólmfastskot. JJ, 89.
1919: Tún 5,1 teigar, garðar 1260m2.


GK-117:028 *Stekkjarkot* bæjarstæði býli 63°58.411N 22°31.820V
"Í Narfakotsseylu var Stekkjarkotsvör. ... Þá er Stekkjarkotsáli, leysingarvatn. Stekkjarkot var rétt við veginn, en neðan við hann." segir í örnefnaskrá. "Við austurenda Fitjagranda er frárennsli úr tjörnum, sem eru ofan við grandann og nefnist það Stekkjarkotssíki og ber nafn af bænum Stekkjarkoti, sem stóð u.þ.b. þrettán hundrað metrum ofar og austar, skammt neðan við þjóðveginn. Þar var síðast búið fyrir þrjátíu og fjórum árum (1927), og eru þar nú bæjartættur og garðrústir eftir." segir í örnefnaskrá GF. Bærinn var um 110-120 m norðan við Njarðarbraut en um 350-400 m norðan við Reykjanesbraut. Á þessum stað er nú torfbær sem notaður er fyrir ferðamenn og í honum veitingarekstur. Bærinn er úr torfi og grjóti og var byggður á grunni þess eldra. Garðlag var umhverfis Stekkjarkotið og hefur það einnig verið byggt upp. Umhverfis bygginguna er sléttað gras að túngarðinum. Bærinn er lítill, með timburþili. Umhverfis hann er garðlag úr grjóti og torfi. Bærinn var mjög nýlega byggður upp.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Innri-Njarðvíkur, 3; Ö-Innri-Njarðvík GF, 1

GK-117:042 *Skjólgarður* garðlag fjárskýli 63°57.986N 22°29.612V



"Beint upp af Njarðvíkum í suðaustur eru Löngubrekkur... Innst á Löngubrekkum heitir Löngubrekkuendi. Þar á er stór varða, beint upp af Skjólgarði. ... Stóri-Skjólgarður er fyrr nefndur, uppi á hæð, hlaðinn í kross og er norðvestur af Löngubrekkum." segir í örnefnaskrá. Skjólgarður er á hæð sem er um 120 m sunnan við Reykjanesbraut og um 3,7-3,8 km vestan við afleggjarann að Grindavík. Tóftin sést frá Reykjanesbraut. Hún er um 300 m vestan við þar sem 1,5 m háir steyptir stöplar eru sitt hvoru megin Reykjanesbrautar (en þar liggur fremur ógreinilegur slóði til suðurs frá brautinni).

Hleðslurnar eru á hæð sem er greinileg frá Reykjanesbraut. Þær eru á



Skjólgarður (GK-117:042) horft til suðurs

grýttu holti sem er þó gróið mosa og grasi. "Stóri-Skjólgarður, grjóthlaðinn krossgarður rétt sunnan Suðurnesjavegar, suð-austur frá Innri-Njarðvík. ... Garðinn hlóð Helgi Jónsson sterki er var húsmaður Þorkels lögréttumanns Jónssonar." Skjólgarðurinn er hlaðinn í kross og er úr stórgrýti. Hann er 15-16 m á hvorn veg. Á 2 stöðum hefur síðar, að því er virðist, verið hlaðið út frá honum eða hann hrunið. Um 3 m suðaustan við syðsta arminn er steyptur stöpull sem er 1,5 m á hæð.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Innri-Njarðvíkur, 4-5; Fornleifaskrá, 13

GK-117:060 herminjar 63°58.291N 22°30.487V
Herminjar voru á hæð um 280-290 m norðan við Reykjanesbraut og beint norðan við GO-kart braut. Hæðin er um 120 m austan við Njarðvíkurveg. Hóllinn er nú nokkuð raskaður og gróður-lítill. Á honum og við hann voru braggar byggðir á hernámsárunum en öllum ummerkjum um þær leifar hefur verið rutt út. Hóllinn er nú fremur berangurslegur. Sunnan í hólnum má sjá óljósar byggingaleifar en á honum sjálfum sjást engar leifar.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

GK-123 Stóru Vogar

Jarðadýrleiki óviss 1703. Snorrastaðir, forn eyðijörð lögð undir jörðina. 1367: Máldagi kirkjunnar í Kvíguvogm. DI III, 221; 1533: Erlendur lögmaður sló prest til blóðs í hálfkirkjui í Vogum. DI IX, 660. Hjáleigur 1703: Eyrarkot, Gata og Syðsta hjáleiga í byggð, í eyði voru Tjarnarkot, Valgarðshjáleiga, Garðhús, Móakot, Halakot og Krunakot. JÁM III, 119-121. Hjáleigur í byggð 1847 Eyrarkot, Tumakot, Suðurkot og Tjarnarkot. JJ, 90 Í örnefnaskrá Gísla Sigurðssonar segir að upprunalega nafnið á bænum sé Kvíguvogar. Ö-Vogar, 7
1703: "Túnin líða skaða af sands og sjágarágángi, og gjörist að því ár frá ári meir og meir. Engjar eru öngvar. Úthagarnir litlir sumar og vetur." JÁM III, 119 1919: Tún 2,3 teigar, garðar 1220m2.

GK-123:024 *Þrívörður* varða 63°58.364N 22°20.687V
"Austur og upp af Kolbeinsskor eru Þrívörður og þar hærra vörður, sem heita Strákar ..." segir í örnefnaskrá. Þrívörður eru þrjár vörður sunnan við Línuveginn. Syðsta varðan er um 100 m norðan við Stráka (025) og um 720 m sunnan við Reykjanesbraut, en nyrsta varðan er 620 m frá henni. Klappir, grýtt svæði og mosaflákar.
Vörðurnar standa allar á lágum klettahæðum og eru 0,4-0,7 m á hæð.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Vogar, 5

GK-123:025 *Strákar* varða 63°58.333N 22°20.587V
"Austur og upp af Kolbeinsskor eru Þrívörður og þar hærra vörður, sem heita Strákar ..." "Þá koma Strákar eða Strákavörður sem eru þrjár og greinast í Austurvörðu, Miðvörðu og Syðstuvörðu." segir í örnefnaskrá "Fyrir ofan Þórusel [065] göngum við fram á þrjár lítilfjörlegar vörður sem heita Strákar eða Strákavörður og liggja þær þvert á Hrafnsgjárbarminn með nokkurra metra millibili. Stendur sú efsta svo til á gjárbarminum. Sumir telja að sú Strákavarða heiti Leifur Þórður [051] og að þar sé kominn landamerkjavarðan milli Voga og Brunnastaða, sem sögð er standa á Hrafnagjárbarmi." Strákar eru um 250 m sunnan við Línuveginn og um 720 m sunnan við Reykjanesbraut, á barmi Hrafnagjár. Aðeins eru 2 vörður af þremur mjög greinilegar. Vörðurnar standa á barmi Hrafnsgjár rétt vestan við Kúastíg þar sem hann fer niður í Hrafnsgjá. Þær standa á lágri klöpp en eru hrundar.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Vogar, 5, 14

GK-123:065 *Þórusel* örnefni sel 63°58.483N 22°21.393V
"Suðaustur frá þessari fjárborg er svæði, sem nefnist Þórusel, þar eru Kúadalur og Kúastígur." segir í örnefnaskrá "Nokkurn spöl vestan við Viðaukahólana fyrrnefndu sjáum við nokkuð slétt svæði sem áður fyrr hefur verið grasi vaxið en er nú sundurskorið af stórum moldarflögum. Svæðið er rétt ofan við vegamótin niður í Voga og gæti heitið Þórusel." "Nafnið Þórusel kannast flestir eldri menn við en erfitt er að staðsetja það eftir heimildum. Vogamenn segja umrætt svæði neðan Reykjanesbrautar og rétt austan Vogaafleggjara heita Þórusel eins og fyrr er getið. Vísa er að Þóru nafnið er úr Vogum því gamlar sagnir eru til um Þórusker við Voga en á því átti að standa höfuðból með "átján hurðir á hjörum". Engar rústir eru sjáanlegar á fyrrnefndu svæði þó grannt sé leitað. Ólíklega hefur verið selstaða svo nærri byggð."

Eins og sést af ofangreindum frásögnum ber mönnum ekki saman um hvar Þórusel hafi verið. "Vogamenn" segja það norðan Reykjanesbrautar og austan Vogaafleggjara. Þar er gróið hraun og enginn staður sérstaklega vænlegur fyrir sel, eins og umhverfið er nú. Beint sunnan gatnamóta Reykjanesbrautar og Vogaafleggjara er grasi gróinn blettur sem að nokkru hefur verið raskað. Er þetta sá staður sem margir telja að selið hafi verið. Engar leifar um selið er nú að sjá á þessum stað en þar er mjög grösugt og þýft. Svæðið er um 30 m sunnan (ofan) við Reykjanesbraut og kemur til með að hverfa undir mislæg gatnamót. Gróinn grasblettur upp af Reykjanesbraut. Umhverfis eru mosavaxin hraun.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Vogar, 14; SG: Örnefni og gönguleiðir, 59

GK-123:066 *Kúastígur* heimild um leið 63°58.336N 22°20.543V
"Suðaustur frá þessari fjárborg er svæði, sem nefnist Þórusel, þar eru Kúadalur og Kúastígur." segir í örnefnaskrá "Besta niðurgangan í Hrafnsgjá á þessum slóðum er um Kúastíg ofan Vogaafleggjarans en við efstu Strákavörðuna liggur stígurinn niður í gjána." Hrafnagjá er um 700-800 m sunnan við Reykjanesbraut og sést slóðinn rétt norðan við gjána, ofan í hana og áfram til suðurs. Slóðinn er ofan í hraunið og sést á spotta við og sunnan Hrafnagjár, slóðinn er ekki greinanlegur við Reykjanesbraut.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Vogar, 14; SG: Örnefni og gönguleiðir, 61

GK-123:086 *Dailey Camp* heimild um herminjar 63°57.959N 22°23.952V
"Uppi á Stapahorninu, á milli Gamla-Keflavíkurvegarins og Reykjanesbrautarinnar, er slétt svæði en á því var reist herskálahverfi árið 1942 sem kallað var "Daily-camp". Þar var sjúkrahús með fullkomnum skurðstofum og sjúkrarými fyrir 250 sjúklinga og var eina starfandi hersjúkrahúsið hér á landi í stríðslok. "Daily Camp" brann til kaldra kola í óveðri í apríl árið 1946." Daily Camp var á sléttu svæði norðan Reykjanesbrautar og að Kálgarðshjalla. Á þessum slóðum liggur nú vegarslóði upp að Grímsfjalli. Á þessum stað er mikið sléttlendi. Svæðið er vaxið mosa og grasi. Vestan slóðans er sérstaklega slétt. Ekki eru ummerki hverfisins greinileg.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: SG: Örnefni og gönguleiðir, 44

GK-123:087 *Stúlka* varða
"Aðrir segja Tyrkjavörður [sjá 019] vera ofan við Reykjanesbraut og skammt vestar. Þar eru tvær stórar vörður og önnur þeirra kölluð Stúlkuvarða og er sú með fangamarki og ártalinu 1777."
Heimildir: SG: Örnefni og gönguleiðir, 46

GK-123:100 varða 63°58.250N 22°22.026V
Um 100 m norðan við Reykjanesbraut og um 1,7 km austan við afleggjara að Snorrastaðatjörnum og Háabjalla er varða. Hún stendur á hæð og er mjög myndarleg en nokkurn spöl suðvestan við hana er önnur minni. Vörðurnar standa á klettahæðum. Stærri varðan er ferhyrnd og um 1 m á hvern veg en 1,4 m á hæð. Hin varðan er mun minni og hruninn. Þetta er stærsta varðan í námunda við Reykjanesbraut. Stúlkuvarða er sögð við brautina á þessum slóðum en þetta er ekki sú varða þar sem fangamarkið 1777 á að vera krotað inn í Stúlkuvörðu (087).
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

GK-130 Brunnastaðir

Jarðadýrleiki óviss 1703, konungseign. 1703: Hjáleigur í byggð 1703 Halakot, Brunnastaðakot, Stöðlakot, Tangabúð, Skjaldarkot. Í eyði Traðakot, Vesturhús, Naustakot, Austurhús og Suðurhús. Hjáleigur í byggð 1847: Halakot, Suðurkot, Austurkot, Naustakot, Skjaldakot og Traðarkot. JJ, 90
1703: "Tún jarðarinnar spllast af sjáfar og sands ágángi meir og meir. Engjar eru öngvar. Útihagarnir um sumur í lakasta máta, um vetur nær enginn nema fjaran." JÁM III, 125. 1919:. Tún alls 5,9 teigar, garðar 2300m2.

GK-130:077 *Nyrðri-Fögrubrekkuvarða* varða 63°59.115N 22°19.884V
Um 400-500 m norðan við Reykjanesbraut, í næstum beina stefnu frá Kánabyrgi (079) er mjög greinileg varða um 250 m norðan við girðingu sem á þessum slóðum girðir af heiðina norðan við Reykjanesbraut. Beggja vegna hæðarinnar eru grýttir dalir en hæðin er mynduð úr bylgjóttri klöpp sem að hluta er vaxin mosa. Varðan er um 1,5 m á hæð og

steinarnir í henni eru vaxnir mosa. Hún er um 1 m í þvermál.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Neðri hluti Strandarheiðar

GK-130:078 *Syðri-Fögrubrekkuvarða* varða 63°58.998N 22°19.859V
Um 150-200 m norðan við Reykjanesbrautina og um 220 m suðvestan við 077 er hæð og á henni nokkur steinadreif, líkt og um hrunda vörðu væri að ræða. Varðan sést ekki úr fjarlægð og er varla hægt að tala um steinahrúguna sem vörðu lengur. Ekki er annar staður líkegri fyrir Syðri-Fögrubrekkuvörðu. Umhverfis eru klappir og melar að mestu gróðurlaust en þar er þó nokkur mosagróður.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Neðri hluti Strandarheiðar

GK-130:079 *Kánabyrgi* varða áfangastaður 63°58.757N 22°19.486V
"Kánabyrgi er klapparhóll skammt frá Freygerðardal. Á honum er varða en ekkert byrgi og muna elstu menn ekki eftir slíku þar. Alltaf var áð og er enn á þessum hól, þá gengið er til smölunar úr Brunnastaðahverfi." segir í örnefnaskrá. Um 400 m sunnan við Reykjanesbraut og um 250 m austan við vegaslóða að línuvegi er hæð með hruninni vörðu, mun það vera Kánabyrgi.

Líklegt verður að teljast að þar sem vörðuleifarnar eru nú hafi áður verið byrgi og af því sé byrgis-heitið dregið. Á þessum stað má greina steinaraðir sem alveg eru huldar mosa og gróðri og eru því illgreinanlegar. Umhverfis skiptast á klappir og melar sem eru mosavaxin að nokkru leyti. Svo virðist sem þarna hafi verið kofi 2,5 X 3 m að stærð. Ekki er þó hægt að sjá nema utanmál kofans. Vestar á þessu svæði er hins vegar steinahrúga sem hlaðin hefur verið síðar. Steinahrúgan er mest 0,4 m á hæð en er hrunin.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Neðri hluti Strandarheiðar; Gunnar Ingimundarson: Örnefni í Brunnastaðahverfi, 67

GK-130:087 *Brunnastaðaselsstígur* heimild um leið 63°58752N 22°19.435V
"Þegar farið var í selin frá Brunnastaða- og Hlöðuneshverfi og eins til smölunar var farið um einstigi eða klif á Klifgjá og líklega dregur gjáin nafn sitt af því. Klifið var á gjánni í stefnu frá Kánabyrgi á Gjásel en fyrir nokkrum árum hrundi úr gjárveggnum yfir einstigið svo nú þarf að ganga yfir gjána hægra megin við það. Rétt neðan og norðan Klofsins eru þrjú greni sem kölluð eru Selstígsgrenin." "Brunnastaðaselsstígur lá frá bæ í selið og þá líklega sami stígur og lýst var sem smalaleiðinni hér á undan ..." Engin merki um stíginn sjást frá Kánabyrgi en stígurinn lá í suður (SSV) frá Kánabyrgi. Af þessum sökum telst hann í lítilli hættu vegna breikkunar Reykjanesbrautar. Á þessum slóðum er hraunið nokkuð úfið en gróið mosa.
Hættumat: engin hætta
Heimildir: SG: Örnefni og gönguleiðir, 64, 67-68

GK-137 Hlöðunes

Jarðadýrleiki óviss 1703, konungseign. Hlöðuneskot eina hjáleigan 1703. Hjáleigur í byggð 1847 Narfakot og Hlöðuneskot. JJ, 90
1703: "Túnin brýtur sjór með sandi og grjóti æ meir og meir. Engjar eru öngvar. Úthagar litlir um sumar, nær öngvir um vetur nema fjaran." JÁM III, 129 1919: Tún 3,6 teigar, garðar 1500m2.

GK-137:051 *Hlöðunesselsstígur* heimild um leið 63°58.888N 22°19.981V
"Heiman úr Hlöðuneshverfi lá Hlöðunesselsstígur upp heiðina að Hlöðuseli [sjá 017-018]." segir í örnefnaskrá. Stígurinn lá frá Hlöðunesbæ og að selinu. Ekki er vitað nákvæmlega hvar hann lá í námunda við Reykjanesbraut og ekki eru merki hans greinileg við hana. Slóðinn hefur líklegast legið í námunda við þar sem Línuvegur liggur nú frá Reykjanesbraut til suðurs. Á þessu svæði er mosavaxið hraun.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Hlöðunes, 7

GK-140 Áslákstaðir stærri (ytri)

Jarðadýrleiki óviss 1703, konungseign. Atlagerði hjáleiga 1703. Áslaksstaðakot hjáleiga 1847.
1703: Túnunum segir bóndinn að spilli tjörn, sem þar liggur innan mitt í túninu og líka nokkur önnur tjörn minni, ogso innangarðs, líka gjörir sjáfarángur nokurt mein, þó ei til stórbaga á heimajörðiunni. Engjar eru öngvar. Útihagar um sumar og vetur í lakasta máta og nær öngvir nema fjaran." JÁM III, 131. 1919: Tún alls 1,84 teigar, garðar 1020m2.

GK-140:054 heimild um samgöngubót 65°58.898N 22°19.947V
"Austur af Fögrubrekkum og rétt ofan við Áslaksstaðaklofninga sem fyrr voru nefndir var jarðfall sem hét Freygerðardalur en það er nú komið undir Reykjanesbrautina. ... Fé átti það til að koma sér í sjálfheldu í Freygerðardal og því voru hlaðnar tröppur í jarðfallið svo það kæmist upp af eigin rammleik." Freygerðardalur er nú kominn undir Reykjanesbraut en hann hefur verið vestan við Línuvegsafleggjarann en austan Fagradals. Engin ummerki sjást nú um

dalinn eða tröppurnar."Sagan segir að þar hafi stúkan Freygerður frá Hlöðuneshverfi borið barn sitt út og af því sé nafnið dregið."
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: SG: Örnefni og gönguleiðir, 41-42

GK-143 Knararnes stærra

Jarðadýrleiki óviss 1703, konungseign. 1703 eyðihjáleigan Helgahús.
1703: "Túnin fordjarfast árlega af sjáfarágángi og stöðutjörnum þeim, sem innan garðs liggja, og það so frekt, að gamlir menn minnast til þar hafi fóðrast x kýr og i griðúngur, og nú eru þau so spilt, að ekki fóðrast meir en áður er sagt. Þar með blæs upp árlega stórgrýti í túninu. Engjar eru öngvar. Útihagar nær öngvir sumar nje vetur utan fjaran." JÁM III, 135. 1919: Tún alls 3,1 teigar, garðar 1520m2.

GK-143:023 heimild um mógrafir 63°59.459N 22°17.938V
"Í Heiðinni voru nokkrar lægðir, nefndar Djúpudalir. Þar var allgóð stunga af mó." segir í örnefnaskrá. Djúpudalir eru um 150-200 m norðan við Reykjanesbraut og um 150 m norðvestan við Þyrluvörðu. Dalur er varla réttnefni á þessum stað en þar skiptast á klettabelti og dældir. Þessar dældir eru nefndar Djúpudalir. "Dalirnir" eru grónir mosa og nokkuð rakir en engin merki um mógrafir má þó sjá nú.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Knarrarnes, 3

GK-143:024 *Knarrarnesselsstígur* heimild um leið 63°59.123N 22°19.043V
"Heiman frá Knarrarneshliði lá Knarrarnesselsstígurinn upp alla Heiðina í Knarrarnessel. [002]" segir í örnefnaskrá "Rétt neðan og norðan Háhóla liggur Knarrarnesselsstígurinn yfir Hrafnagjánna en við hann þar að austanverðu stendur nokkuð áberandi strýtuhóll. Ekki er hægt að fylgja þessum selstíg með öðrum viðstöðulaust frá bæ og upp í sel því gatan er horfin að mestu leyti nema þar sem farið var yfir gjárnar." Slóðinn hefur verið um 1 km vestan við Þyrluvörðu og um 1 km austan við línuvegsafleggjarann. Ekki sjást merki um hann í námunda við Reykjanesbraut. Leiðin hefur legið um 500-600 m austan við (stærri) Fögrudalsvörðu. Á þessu svæði skiptast á hraun-, grasflekkir og bersvæði.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Knarrarnes, 4; SG: Örnefni og gönguleiðir, 72

GK-146 Auðnar

Jarðadýrleki óviss, konungseign. Hjáleigur 1703 Auðnahjáleiga í byggð, í eyði voru Lönd og Hólmsteinshús og ein nafnlaus hjálega. Auðnakot hjáleiga 1847.
1703: "Túnin spillast af sandi og grjóti sem sjór og vindur ber á, líka er þar mein að grjóti því, sem jarðfast er í túninu. Engjar eru öngvar." JÁM III, 138. 1919: Tún A og Höfða 6,5 teigar, garðar 4300m2.

GK-146:029 varða landamerki 64°00.146N 22°15.139V
"Úr Þúfuhól þessum liggja mörkin beint eftir Vörðum upp Heiðina, milli Auðnaklofsins og Breiðagerðisskjólgarðs, spölkorn fyrir neðan Syðri-Keilisbróðir (Litla-Hrút), alla leið að landi Krísuvíkur í Grundavíkurhreppi." segir í örnefnaskrá. Í Örnefni og gönguleiðir í Vatnsleysustrandarhreppi leiðir höfundur að því líkum að Auðnaklofningar séu það sama og Skrokkar. Sökum skorts á betri rökum var staðsetning hinna horfnu landamerkjavarða tekin á Skrokkum. Skrokkar er langur hólaklasi sem liggur norður-suður. Reykjanesbrautin gengur í gengum klasann um 900 m austan við Þyrluvörðu. Á þessum stað eru hæðir/hraunhryggir sem eru grýttir en vaxnir mosa og grasi um 100 m norðan við Reykjanesbraut. Hraunhryggurinn er mosagróinn mosa. Norðan Reykjanesbrautar eru nokkrir grónir toppar en engin greinileg merki um vörður sjást. Sunnan brautarinnar er á sama hrygg varða eða samtíningur úr grjóti sem sýnist nýlegur.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Auðnahverfi, 1

GK-146:046 *Markavörður* varða landamerki
"Um Markavörður liggur landamerkjalínan milli Auðnahverfis og Breiðagerðis upp Heiðina ..." segir í örnefnaskrá Sesselja Guðmundsdóttir telur helst að Markavörður hafi verið það sama og 029. Hann segir að þeir heimildamenn sem hún hafi rætt við hafi verið mjög óvisst með þessa staðsetningu og því hafi sér ekki tekist að staðsetja þetta nema helst sem 029. (SJÁ 029)
Heimildir: Ö-Auðnahverfi, 3

GK-146:050 *Auðnaselsstígur* heimild um leið 63°59.555N 18°17.201V
"Þá liggur fyrir Klofgjá og blasir við Klifgjárbarmur og rétt þar fyrir ofan er Auðnasel og Höfðasel og Breiðagerðissel. Til selja þessara lá aðeins einn stígur Auðnaselsstígur." segir í örnefnaskrá. Auðnaselsstígur lá skáhallt frá Auðnum til selsins og hefur þá vísast legið um Reykjanesbraut um 400-500 m austan við Þyrluvörðu og um 2 km vestan við þar

sem Marteinsskáli (151:051) sést frá Reykjanesbrautinni. Á þessu svæði er nokkuð gróið hraun en skrásetjari kom ekki auga á greinilegan stíg í námunda við Reykjanesbrautina.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Auðnahverfi, 4


GK-149 Þórustaðir

Jarðadýrleiki óviss 1703, konungseign. Hjáleigur 1703 Norðurkot og Suðurhjáleiga í eyði. Norðurkot hjáleiga 1847
1703: "Túnin spillast af sjáfarágangi og föstu grjóti, sem árlega blæs upp. Engjar eru öngvar. útihagar í lakasta máta um sumar, nær öngvir um vetur." JÁM III, 141. 1919: Tún 4,8 teigar alls, garðar 2480m2.

GK-149:033 *Kolgrafarhóll* örnefni kolagröf 63°59.766N 22°15.146V
"Kolgrafarhóll. Ég held að það eigi að heita Kolgrafarholt. Þetta er grjótholt, dálítið stórt, með nokkuð djúpri skál í suðurendanum." segir í svörum við spurningum Örnefnastofnunar. Þar hafa verið byggð fjárhús. "Til landsuðurs frá Lynghól [útsuður frá 049] og rétt ofan við veginn er stórt klapparholt, er Kolgrafarholt nefnist, dregur það nafn af tveim grasigrónum bollum, er ofan í það eru og kallast Kolagrafir. Þær eru miklu stærri en kolagrafir eru vanalega, en lögun sú sama." Kolagrafarholt er um 350 m suður af Reykjanesbraut. Ef keyrt er eftir brautinni til vesturs er farið um 1,3 km lengra til vesturs á heldur en veðurathugunarkassi sem er við brautina. Vestast á holtinu er hálfhrunin varða.
Hóllinn er gróinn klettahóll með nokkrum dældum. Þessar dældir eru mest áberandi sunnan í hólnum en einnig má greina einhvers konar dældir austan í honum. Dældir þessar eru alltof stórar til að vera kolagrafir, lögunin minnir þó á kolagrafir og er nafnið sjálfsagt þaðan komið. Ekkert skóglendi er á þessum slóðum.
Heimildir: Ö-Þórustaðir svör við sp, 2; Ö-Þórustaðir AG og Ö-Kálfastrandarhverfi, 15

GK-149:034 fjárhústóft 63°59.768N 22°15.171V
"... skammt ofan hennar er Kolgrafarhóll, svo er Sýrholt; þess má geta, að bóndinn þar byggði fjárhús í Kolgrafarholti." segir í örnefnaskrá. Fjárhúsin eru í Kolagrafarholti sem er um 350 m sunnan við Reykjanesbraut og 1,3 km vestar við Reykjanesbrautina heldur en veðurathugunarkassi við brautina. Á hólnum er hálfhrunin varða.

Kolagrafarholt er klettaholt og sú syðsta og stærsta af þremur hæðum. Hóllinn er myndaður af klettum en er gróinn mosa og grasi. Í honum eru nokkrar dældir.
Hleðslurnar eru í einskonar dæld austan í hólnum og eru byggðar í náttúrulegu aðhaldi. Virðist sem um aðhald og fjárhúskofa sé að ræða. Umhverfis er klettaveggur en inn í hann er hlaðinn grjótveggur til að styrkja aðhaldið (meira en 18 m langur en á milli eru klettar). Í miðju aðhaldinu er svo kofi sem er um 8 X 4 m að stærð og er hann einfaldur úr grjóti.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Þórustaðir AG



GK-151 Kálfatjörn

1703: Jarðadýrleki óviss. Kirkjustaður. Hjáleigur 1703: Naustakot, Móakot, Fjósakot og Borgarkot í byggð, í eyði voru Hólakot, Hátún og Árnahús. Hjáleigur 1847: Naustakot, Móakot, Hátún og Fjósakot. JJ, 91.
1703: "Túnin spillast af sjáfarágágni, og þó enn meir af vatnarásum, sem uppá bera leir til skemda. Engjar eru öngvar. Úthagar lakir um sumar, nær öngvir um vetur nema fjaran." JÁM III, 143. 1919: Tún 7 teigar, garðar 1180m2.

GK-151:051 *Marteinsskáli* varða 64°00.207N 22°24.857V
"Suðaustur frá Þorsteinsskála, ekki alllangt frá steypta veginum, er vörðubrot á hól; þar heitir Marteinsskáli." segir í örnefnaskrá. 600-700 m frá Þorsteinsskála og um 1 km m vestan við Stærri-Hrafnhól sést vörðubrotið á Marteinsskála vel. Það er 200-300 m norðan við Reykjanesbraut. Varðan stendur á lágri klöpp. Umhverfis skiptast á lágar klappir, grýtt moldarflög og mosa- og lynggróður. Varðan er hálfhrunin. Hún er ferhyrnd og 0,75 m á hvern veg og um 0,6 m á hæð.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Kálfatjarnarhverfi, 15; SG: Örnefni og gönguleiðir, 28

GK-157 Flekkuvík

1703: Jarðadýrleiki óviss, Kálfatjarnarkirkjueign. 1703 eru hjálegur Sigurðarhjáleiga, Blíðheimur, Péturkot, Refshali og Úlfuhjáleiga. JÁM III, 148-149. Jörðin í eyði frá 1959. Vesturbær í eyði frá 1935, austurbær til 1959. GJ: Mannlíf og mannvirki, 343-347.
1703: "Túnunum spillir sjáfarágángur merkilega, iteml vatnsrásir með leirágángi af vatni af landi ofan til stórskaða. Engjar eru öngvar. Útihagar lakir um sumar og enn þó minni um vetur." JÁM III, 147. 1919: Tún alls 4,7 teigar, garðar 2170m2.

GK-157:050 *Flekkuvíkurselsstígur* heimild um leið 64°40.130N 22°14.049V
"Flekkuvíkurselsstígur lá úr Traðarhliði og upp Heiðarlandið, sem var óskipt milli Bæjanna." segir í örnefnaskrá. Ekki er til nánari lýsing á legu stígsins en vísast hefur hann legið um/við Flekkuvíkurheiði og svo áleiðis í átt að Flekkuvíkurseli. Líklegt er að stígurinn hafi þá legið við Reykjanesbraut í námunda við Stóra-Hrafnshól. Ekki sést neinn fornlegur slóði í námunda við Reykjanesbrautina á þessum stað.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Flekkuvík, 6-7

GK-159 Vatnsleysa stærri

1703: Jarðadýrleiki óviss, konungseign. Hjáleigur 1703, í byggð Vatnsleysukot og tvær nafnlausar hjáleikur auk einnar nafnlausrar eyðihjáleigu. Eyðibýlið Akurgerði lagt undir Vatnsleysu á 16. - 17. öld. Heiðarland Vatnsleysubæja er víðaláttumikið, nær frá sjó til fjalla. Vesturbærinn í eyði og lagðist undir Austurbæinn og var rifinn um 1940. GJ: Mannlíf og mannvirki, 351
1703: "Túnum spillir nokkurn part vatnságángur f landi ofan og jarðfast grjót sem árlega blæs upp í túninu. Engjar eru öngvar. Úthagar lítilfjörlegir vetur og sumar." JÁM III, 153. 1919: Tún alls 7,3 ha, garðar 3800m2.

GK-159:018 *Akurgerði* bæjarstæði býli 64°00.812N 22°11.077V
1703: "Akurgierde hefur til forna jörð verið næst Vatnsleysu fyrir innan, hefur í eyði legið lángt fram yfir hundrað ár, vita menn hverki dýrleika hennar nje afgjald hvað verið hafi, og eru landsnytjar allar lángt fyrir þeirra minni, sem nú lifa, lagðar til Stóru-Vatnsleysu, og þaðan brúkaðar frí. Túnin, sem verið hafa, eru af hrauni, vatnságángi og sjáfar aldeiliss eyðilögð, þar sem skortir þar vatn, so jörðin kann ómöglega aftur byggjast." "Upp af víkinni [Kúagerðisvík] vestanverðri eru grónir bakkar, sem ná upp að þjóðvegi og að hraunjaðrinum. Heita þeir Akurgerðisbakkar. Sagt er, að einu sinni væri búið þar, og hét þar Akurgerði." segir í örnefnaskrá ÞJ. "Austur af því taka við flatir og má sjá Garðlag gamalt og mun vera garður vestan við býli, sem talið er að hér hafi verið og nefnst Akurgerði." segir í örnefnaskrá.

Akurgerði var á svæði sem nú er afmarkað af fjörunni, Strandarvegi og vegarslóða sem liggur samsíða Reykjanesbraut, norðan hennar við Kúagerðisvík. Svæðið er tæpa 100 m norðan við Reykjanesbraut. Syðst á þessu svæði er grasi gróið og nokkuð hæðótt en ekki eru tóftir eða önnur mannvirki greinileg
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: JÁM III, 154-155; Ö-Stóra- og Minni-Vatnsleysa, 12; Ö-Vatnsleysa, 7


GK-159:042 *Vatnaborg* heimild um vatnsból 64°00.512N 22°11.797V
"Upp af [Stekkhól 041] nokkuð fyrir ofan gamla þjóðveginn er hóll, sem heitir Grænhóll. Suður af honum er annar minni, sem heitir Efri-Grænhóll. Skammt þar fyrir ofan er slakki eða lægð. Þar á smábletti kemur upp vatn, og myndast þar oft vatnsból. Heitir það Vatnaborg og er rétt ofan steypta vegarins." segir í örnefnaskrá. Um 150 m ofan Reykjanesbrautar (sunnan) og um 170 m austan við Vatnsborgina sjálfa (081) er vatnsbólið. Svo er að sjá á gróðri á þessum slóðum að vatnsbólið hafi verið stórt áður eða um 20 m í þvermál. Nú er hins vegar aðeins rakur mosagróður á þessu svæði nema á um 2 X 0,8 m svæði þar sem enn er vatn.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Stóra- og Minni-Vatnsleysa, 11; SG: Örnefni og gönguleiðir, 80

GK-159:043 *Kúagerði* heimild um áfangastað 64°00.863N 22°10.788V
"Upp af víkurbotninum [Kúagerðisvíkur] er nokkuð stór kvos inn í hraunið. Heitir það Kúagerði, forn áningarstaður, þar sem var dálítil tjörn, Kúagerðistjörn ... Þegar lagður var hinn nýi, steypti vestur suður með sjónum, varð auðvitað að fara með hann yfir tjörnina, þrátt fyrir mótmæli, og eyðileggja þannig þennan forna og skemmtilega áningarstað, svo að hans sér naumast stað lengur." segir í örnefnaskrá. Leifar af Kúagerðistjörn sjást enn beggja vegna Reykjanesbrautar. Tjörnin var þó að mestu skemmd þegar Reykjanesbrautin var lögð og er svæðið beggja vegna hennar mjög raskað. Við Reykjanesbraut er skilti sem vísar til suðurs á staðinn. Í hrauninu beggja vegna Reykjanesbrautar eru vatnsstæði en svæðinu hefur verið raskað vegna vegagerðar og efnistöku. Engar tóftir eru greinilegar.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Stóra- og Minni-Vatnsleysa, 12


GK-159:075 *Kúagerðistroðningar* gata leið 64°00.837N 22°10.715V

"Upp frá Kúagerði liggja troðningar með Hraunbrúninni mætti nefna þá Kúagerðistroðninga því um þá var rekinn búsmalinn ofan úr Flekkuvíkurseli og jafnvel Rauðhólaseli." segir í örnefnaskrá. Um 70-80 m ofan við Kúagerði (043) tekur hraunbrúnin við. Þar er nú greinilegur slóði en ekki sýnist hann mjög fornlegur. Umhverfis eru hraun sem mikið hefur verið raskað. Það er nokkuð úfið en mosagróið. Stígurinn liggur meðfram hrauninu til vesturs og beygir meðfram hraunjaðrinum til suðurs.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Vatnsleysa, 7

GK-159:081 *Vatnsbergsstekkur* hleðsla stekkur 64°20.434N 22°11.911V



Vatnsbergstekkur (GK-159:081) horft til norðurs



"Sunnar [en Grænhólar] er Vatnsstæðið, Vatnsberg. Þar er Vatnsbergsrétt, en fyrrum var þarna Vatnsbergsstekkur." segir í örnefnaskrá. "Upp af honum [041] nokkuð fyrir ofan gamla þjóðveginn er hóll, sem heitir Grænhóll. Suður af honum er annar minni, sem heitir Efri-Grænhóll. Skammt þar fyrir ofan er slakki eða lægð. Þar á smábletti kemur upp vatn, og myndast þar oft vatnsból. Heitir það Vatnaborg og er rétt ofan steypta vegarins." segir í örnefnaskrá "Sunnan við vatnsstæðið er lágur hóll með miklu grjóti og veggjabrotum og þar hefur verið stór fjárborg fyrrum, Vatnsborgin." Um 185-195 m sunnan við Reykjanesbraut og um 600-700 m vestan við Höskuldsvallaveg eru leifar Vatnsbergsstekks.

Hóllinn sem borgin stendur á er nokkuð hár. Hann er gróinn mosa og grasi. Umhverfis er þýft, mosa og lyngivaxið svæði með hraunhæðum inn á milli. "Borgin var hringlaga 10-12 m í þvermál og innan í grjóthringnum eru hleðslur. Líklega hefur verið þar stekkur eftir að Borgin sjálf lagðist af enda geta heimildir um Vatnsbergrétt og Vatnsbergsstekk ..." Fjárborgin er hlaðin úr allstóru grjóti. Hún er hlaðin í hring og er 10 m á annan veginn en 12 m á hinn. Á vesturvegg er op og frá því gengur hleðsla sem skiptir borginni í tvennt. Út frá þessari hleðslu eru svo hlaðin 3 hólf. Borgin er um 0,3 m á hæð og er hringhleðslan mjög gróin og hrunin. Hleðslurnar sem eru inn í borginni eru nýlegri og ekki eins hrundar.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Vatnsleysa, 8; Ö-Stóra- og Minni-Vatnsleysa, 11; SG: Örnefni og gönguleiðir, 80

GK-159:089 varða 64°00.331N 22°12.237V
"Vestur af Vatnaborg [081] í svipaðri fjarlægð frá brautinni og vatnsstæðið stendur Efri-Grænhóll eða Litli-grænhóll og á honum er breið, grasi gróin vörðuþúst." Um 320-330 m vestan við Vatnaborgina (042) og í um 200 m fjarlægð frá Reykjanesbraut er Efri-Grænhóll eða Litli-Grænhóll. Efst á Litla-Grænhól eru nokkrir grjóthnullungar sem eru grónir mosa og grasi og eru því illgreinanlegir. Umhverfis er þýft svæði, vaxið mosa, grasi og lyngi. Inn á milli eru hraunhæðir. Ekki er hægt að tala um vörðu á þessum stað lengur.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: SG: Örnefni og gönguleiðir, 81


GK-159:092 bæjarstæði býli 64°00.900N 22°10.865V
"Í Kúagerði fyrir sunnan Hvassahraun, má sjá vott þess, að þar hafi bæri verið fyrir löngu." segir Brynjúlfur Jónsson í grein árið 1902 "Sér þar til rústa innan til við sjávarkambinn, og nokkru vestar sést langur partur af niður sokknum

grjótgarði og hverfur norðurendi hans í sjávarkambinn. Hefur sjórinn gengið þar á landið og brotið það upp. Þess skal getið að þetta stendur í engu samandi við rúst kot þessa, sem fyrir nokkrum áratugum var byggt í Kúagerði. Þar er hraunsnef á milli og þessarar rústa." segir Brynjúlfur ennfremur. Ekki sjást greinilegar garðleifar á þessum slóðum. Fast sunnan við Reykjanesbraut og vestan við Kúagerðistjörn er hæð sem hugsanlega gæti verið leifar að garðlagi því sem rætt er um að ofan. Eins líklegt er að hæðin sé náttúruleg.
Garðurinn er grasi gróinn en í kring er gróið hraun. Hæðin liggur á um 50 m bili frá Reykjanesbraut til slóðans sem liggur samsíða brautinni að norðan. Norðan við slóðann sést svo í framhald sömu hæðar á um 15 m parti að fjörukambi.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: BJ: ""Rannsóknir í Gullbringusýslu..." Árbók 1903, 35

GK-159:093 hleðsla skjólgarður 64°01.129N 22°10.089V




Um 50 m norðan við vegarslóðann sem liggur samsíða Reykjanesbraut að norðan og um 60-90 m norðan við Reykjanesbraut er hleðsla á hól. Tóftin er um 200 m vestan við stóran, steyptan grunn, norðan Reykjanesbrautar. Hleðslan er nálægt því að vera á merkjum við Hvassahraun. Tóftin stendur á grasi vöxnum hraunhól. Hún er sporöskjulaga og liggur í



Skjólgarður (GK-159:093) horft til suðausturs

hálfhring. Engin hleðsla er fyrir suðurhlið. Tóftin er um 9 m í þvermál. Hún er alveg hlaðin úr grjóti og er 1,4 m á hæð en um 1 m á breidd. Helst er á að giska að þetta mannvirki hafi verið einhvers konar skjólgarður.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

GK-159:094 hleðsla óþekkt 64°00.859N 22°11.321V



Um 140 m austan við Strandarveg og um 250 m norðan við Reykjanesbraut er hleðsla sem sést frá Strandarvegi.
Hleðslan er á svæði þar sem skiptast á mosaflákar og ber jörð. Umhverfis tóftina er nokkur flagmói nema að vestan þar sem gróður er meiri. Ekki eru þó merki um að stærri tóft hafi verið þarna áður. Hleðslan er um 1,5-1,7 m á lengd en um 1 m á breidd. Hún er 0,3-0,4 m á hæð. Hún endar mjög snögglega til beggja enda.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

GK-159:095 hleðsla óþekkt 64°00.784N 22°11.042V
Um 80 m norðan við Reykjanesbraut er hleðsla í vegarslóða sem liggur samsíða Reykjanesbraut að norðan og tengist síðar Strandarvegi. Hleðslan er greinileg í vegaslóðanum. Ekkert er hægt að segja um gerð, umfang eða útlit þeirra hleðslna sem þarna glyttir í. Helst er að sjá að hleðslan hafi verið einföld og hana má sjá á köflum á um 100 m spotta. Hleðslan liggur skáhalt yfir veginn sem þar er nú og hún fjarar út skömmu áður en vegarslóðinn tengist Strandarvegi. Vel getur verið að um einhvers konar vegagerð hafi verið að ræða.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

GK-160 Hvassahraun

1703: Jaðradýrleiki óviss, konungseign. Hjáleigur í byggð 1703, Þóroddskot og tvær nafnlausar. Hvassahraunskot hjáleiga 1847. JJ, 91

1703: "Engjar eru öngvar. Úthagar, sem áður voru sæmilegir, gánga mjög til þurðar, því hríssrifið eyðist." JÁM III, 156.


GK-160:001 *Hvassahraun* bæjarhóll bústaður 64°01.299N 22°08.584V
"Hvassahraunsbær stóð á klapparrana. Þar var oftast í fyrri daga tvíbýli, Austurbær og Vesturbær." segir í örnefnaskrá. Nú stendur bárujárnsklædd timburbygging þar sem gamli bærinn (001) var áður. Guðmundur Sigurðsson man eftir eldra húsi (forsköluðu) á nákvæmlega sama stað og það hús sem nú stendur og taldi að þar hefði Vesturbærinn í Hvassahrauni staðið um langa hríð.

Húsið sem nú stendur á þessum stað er með steyptum kjallara. Það er á hæð sem virðist að mestu náttúruleg enda túnið allt í hæðum. Víða sjást hleðslur í og við bæinn. Engar leifar um torfbyggingar hafa sést á þessum stað um áratugaskeið. Hóllinn er um 200 m norðan við Reykjanesbraut.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Hvassahraun, 2

GK-160:002 heimild um hrútakofa 64°01.297N 22°08.512V
Tæpum 60 m suðaustan við Hvassahraunsbæinn (001) er merkt útihús á túnakorti frá 1919. Á þessum stað má sjá leifar lítils hrútakofa. Leifarnar sem nú má sjá eru um 15 m sunnan við 005 og 5 m suðvestan (við suðvesturhorn) útihúsasamstæðu sem stendur sunnan við Hvassahraunsbæinn. Þar eru leifar af steypu og grjót á víð og dreif. Hann er um 200 m norðan við Reykjanesbraut. Leifar síðasta kofans á þessum stað sjást enn. Þær standa á ávalri hæð sem er grasi gróin (sama hæð og bærinn í Hvassahrauni er á). Kofinn er 3 X 4,5 m að stærð.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-160:003 heimild um lambhús 64°01.305N 22°08.510V
Um 50 m suðaustan við Hvassahraunsbæ (001) var áður lambhús. Kofinn hefur verið nálega þar sem suðurjaðar útihúsasamstæðunnar sunnan við Hvassahraun er nú. Á þessum stað hefur verið steypt viðbygging en mikið af grjóti er í nágrenninu og virðist hafa verið rutt úr tóftinni. Tóftin hefur verið tæpum 200 m norðan við Reykjanesbraut. Á svipuðum stað og útihús standa nú, á sömu hæð og 001 er á.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-160:004 *Þjófagerði* hrútakofatóft 64°01.354N 22°08.504V
"Norðan við Langhól voru leynir og Þjófagerði, kriki á milli hóla. Þegar verið var að verja túnið, gátu kindur oft laumazt þangað án þess að nokkur sæi." segir í örnefnaskrá. Norðvestast við Langhól var byggður hrútakofi og sjást tóftir hans enn greinilega. Tóftin er um 130 m austan við bæ (001) og rúmum 200 m norðan við Reykjanesbraut.



Tóftin er við langan klettahól og allt umhverfis er grasi vaxið hraun í dældum og hæðum. Tóftin er einföld. Hún er 6 m á lengd en 5 m á breidd og snýr suðvestur-norðaustur. Op er norðausturvegg. Tóftin hefur verið hlaðin úr grjóti en er nú alveg gróin að utan. Hún er enn nokkuð stæðileg eða um 1,3 m á hæð. Að innan er tóftin grjóthlaðin en aðeins er byrjað að hrynja inn í hana, hún er 2 X 3 m að innanmáli.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Túnakort 1919 og Ö-Hvassahraun, 3

GK-160:005 hleðsla útihús 64°01.297N 22°08.532V
Um 40 m suðaustan við Hvassahraunsbæ (001) var hús samkvæmt túnakorti frá 1919. Grunnhleðslur hússins sjást enn fast vestan við útihúsasamstæðuna sunnan við (001) og tæpum 200 m norðan við Reykjanesbraut. Hleðslurnar sjást á grasi vaxinni hæð (þeirri sömu og bærinn stendur á). Greinilegt er hvar húsið hefur staðið og einnig innanmál þess (7 X 7 m). Norður- og austurveggir tóftarinnar eru greinilegir en hinir eru næsta ógreinilegir. Hæð hleðslna er einungis um 0,3 m. Ekki er hægt að greina op á tóftinni en svo virðist sem veggir hennar hafi verið mjög þykkir eða um 1,5 m.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-160:006 heimild um útihús 64°01.303N 22°08.552V
Um 10 m norðvestan við 005 var útihús samkvæmt túnakorti frá 1919. Húsið hefur staðið um 30 m suðaustan við bæinn (001). Á þessum stað er nú lítil hæð í hlaðinu en engar leifar af húsinu sjást. Húsið hefur verið um 200 m norðan við Reykjanesbraut.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-160:007 *Hvassahraun 2* bæjarstæði býli 64°01.311N 22°08.557V

"Í Hvassahrauni 2, sem líka var grasbýli ..." Um 30 m suðaustan við 001 er merkt hús inn á túnakort. Guðmundur Sigurðsson telur þetta (eða 008) vera það hús sem kallað var Austurbær eða Hvassahraun 2. Húsið hefur staðið um 200 m norðan við Reykjanesbraut. Húsið var nokkru suðaustar en 001 á sömu hæð. Þar er nú hlað.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: GJ: Mannlíf og mannvirki, 368


GK-160:008 heimild um útihús 64°01.308N 22°08.556V
Um 30 m suðaustan við bæ (001) er merkt hús inn á túnakort frá 1919. Það hefur staðið fast (innan við 5 m) vestan við 007. Engin ummerki sjást nú um húsið en það hefur staðið nálægt 200 m norðan Reykjanesbrautar.
Þar sem húsið hefur staðið er nú hlað. Það hefur staðið á sömu hæð og 001.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-160:009 heimild um útihús 64°01.312N 22°08.559V
Um 40 m suðaustan við bæinn (001) var, samkvæmt túnakorti frá 1919, áburðarþró með salerni. Hún hefur verið um 5 m austan við 010 og nálægt 200 m norðan við Reykjanesbraut. Á þessum stað er nú hlað og engin merki um mannvistarleifar sjást.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-160:010 heimild um útihús 64°01.314N 22°08.567V
Tæpum 25 m suðaustan við bæ (001) og tæplega 5 m austan við 011 er merkt hús inn á túnakort frá 1919. Húsið hefur nú verið jafnað við jörðu en var um 200 m neðan við Reykjanesbraut. Engin merki sjást nú um húsið en það hefur staðið í námunda við grasi vaxinn hól, Fjóshóllinn og er því ekki ólíklegt að það hafi verið fjós.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-160:011 heimild um útihús 64°01.311N 22°08.576V
Tæpum 20 m austan við 001 og fast suðvestan við 010 var tóft samkvæmt túnakorti frá 1919. Hún hefur staðið um 200 m norðan við Reykjanesbraut. Tóftin hefur verið í námunda við Fjóshól og er því mögulegt að þar hafi verið fjós. Ekki sjást ummerki um hana lengur.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-160:012 tóft útihús 64°01.299N 22°08.621V



Um 140 m sunnan við gamla bæinn sjást enn leifar útihúss sem merkt er inn á túnakort frá 1919. Útihústóftin er fast norðan við túngarðinn (sem er fremur stæðilegur á þessum slóðum) en 20 m norðan við vírgirðingu sem nú er notuð til að girða af tún. Tóftin er 50-60 m neðan við Reykjanesbraut.

Tóftin er á hæð í grasi grónu hrauni. Allt umhverfis skiptast á hæðir og dældir. Tóftin er einföld og ferhyrnd, um 6 m á breidd en 6,5 m á lengd. Hún er hlaðin úr grjóti en er alveg gróin að utan. Op er nyrst á vesturhlið tóftarinnar.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-160:013 heimild um útihús 64°01.343N 22°08.410V
Um 90 m suðvestan við fjárréttina (160:023) er merkt útihús inn á túnakort frá 1919. Engar leifar þessa húss sjást en það hefur staðið þar sem nú er fremur slétt, afgirt tún. Húsið hefur verið um 155-185 m norðan við Reykjanesbraut. Hæð er í túni á svipuðum stað og útihúsið var.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Túnakort 1919


GK-160:014 heimild um útihús 64°01.386N 22°08.463V
Um 60 m norðnorðaustur af fjárréttinni (023), sem er enn við túngarðinn, er merkt inn á túnakort útihús í hringlaga gerði. Útihúsið virðist eiga að vera um 200 norðnorðaustur af Hvassahraunsbænum. Tóftin hefur þá verið 250-300 m norðan við Reykjanesbraut.

Þar sem húsið og garðlagið eiga að hafa verið er mosavaxið hraun með klettadröngum og litlum hólum. Engin ummerki um fornleifar eru merkjanlegar á þessum slóðum og erfitt að ímynda sér að þar hafi verið útihús og gerði í kring. Utan (austan) við túngarð, en nokkru neðar er hins vegar 160:088 sem gæti hæglega verið það sama og 014 ef 014 er merkt ónákvæmlega inn á túnakortið. Þar sést hringlaga garðlag en engar leifar útihúss enda virðist garðlagið undir það síðasta hafa verið notað sem kálgarður. Guðmund Sigurðsson rámar í hús á þessum stað. Garðlagið

er tæplega 300 m norðaustur af bæ (sjá 160:088).
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-160:015 útihústóft 64°01.393N 22°02.632V
Fast aftan við 019 er sýnt annað hús í Norðurkoti sem snýr þvert á 019. Þetta hús var fast upp við 019 en þó var það ekki sambyggt samkvæmt túnakorti frá 1919. Nú hafa veggir húsanna hrunið nokkuð og því má telja þau samtengd. Tóftin er 400-450 m norðan við Reykjanesbraut. Norðurkot er á hæð og allt umhverfis er grasigróið tún, ræktað upp á hraunsvæði. Túnið er allt í hæðum og dældum. Tóftin er einföld og snýr austur-vestur og er 9 X 6 m að stærð og ekki er veggur fyrir vesturhlið. Hólfin eru grjóthlaðin en gróin að utan. Mikið grjót hefur fallið inn í tóftina. Hleðslur hennar eru um 1,5 m á hæð (sjá teikningu við 160:019).
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Túnakort 1919


GK-160:016 útihústóft 64°01.406N 22°08.627V
Í Norðurkoti var útihús um 20-30 m norðnorðaustan við sjálfa bæjartóftina (019). Tóftin er um 5 m innan (vestan) við túngarð og stendur á grasi grónum hól. Hún er tæpa 200 m norðan við bæ (001) en tæpum 400 m neðan við Reykjanesbraut. Tóftin stendur á grasi grónum hraunhól en túnið umhverfis er í lautum og hæðum.
Hún er enn mjög stæðileg. Hún er um 12 m á lengd en um 6,5 m á breidd og einföld. Op er á miðjum vesturvegg. Tóftin er hlaðinn úr grjóti en er vel gróinn að utan. Að innan eru veggir byrjaðir að hrynja ofan í tóftina þannig að innanmál hennar er einungis um 9 X 2 m. Veggir tóftarinnar hafa verið mjög þykkir (1,5 m) en það sést á innganginum.



Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-160:017 heimild um útihús 64°01.358N 22°08.719V
Fast norðvestan við Niðurkots-tóftina (020) var útihús samkvæmt túnakorti frá 1919. Tóftin hefur staðið 300-350 m norðan við Reykjanesbraut. Þar sem húsið stóð er grasi vaxið hraunlendi en engin merki um tóftina sjást.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Túnakort 1919


GK-160:018 útihústóft 64°01.392N 22°08.700V
Tæpa 200 m norðnorðvestur af Hvassahraunsbæ (001) er útihús merkt inn á túnakort frá 1919. Óljósar leifar sjást enn af útihúsinu sem er um 55 m vestan við Norðurkot (019) og 55 m norðaustan við Niðurkot (020). Túngarðurinn liggur við tóftina en rof er í garðinn þar sem tóftin er. Tóftin er rúmum 400 m neðan við Reykjanesbraut. Grasi vaxið hraun. Mikið um hæðir og dældir.



Tóftin er einföld. Hún er 4 m á lengd en 3 m á breidd. Enginn austurveggur er á tóftinni. Í vesturvegg innanverðum má sjá greinilega grjóthleðslu en annars staðar er tóftin gróin og um 0,3 m á hæð.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Túnakort 1919


GK-160:019 *Norðurkot* býlistóft 64°01.386N 22°08.632V
"Á hægri hönd við Sjávargötuna voru ýmis kot, einu nafni nefnd Hvassahraunskotin. Þar var Suðurkot og Suðurkotsgerði. Norðurkot með Norðurkotsgerði ..." segir í örnefnaskrá. Um 185-195 m norðan við Hvassahraunsbæinn var Norðurkot og sjást merki þess enn greinilega. Norðurkot er um 80-90 m norðaustan við Niðurkot og útihúsið norðaustan við kotið er um 5 m innan við túngarð. Tóftin er tæpum 400 m neðan við Reykjanesbraut. Norðurkot er á hæð og allt umhverfis er grasigróið tún, ræktað upp á hrauni. Túnið er allt í hæðum og dældum.

Tóftin snýr norðaustursuðvestur. Fast aftan austan við hana er önnur tóft sem snýr þvert á hana og eru þær nú




samgrónar (sjá 160:015) . Tóftin er 12,5 X 8 m að stærð. Enginn suðvesturveggur er á tóftinni. Hólfið er grjóthlaðið en gróið að utan. Mikið grjót hefur fallið inn í það. Norðvestan við bæinn er djúp dæld og hlaðið umhverfis hana. Suðvestan við bæinn má sjá óljósar leifar garðlags sem girt hefur af ræktaðan blett. Suðaustan við bæinn eru einnig nokkrar hleðslur garðlags sem girt hefur af tún.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Hvassahraun, 3-4

GK-160:020 *Niðurkot* býlistóft 64°01.358N 22°08.713V



"Á hægri hönd við Sjávargötuna voru ýmis kot, einu nafni nefnd Hvassahraunskotin. Þar var Suðurkot og Suðurkotsgerði. Norðurkot með Norðurkotsgerði, þá var Niðurkot og Niðurkotstún ..." segir í örnefnaskrá. Rúma 120 m norðvestan við bæ (001) sjást enn leifar Niðurkots. Kotið er um 80 m suðvestan við Norðurkot og 300-350 m neðan við Reykjanesbraut. Tóftin er á grasi gróinni hraunhæð en allt umhverfis eru dældir og hæðir.
Tóftin er einföld, um 7 m á lengd en 6 m á breidd. Enginn vesturveggur er fyrir tóftinni. Hún hefur verið hlaðin úr grjóti en er alveg gróin að utan. Hæð hleðslna er 1,3 m.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Hvassahraun, 3-4


GK-160:021 *Þorvaldskot* býlistóft 64°01.439N 22°08.770V



"Á hægri hönd við Sjávargötuna voru ýmis kot, einu nafni nefnd Hvassahraunskotin. Þar var Suðurkot og Suðurkotsgerði. Norðurkot með Norðurkotsgerði, þá var Niðurkot og Niðurkotstún, líka Þorvaldskot og Þorvaldskotstún. Sjást þar alls staðar rústir." segir í örnefnaskrá. Samkvæmt lýsingu virðist Þorvaldskot hafa verið nyrsta kotið í túni Hvassahrauns, fremur nálægt sjó. Guðmundur Sigurðsson man ekki eftir þessu heiti en taldi að lýsingin gæti helst átt við tóftir um 300 m norðvestan við bæ. Þar er hringlaga túngarður og tóft í miðjunni. Tóftin er um rúmum 500 m norðan Reykjanesbrautar. Tóftin og garðlagið umhverfis eru á grasi grónu svæði fast ofan við fjöruborðið. Svæðið samanstendur af einni einfaldri tóft sem er um 16 X 6 m að stærð og er opin til norðurs og túngarði sem liggur umhverfis hana. Tóftin er hlaðinn úr grjóti en er mjög gróinn að utan. Grjóthleðslur eru byrjaðar að falla inn í tóftina og því er hún aðeins 3 X 9 m að innanmáli. Stærð túngarðsins að innan er 35 m X 24 m. Hleðslur tóftarinnar eru mest 1,5 m á hæð en túngarðurinn er 0,3 m á hæð. Tóftin var þaklaus undir það síðasta og var notuð í tengslum við sjósókn.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Hvassahraun, 3-4

GK-160:022 *Kirkjuhóll* heimild um huldufólksbústað 64°01.388N 22°08.541V
"Kirkjuhóll er í Norðurtúni og Kirkjuhólsflöt. Hóllinn er einnig nefndur Álfahóll, því að þar messaði huldufólkið." segir í örnefnaskrá. Skáhallt (suðaustur) af Norðurkoti er aflöng klöpp eða hóll sem liggur norðvestur-suðaustur og var nefndur Kirkjuhóll. Hóllinn er um 300 m norðan Reykjanesbrautar. Gróinn aflangur hraunhóll í túni (ræktuðu upp á hraunsvæði). Klöppin er mjög löng og í suðausturenda hennar er fjárréttin.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Hvassahraun, 4


GK-160:023 réttartóft 64°01.362N 22°08.500V
Um 25 m norðaustan við Þjófagerði (004) er gömul rétt sem hlaðin er upp við túngarðinn og er merkt inn á túnakort frá 1919. Réttin er um 130-140 m norðaustan við bæinn (001) og rúmum 200 m norðan við Reykjanesbraut. Hún er byggð utan í klapparhól sem myndar vestur (norðvestur) hlið hennar. Allt umhverfis er gróið hraunlendi. Réttin samanstendur af einu hólfi. Vesturvegginn myndar klöppin og suðurvegginn myndar túngarðurinn. Aðrir veggir eru sérstaklega



hlaðnir. Tóftin er að innanmáli 12-13 m á lengd en um 6 m á breidd. Hæð hleðslna er um 1 m og breidd er svipuð. Réttin er alveg grjóthlaðin.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

GK-160:025 vegur leið 64°01.294N 22°08.591V
Heimreiðin að Hvassahraunsbænum (001) er enn á sama stað og hún var merkt inn á túnakort frá 1919. Gatan liggur vestur frá bænum og má sjá hleðslu undir veginum, nálægt bænum og um 200 m norðan við Reykjanesbraut. Vegurinn liggur yfir gróin tún. Hann er mest hlaðinn í um 0,3-0,4 m hæð. Hann er um 2,5 m á breidd.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar


GK-160:026 *Naustið* hleðsla naust 64°01.407N 22°08.983V



"Næst er svo Hvassahraunsvör eða Vörin. Hún er einnig nefnd Lendingin og Víkin stundum kölluð Lendingarvík. Upp af Vörinni var Naustið." segir í örnefnaskrá. Í fjöruborði Lendingarvíkur, er hlaðið naust og um 10 m vestan er lítil ferhyrnd tóft á hæð ofan við fjöruborðið. Naustið er nálægt því að vera um 380 m norðvestan við bæinn. Það er 10 m norðan við garðlög (028).

Naustið er 510-520 m neðan við Reykjanesbraut. Hleðslan er í fjöruborðinu en 10 m norðvestar er lítil, ferhyrnd hlaðin tóft á hæð við fjöruborðið. Í fjörunni eru hleðslur (A) upp af lendingunni sem mynda V-laga hólf. Hólfið er um 10 m á lengd en um 1 m á breidd innst en tæpir 6 m yst. Hæð hleðslna er 0,8 m og þær eru aðeins greinilegar að innan þar sem þær hafa verið hlaðnar upp í bakkana ofan fjöruborðsins. Steypt hólf (0,8 X 4 m) er í austur hliðinni en þar var grásleppa söltuð. Um 10 m vestan við hleðsluna er lítil ferhyrnd tóft á hæð við fjöruna (B). Tóftin er um 6,5 m á lengd en 4,5 m á breidd og snýr austur vestur. Op virðist hafa verið á austurvegg miðjum. Tóftin er alveg hlaðin úr grjóti og er 0,3 m á hæð.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Hvassahraun, 4

GK-160:028 garðlag 64°01.407N 22°08.985V



Um 300 m norðvestur af Hvassahraunsbæ (001) og upp af naustinu (026) eru nokkur garðlög. Garðlögin liggja í hálfhring í kring um lítil timburhús í fjöruborðinu.
Garðlögin eru um 480-490 m norðan við Reykjanesbraut.
Garðlögin liggja á grasi grónu svæði að mestu umhverfis lítinn timburkofa ofan við fjöruborðið. Garðlag liggur í hálfhring umhverfis kofann er um 65 m langt. Út frá því liggja svo þrír garðar. Til vesturs liggur einn þeirra en beygir svo eilítið til norðurs áður en hann fjarar út (um 40 m á lengd). Annað

garðlag liggur frá austurenda garðsins og til suðausturs að timburhúsinu (um 16 m að lengd) og þriðja garðlagið liggur niður úr hálfhringnum til norðvesturs (um 7 m). Garðlögin eru víðast um 1 m á breidd en 0,3 m á breidd og nokkuð hrunin.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

GK-160:033 *Látur* bæjarstæði býli 64°01.206N 22°09.589V
"Vestan Látra tók við Vesturhraun. Þar, er talið, að staðið hafi bær, sem lagðist af við hraunrennslið, nefndist Látur." segir í örnefnaskrá. Látur eru um 800 m vestan við Hvassahraun. Ekki sjást nein merki um bæjarstæði á þessum slóðum. Á svipuðum stað voru hlaðnar 3 tóftir og nokkrar vörður úr grjóti fyrir tökur á kvikmyndinni "Myrkrahöfðinginn". Látur eru um 150 m norðan við Reykjanesbraut. Þröng vík með mörgum skerjum.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Hvassahraun, 6

GK-160:034 *Markvarða* varða 64°00.977N 22°10.339V
"..., þar næst er svo Fagravík sem er norður af Afstapavörðu sem er uppi á brunann um ofan við veginn." segir í örnefnaskrá. Á öðrum stað er sama varða nefnd Markvarða eða Fögruvíkurvarða. Að sögn Guðmundar Sigurðssonar voru öll þessi nöfn notuð um sömu vörðuna sem er 80 m sunnan Reykjanesbrautar. Upp af Fögruvík er enn lítill tjörn. Suður frá austanverðri víkinni er Afstapaþúfa sem er að mestu sunnan Reykjanesbrautar. Markvarðan var upp á háhól Afstapaþúfu. Afstapaþúfa er klettahæð fast ofan Reykjanesbrautar. Hæðartoppurinn er grasi vaxinn.

Efst á Afstapaþúfu er varða sem þó virðist ekki mjög fornleg, e.t.v. hefur hún verið endurhlaðin. Varðan er um 0,6-0,7 m á hæð. Er nálægt því að vera um 1 m í þvermál.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Hvassahraun, 7 og Ö-Hvassahraun AG, 2.

GK-160:035 *Þvottagjá* örnefni þvottastaður 64°01.111N 22°09.050V
"Næst veginum er Helguhola. Þá er Þvottagjá og fjærst Ullargjá. Þar var þvegin ull." segir í örnefnaskrá. Um 20-30 m sunnan Reykjanesbrautar er Þvottagjá. Í raun er ekki um gjá að ræða heldur litla tjörn í hraunlendi. Um 5 m norðaustar er Helguhola sem er mun minni pollur. Báðar tjarnirnar sjást frá Reykjanesbraut. Tjörnin er í grónu hrauni. Engar mannvistaleifar eru nú merkjanlegar við tjörnina.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Hvassahraun, 7

GK-160:036 *Ullargjá* heimild um þvottastað 64°01.092N 22°09.100V
"Næst veginum er Helguhola. Þá er Þvottagjá og fjærst Ullargjá. Þar var þvegin ull." segir í örnefnaskrá. Um 50 m suðvestan við Þvottatjörn (035) er Ullargjá, í hvarfi frá Reykjanesbraut. Tjörnin er stærst tjarnanna þriggja og er hún í e.k. jarðsigi. Tjörnin er um 80 m sunnan Reykjanesbrautar. Tjörnin er í jarðsigi í hraunlendi en engar mannvistarleifar eru í námunda við hana.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Hvassahraun, 7

GK-160:037 *Hjallhólaskúti* hleðsla fjárskýli 64°01.237N 22°08.386V
"Hellur eru suður og upp frá Tröðunum. Lítið eitt vestar eru Hjallhólar og Hjallhólaskúti þar í. Hann var fjárbyrgi." segir í örnefnaskrá. Hjallhóll er rétt suðaustan túns en fast neðan Reykjanesbrautar. Hóllinn er 210-220 m suðaustan við bæ (001). Frá Reykjanesbrautinni er opið í hellinn greinilegt enda hellirinn innan við 20 m norðan við Reykjanesbraut. Hraunhóll með jarðsigi. Gengið er ofan í dældina að sunnan og gefur þá að líta klettaveggi sem slúta inn og mynda þannig skjól. Hellar eða skjól eru bæði á austur- og vesturvegg. Austari hellirinn er líklega sá sem notaður hefur verið sem fjárskýli. Hann er um 10 m á lengd en 4-5 m á dýpt. Hellinum lokar að hluta náttúruleg upphækkun en ofan á hana hefur að hluta verið hlaðið 5-7 m langur veggur.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Hvassahraun, 7-8

GK-160:040 *Virkið* hleðsla fjárskýli 64°01.239N 22°07.453V
"Í suðaustur frá Skyggni eru þrír miklir klapparhólar, sem heita Virkishólar. Virkishóllinn vestasti er stærstur. Mið-Virkishóllinn er minnstur, og þar austur af er Virkishóllinn austasti. Milli þeirra er hringlaga jarðfall í hraunið, tveggja metra djúpt og þrettán metra vítt. Þetta er Virkið. Þarna var hrútum hleypt til ánna um fengitímann." segir í örnefnaskrá. Virkið eru m 950 m suðaustur af Hvassfellsbænum en 330-340 m sunnan við Reykjanesbraut. Virkishólarnir eru þrír. Austasti og vestasti hóllinn standa nokkurn vegin hlið við hlið en á milli þeirra aðeins sunnar er miðhóllinn. Um 50 m sunnar (og eilítið vestar) en miðhóllinn er Virkið, sem er jarðsig.

Virkið er í grónu hraunlendi og er svæði þar sem jarðsig hefur orðið. Það er að mestu náttúrumyndun. Það er hringlaga og gengið hefur verið ofan í það að norðan. Þar, beggja vegna við innganginn, eru 6-8 m langar hleðslur í hvora átt og eru það einu mannaverkin sem sjást á þessum stað. Virkið er um 13 m í þvermál og hallast klettaveggir þess fram og mynda þannig skjól eða skúta. Norðvestarlega í Virkinu er að auki lítill skúti niður í jörðina.

Heimildir: Ö-Hvassahraun, 8

GK-160:042 *Draugadalir* örnefni draugur 64°01.490N 22°07.408V
"Norðaustur af Virkishólum eru Draugadalir." segir í örnefnaskrá. Draugadalir er nefnt hraunsvæði norðan Reykjanesbrautar og um 1 km austan við Hvassahraunsbæ. Vegarslóði liggur norðan Reykjanesbrautar í landi Hvassahrauns og liggur hann um dalina um 200-300 m vestar en þar sem hann sameinast Reykjanesbraut. Á þessum stað er hægótt hraunlendi, klettadrangar og dalir. Mjög skuggsýnt var í dölunum og telur Guðmundur Sigurðsson örnefnið þaðan komið. Ekki kannaðist hann við neinar eiginlegar draugasögur tengdar dölunum.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Hvassahraun, 8

GK-160:043 *Hvassahraunselsstígur* heimild um leið 64°01.290N 22°08.429V
"Hvassahraunselsstígur liggur frá bænum og upp í selið og er nokkuð greinilegur á köflum þó svo að við göngum ekki að honum vísum við Reykjanesbrautina." Ekki sjást greinileg merki stígsins fyrr en alllangt ofan við Reykjanesbraut. Gatan hefur legið frá bænum á svipuðum stað og tröðin (079) suðaustur frá bænum . Stígurinn lá frá Hvassahraunsbæ til suðausturs út túnið (við traðirnar). Síðan lá hann áfram til suðausturs um gróið hraunið sunnan Reykjanesbrautar og að selinu. Stígurinn er ekki greinanlegur í námunda við Reykjanesbraut.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: SG: Örnefni og gönguleiðir, 93

GK-160:057 *Markavarða* varða 64°01.627N 22°05.839V
"Þá liggur lína um Skorás með Skorásvörðu. Þar norðan er Hólbrunnur, vatnsból í klöpp, sem heitir Hólbrunnshæð. Á henni er Hólsbrunnsvarða. Þá er Taglhæð með Taglhæðarvörðu. Þá er Markavarða rétt við þjóðveginn." segir í örnefnaskrá. Austurmerki Hvassahrauns eru um 2 km austan við bæinn. Markavarða var á merkjum þar sem land hækkar ofan Reykjanesbrautar. Neðan Reykjanesbrautar má sjá girðingastaura á merkjum en ofan vegarins eru þeir að mestu horfnir. Varðan hefur verið um 150-250 m sunnan við Reykjanesbraut. Gróið hraun ofan Reykjanesbrautar. Guðmundur Sigurðsson segir að þarna hafi staðið varða sem nú er hrunin. Ekki er vitað hversu skýr vörðubrotin eru nú og ekki fundust þau við leit
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Hvassahraun, 10

GK-160:058 varða 64°01.437N 22°07.347V
"Rétt þar austan við bæ, er allhár hóll norðan við veg þar sem vegurinn liggur milli þess hóls og annarra sunnan vegar, þessi hái hóll heitir Skyggnir. Þetta er stór hraunhóll, sundursprunginn með vörðu á þaðan sést vítt um landið ..." segir í örnefnaskrá. Skyggnir er um 660-670 m austan við Hvassahraunsbæ, fast norðan við vegarslóða sem liggur samsíða Reykjanesbraut í landi Hvassahrauns en 120-140 m norðan við Reykjanesbraut.
Mjög sprunginn klapparhóll, gróinn mosa og lyngi. Varða var frá örófi alda á þessum stað. Hún var endurhlaðin á síðari hluta 20. aldar en hefur aftur hrunið. Á þeim stað sem varðan stóð er nú grjótdreif og merki Landmælinga Íslands steypt í klöppina.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Hvassahraun AG, 1

GK-160:059 gerði kálgarður 64°01.353N 22°08.740V
Um 10 m norðvestan við 020 sjást enn greinilegar leifar kálgarðs. Í garðinum stendur nú lítill kofi. Garðurinn er um 310-330 m norðan við Reykjanesbraut. Garðurinn er á grasi grónu svæði. Garðurinn er gróinn og alveg hruninn á kafla. Hann er um 45 X 38 m að stærð en rofinn og útflattur á köflum. Hann er um 1 m á breidd en 0,4 m á breidd.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

GK-160:061 brunnur vatnsból 64°01.286N 22°08.607V
"Brunnur er suður af bæ." segir í örnefnaskrá. Um 15 m suðvestan við íbúðarhúsið á Hvassahrauni er brunnurinn enn, að því er virðist óskemmdur. Brunnurinn er fast norðan við heimreiðina að Hvassahrauni og um 200 m norðan Reykjanesbrautar. Grasi vaxið svæði í námunda við bæinn. Yfir brunninn hafa verið settar bárujárnsplötur og á þær steinar og því er ekki hægt að greina stærð hans eða gerð. Svo virðist þó sem hann hafi verið grjóthlaðinn að innan og fremur stór.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Hvassahraun AG, 2

GK-160:062 heimild um brunn 64°06.256N 22°08.627V
Um 80-90 m suðvestan við bæ (001) er brunnur merktur inn á túnakort frá 1919. Brunnurinn hefur verið nálægt 120 m norðan Reykjanesbrautar. Á þessu svæði eru nú sléttuð tún. Brunnurinn sést ekki lengur en þar sem hann mun hafa verið er hringlaga hvompa um 4-5 m í þvermál og eru það líklega síðustu menjar brunnsins.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

GK-160:071 *Suðurkot* bæjarstæði býli 64°01.318N 22°08.369V
"Á hægri hönd við Sjávargötuna voru ýmis kot, einu nafni nefnd Hvassahraunskotin. Þar var Suðurkot og Suðurkotsgerði." segir í örnefnaskrá. Ekki er vitað hvar Suðurkot var. Suðaustan við Hvassahraunsbæinn (001) voru tún nefnd Suðurtún og því eðlilegt að álykta að á þeim slóðum hafi Suðurkot verið. Hins vegar ber að hafa í huga að Sjávargata er sögð liggja frá bænum (Hvassahrauni) og niður að sjó og Suðurkot er sagt austan hennar. Samkvæmt því ætti því Suðurkot að vera norðan bæjar! Ef svo hefur verið má vera að hringlaga garðlag sunnan Norðurkots (þar sem einu sinni var tóft inni í 160:088) gæti hafa kallast Suðurkot. Garðlagið sem enn sést er a.m.k. sunnar en önnur kot sem þekkt eru í túninu. Um þetta verður þó ekkert fullyrt. Grasi gróið hraunsvæði þar sem skiptast á hæðir og dældir.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Hvassahraun, 3

GK-160:072 *Hvassahraunslending* mannvirki lending 64°01.413N 22°08.967V
"Næst er svo Hvassahraunsvör eða Vörin. Hún er einnig nefnd Lendingin og Víkin stundum kölluð Lendingarvík." segir í örnefnaskrá. 1703 er heimræði og brimsöm lending. Í Bæjarvík var lending heimamanna og hefur hún vísast verið á svipuðum slóðum um aldanna rás. Enn má sjá rudda braut norðvestur af 160:026 og svo virðist sem önnur rudd braut sé í fjörunni rétt suðaustar. Brautirnar eru um 500-550 m norðan Reykjanesbrautar. Fjaran er fremur grýtt og nokkrir klettar eru þar. Á þessum stað virðist mega sjá móta fyrir 2 lendingum. Önnur liggur upp fjöruna í átt að naustum (026) þar sem bátar hafa verið geymdir en hin liggur skáhallt upp í fjöruna.
Hættumat: engin hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: JÁM III, 156 og Ö-Hvassahraun, 4

GK-160:074 bæjarstæði býli 64°01.303N 22°08.558V
Hjáleiga í byggð 1703 samkvæmt Jarðabók. Þar er getið um 4 hjáleigur og aðeins nefnt nafn einnar þeirra (Þóroddskots 076). Ekki er vitað um staðsetningu hjáleignanna en líklegt verður að teljast að a.m.k. einhverjar þeirra hafi verið á svipuðum stað og leifar þeirra býla sem enn sjást (Norðurkot, Niðurkot, Þorvaldskot).
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: JÁM III, 156

GK-160:075 bæjarstæði býli 64°01.308N 22°08.556V
Hjáleiga í byggð 1703 samkvæmt Jarðabók. Þar er getið um 4 hjáleigur og aðeins nefnt nafn einnar þeirra (Þóroddskots 076). Ekki er vitað um staðsetningu hjáleignanna en líklegt verður að teljast að a.m.k. einhverjar þeirra hafi verið á svipuðum stað og leifar þeirra býla sem enn sjást (Norðurkot, Niðurkot, Þorvaldskot).
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: JÁM III, 156-157

GK-160:076 *Þóroddskot* bæjarstæði býli 64°01.309N 22°08.554V
Hjáleiga í byggð 1703. Ekki er vitað hvar Þóroddskot hefur verið. Möguleiki er að býlið Þorvaldskot sé afbökun á nafninu og það hafi áður heitið Þóroddskot. Ekkert er þó hægt að fullyrða um þetta.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: JÁM III, 157


GK-160:077 *Saunghóll* bæjarstæði býli 64°01.325N 22°08.385V
Í skýrslu um ábúendur í Kálfatjarnarsókn um 1840 nefnir prestur býlið Saunghól sem hjáleigu frá Hvassahrauni. Þar hafði ekki verið byggð 1803 og virðist búskapur þar hafa verið skammvinnu, ef til vill nokkur ár um 1830. "Sönghóll var í Austurtúni. Hann var álitinn hulduhólksbústaður. Þar var Sönghólsbær, stundum tvíbýli, og man Guðmundur [heimildamaður] eftir görðum þar." segir í örnefnaskrá. Sönghóll var einnig stundum nefndur Einbúi. Hann sést enn 50-70 m norðaustur af bænum. Engar leifar býlis sjást á þessum stað sem er um 200 m neðan Reykjanesbrautar. Lítill klettahóll, nokkuð gróinn er þó má sjá klappir standa upp.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: JJ, 91; Ö-Hvassahraun, 3

GK-160:078 garðlag túngarður 64°01.228N 22°08.605V
"Túnið var girt túngarði, aðallega austan og sunnan. ... Á túngarðinum var Traðarhlið." segir í örnefnaskrá. Túngarðurinn sem liggur umhverfis tún í Hvassahrauni er enn greinilegur víðast hvar. Suðurgarðurinn sést næstum alveg og svipaða sögu er að segja með austurhlutann. Að vestan og norðan er garðurinn slitróttari þó hann sé þar líka greinilegur á löngum köflum. Garðurinn er minnst í um 30-40 m fjarlægð (norðan við) frá Reykjanesbraut. Garðurinn liggur umhverfis túnið sem er gróið hraunlendi með tilheyrandi dældum og hæðum.
Garðurinn liggur í nokkrum hlykkjum eftir hrauninu. Hann er víða nálægt því að vera 0,6 m á hæð og nálega 1 m á breidd.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Hvassahraun, 2-3

GK-160:079 *Hvassahraunstraðir* heimild um traðir 64°01.290N 22°08.420V
"Hvassahraunstraðir lágu í suðuaustur frá bænum." segir í örnefnaskrá. Hvassahraunstraðir lágu frá bænum (001) til suðausturs um húsaþyrpinguna (bæjarhólinn) og áfram til suðausturs til enda túnsins minna en 100 m norðan Reykjanesbrautar. Göturnar lágu um ræktuð tún á hraunsvæði. Varla má nú greina nokkrar leifar traðanna. Helst er að móti fyrir óljósum slóða í túni suðaustan við bæ.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Hvassahraun, 2-3

GK-160:080 *Fjóshóll* örnefni fjós 64°01.314N 22°08.514V
"Fjósatunga var hluti túnsins, suður frá bænum. Þar rétt hjá var Fjóshóll og annar hóll, Einbúi." segir í örnefnaskrá. Fjóshóll er 20-30 m norðaustan við bæinn (001), nálægt bæði 010 og 011. Líklegt er að annað hvort þeirra hafi verið fjós og við það sé hóllinn kenndur en ekki verður fullyrt um það. Hóllinn er um 200 m norðan við Reykjanesbraut. Hraunhóll vaxinn grasi eins og túnin umhverfis.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Hvassahraun, 3


GK-160:081 tóft útihús 64°01.288N 22°08.599V



Um 2-3 m norðan við brunninn (061) og um 15 m sunnan (suðvestan) við Hvassahraunsbæ (001) er lítil tóft. Tóftin er í brekkurótum bæjarhólsins og fast norðan við heimreiðina. Tóftin er um 200 m norðan við Reykjanesbraut. Tóftin stendur á grasi vöxnu svæði í brekkurótum. Tóftin er 2,5 X 2,5 m að stærð. Svo virðist sem op sé á suðurvegg hennar austast. Mikið virðist hrunið inn í hana og þar er einnig talsvert rusl þannig að erfitt er að sjá hana að innan. Þó virðist hún grjóthlaðin og e.t.v.um 1,5 m á hæð, niðurgrafin. Að utan er tóftin gróin.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Hvassahraun, 3

GK-160:082 *Kvíadalur* heimild um kvíar 64°01.303N 22°08.309V
"Kvíadalur er einnig í Suðutúni og Hjallhólar. Í Kvíadal voru ærnar mjólkaðar ..." segir í örnefnaskrá. Örnefnið þekkist nú ekki lengur. Hjallhólar eru hins vegar þekktir og eru þeir rétt sunnan við túngarð en norðan Reykjanesbrautar. Kvíadalur gæti hugsanlega verið dæld eða dalur norðaustan við Hjallhóla. Engar mannvirkjaleifar er að finna neins staðar í Suðurtúni. Kvíarnar voru sennilega þar sem nú stendur rétt og braggi en ekkert verður um það fullyrt. Þetta svæði er 50-100 m norðan Reykjanesbrautar. Hraunsvæði.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Hvassahraun, 3

GK-160:083 tóft 64°01.255N 22°08.829V



Einföld, grjóthlaðin tóft er um 200 m suðvestan við Hvassahraunsbæ (001) og um 70-80 m vestan við vegaslóða sem liggur um sumarbústaðaland Hvassahrauns. Um 3 m norðan við tóftina liggur vírgirðing (austur-vestur) sem girðir af sumarbústaðinn Þórshamar sem er þar norðan við. Tóftin er um 200 m norðan við Reykjanesbraut. Mosa- og grasi vaxið klettasvæði með mikið af dældum og hæðum. Tóftin er einföld og um 5 m á lengd en 3 m á breidd. Hún er hlaðin úr grjóti, og nokkuð sigin en þó um 0,9 m á hæð. Op er á miðjum norðurvegg. Inni í tóftinni er talsvert grjót sem hefur hrunið úr veggjum hennar. Garðlag, sem virðist angi túngarðsins liggur frá heimreiðinni og að tóftinni.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

GK-160:084 *Vatnsgata* heimild um leið 64°01.144N 22°09.078V
"Vatnsgatan lá heima frá bæ suðvestur í Vatnsgjárnar sunnan þjóðvegarins." Einnig nefnd Suðurtraðir. segir í örnefnaskrá. Vatnsgatan lá frá Hvassahraunsbæ og að Vatnsgjám. Gatan hefur vísast fylgt bæjartröðinni (025) innantúns en legið áfram til suðausturs. Engin merki um götuna eru nú greinanleg, hvorki í túni eða við Reykjanesbrautina en hún var lögð þvert á leiðina. Gatan hefur legið um gróið hraun, e.t.v. á kafla á svipuðum slóðum og vegur liggur nú í Hvassahraunslandi samsíða Reykjanesbraut.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Hvassahraun, 3-4


GK-160:085 hellir fjárskýli 64°01.384N 22°08.712V

Um 55 m norðnorðvestan við Norðurkot (019) og um 45 m suðaustan við Niðurkot (20) er hellir í jörðu eða jarðsig. Svo lítur út sem þarna hafi verið fjárskýli um 10 m vestan við 018 og rúmum 400 m norðan við Reykjanesbraut. Jarðsig í grónu hraunlendi. Túngarður liggur að hellinum en er rofinn þar sem hellirinn/jarðsigið er. Skjól er á þessum stað þar sem brúnir jarðsigsins slúta fram og mynda helli eða skúta. Ofan í jarðsiginu miðju má greina um 2,5 m langa hleðslu en vel er gróið yfir jarðsigsbotninn svo erfitt er um það að segja. Hægt er að fara ofan í jarðsigið að norðvestan. Það er um 7 m í þvermál.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar


GK-160:086 gerði kálgarður 64°01.290N 22°08.574V
Á túnakorti frá 1919 er merktur kálgarður 5-10 m suðvestan við suðvesturhorn bæjarins (001). Leifar þessa kálgarðs eru enn merkjanlegar að hluta um 1 m sunnan við heimreiðina. Kálgarðurinn er um 200 m norðan við Reykjanesbraut. Garðurinn er á grasi vöxnu svæði, eilítið aflíðandi. Garðurinn er 10 X 8 X 28 m en fjarar út til suðausturs. Hann er um 1,5 m á breidd en mest um 0,5 m á hæð. Á einstaka stað má sjá glitta í grjóthleðslur.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Hvassahraun, 3

GK-160:087 *Sjávargata* gata leið 64°01.378N 22°08.755V
"Sjávargata lá heiman frá bæ niður í Víkina." segir í örnefnaskrá. Sjávargatan lá niður í HVASSAHRAUNSVÍK. Gatan lá frá Hvassahraunsbænum (um 200 m frá Reykjanesbraut), niður tún vestan við öll kotin í túninu og niður að sjó (um 500 m neðan við Reykjanesbraut). Gatan hefur legið um grasi vaxin tún sem ræktuð voru á hraunsvæði. Ógreinileg merki slóðans má greina á stöku stað í túninu.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Hvassahraun, 3

GK-160:088 gerði óþekkt 64°01.457N 22°08.553V
Tæpum 300 m norðaustan við Hvassahraunsbæ (001) og um 180 m norðan við réttina (023) er gerði. Gerði þetta er um 430-450 m norðan við Reykjanesbraut. Gerðið er á grasi grónu hraunsvæði. Gerðið er óreglulegt og hringlaga og samtals um 80 m að lengd. Guðmundur Sigurðsson man eftir tóft inni í gerðinu en engin tóft er þar nú. Inni í gerðinu er grasið gróið í bylgjulaga dældir (eins og eftir plógför). Garðlagið er 0,5-1 m á breidd og allt að 1 m á hæð.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar




GK-160:089 tóft+garðlag óþekkt 64°01.467N 22°08.625V




Um 100 m austan við túngarð og Norðurkot eru garðlög og lítil tóft. Svæðið er um 40 m norðan við 088, 130 m austan við Þorvaldskot (021) og um 450-500 m neðan við Reykjanesbraut. Gróið hraunsvæði í hæðum og dölum.
Garðlögin eru tvískipt. Annars vegar er nærri ferhyrnt gerði sem er 16-18 m á lengd en um 14 m á breidd. Norðan við þetta gerði og því samfast er svo annað hringlaga hólf. Það er um 40 m í þvermál. 2 m norðan við gerðin er svo lítil tóft. Hún er ferhyrnd og 5 X 3,5 m á stærð og alveg hlaðin úr grjóti. Hleðslur hennar eru um 0,6 m á hæð. Op er á norðvesturhlið.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

GK-160:090 garðlag kálgarður 64°01.420N 22°08.577V



Fast austan við túngarð, austur af Norðurkoti eru garðlög sem a.m.k. að hluta hafa verið kálgarðar. Garðlögin eru rúmum 400 m norðan við Reykjanesbraut. Norðurkot stendur á nokkuð hárri hraunbrún en landið lækkar nokkuð snögglega austan túngarðs. Að norðan heldur hraunbrúnin þó áfram og þannig eru garðlögin í skjóli að norðan og austan, í dálítilli lægð. Garðlögin er um 1 m á breidd en 0,4 m á hæð, hlaðin úr grjóti. Þau mynda þrjú hólf. Það vestasta er 43 X 11-12 m að innanmáli, því næst annað sem er 24-25 X 13-11 m að innanmáli og fast sunnan þess það þriðja (13 X 17 m að innanmáli). Hólfin eru byggð upp við klettavegg að norðan og eru ekki regluleg.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar


GK-160:091 hleðsla 64°01.199N 22°09.219V



Rúmlega 1 km austan við merki við Vatnsleysu er hleðsla í sumarbústaðarlandinu sem þar er norðan Reykjanesbrautar. Hleðslan/garðlagið er 20-30 m norðan við veginn sem liggur samsíða Reykjanesbraut (norðar) í landi Hvassahrauns og nálægt 100 m norðan við Reykjanesbraut. Garðlagið er skammt sunnan lítils timburkofa og um 150 m suðaustan við nýlegt timburhús (íbúðarhús) sem er vestasta byggingin í landi Hvassahrauns.
Garðlagið stendur í grónu hraunlendi. Hleðslur mynda hálf-sporöskjulaga garð eða hólf, e.t.v. einhvers konar skjólgarð. Hann er 13-14 m í þvermál. Um 8-9 m breitt skarð er á vesturvegg hans.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar


GK-160:092 hleðsla 64°01.212N 22°09.120V
Um 50 m norðaustan við 093 og fast austan við lítinn hvítan kofa (líklega aflagðan sumarbústað) eru grjóthleðslur upp við klettavegg. Um 100 m neðan við Reykjanesbraut. Gróið hraunsvæði. Klettavegurinn myndar norðurhluta tóftarinnar og er tveir garðar hlaðnir upp við hann um 6 m á lengd hvor. Hólfið er opið til austurs. Hleðslur eru um 0,7 m á hæð en 0,7 m á breidd. Hugsanlegt er að um skjólgarð hafi verið að ræða.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

GK-160:093 hleðsla leið 64°01.192N 22°09.167V



Um 50 m suðaustan við 091 er hlaðinn vegarslóði um 7 m frá norður-suður vegarslóðanum sem liggur samsíða Reykjanesbraut í landi Hvassahrauns og að steinsteyptum grunni. 80-100 m norðan við Reykjanesbraut. Slóðinn liggur um gróið hraun. Vegurinn er einungis um 7-10 m langur en 3-4 m breiður og hleðslur eru 0,8 m á hæð.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

GK-160:094 útihústóft 64°01.332N 22°08.725V



Um 50 m suðvestan við Niðurgerði (020) og beint ofan við kálgarðinn (059) er lítil tóft. Tóftin er rúmum 300 m norðan við Reykjanesbraut. Tóftin er á svæði þar sem nokkuð þýft er og sinuvöxtur er nokkur. Hún er í aflíðandi hæð. Tóftin virðist niðurgrafin að hluta. Hún er um 8 X 8 m að utanmáli. Norður- og austurveggir hennar eru lang greinilegastir og að innan eru þeir grjóthlaðnir í um 1,5 m hæð. Suður- og vesturveggir eru hins vegar verr farnir og að nokkru hrundir ofan í tóftina. Hluti af veggjunum er hrunið inn í tóftina auk þess sem þar er nokkuð af rusli og því erfitt að mæla innanmál hennar. Það virðist þó ekki hafa verið mikið meira en 4 X 4 m.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

GK-160:095 heimild um útihús 64°01.269N 22°08.714V
Rúmum 100 m austan við 001 var útihús samkvæmt túnakorti frá 1919. Engar leifar hússins sjást nú en íbúðarhús stendur sunnan við heimreiðina á svipuðum stað og húsið hefur staðið. Nú byggingar á þessum slóðum.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

GK-162 Lónakot

1547-48 er jarðarinnar getið í fógetareikningum. DI XII, 114. 1703 er jarðadýrleiki óviss, konungseign. 1847: 10 hndr, þá á jörðin uppsátur í landi Óttarsstaða. Í eyði frá því um 1930. Árið 1966 áskildi Hafnarfjarðarbær sér forkaupsrétt á jörðinni Lónakoti. ÁG: Saga Hafnarfjarðar 1908-1983 I, 114
1703 voru engar engjar á jörðinni. 1917: Tún telst 0,9 teigar, slétt, garðar 500 m2.


GK-162:014 *Lónakotsselstígur/Lónakotsveg* heimild um leið 64°01.884N 22°04.960V
"Þegar haldið var suður úr suðurtúngarðsliði, var þar við Lónakotsselsstíginn, sem síðar varð Lónakotsvegur, alldjúp gjóta, sem nú er fyllt með grjóti, Yrðlingabyrgi. ... Landamerkjalínan lá um Sjónarhólavörðu [GK-163:066], sem er efst á Sjónarhólshæð, og þaðan áfram suður og yfir Högnabrekkur. Þar kom Lónakotsvegurinn á suðurveginn. En Lónakotsselsstígurinn lá áfram suður á alfaraleiðina, gömlu hestaslóðina á Suðurnes." Lónakotsselstígur lá frá Lónakoti að selinu. Stígurinn hefur legið rétt vestan við þar sem slóði liggur frá Reykjanesbraut að Lónakoti (húsi nokkru sunnar en Lónakotsbærinn var). Stígurinn hefur svo legið áfram til suðvesturs, gengið þvert á alfaraleiðina og suður til Lónakotssels. Merki hans má greina á köflum sem dæld eða grunnan slóða, t.d. á kafla sunnan Reykjanesbrautar nálægt línuveg. Slóðinn liggur yfir gróið hraun.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Lónkot, 2, 3

GK-163 Óttarstaðir

1703 er jarðadýrleiki óviss, konungseign. 1847: 20 5/6 hndr, hjáleiga Óttarsstaðakot. Árið 1966 áskildi Hafnarfjarðarbær sér forkaupsrétt á jörðunum Óttarsstöðum og Óttarsstaðakoti. ÁG: Saga Hafnarfjarðar 1908-1983 I, 114
1917: Tún 4,7 teigar, garðar 2460 m2. Túnið hólótt og grýtt en þó mikið slétt og sléttað.

GK-163:055 *Sigurðarhellir* hellir bústaður 64°02.502N 22°03.570V
"Langt suður af þessu [rétt 054] er klapparhæð, er hefnist Sigurðarhæð. Vestan í henni er hellisskúti, sem Sigurðarhellir heitir. Hleðsla mikil er við skútann og á einhver Sigurður að hafa haldið þar til í gamla daga, enda var alvanalegt, að flökkukarlar hefðust við í þessum hellum." Á Sigurðarhæð er varða en á hæðina er komið af merktum göngustíg sem liggur fram hjá Kúaréttinni (056). Enginn hellir eða hleðsla er vestan við hæðina en suðaustan hennar, í sömu lægð og Kúaréttin, er um 25 m löng hleðsla áður en farið er upp úr dældinni og upp á Sigurðarhæð. Á öðrum stað í dældinni (vestan í henni) má greina hrundar hleðslur í námunda við lítinn hellisskúta nokkuð hátt uppi í klettahlíðinni. Um 350 m norðan við Reykjanesbraut. Gróin dæld með klettaveggjum á báðar hliðar, norðvestar er klapparhæð (Sigurðarhæð). Varðan er um 0,8 m á hæð en um 1 m á hvern veg. Garðhleðslan áður en farið er upp úr dældinni er um 25 m á lengd en hleðsluleifar fyrir framan hellinn nokkuð ógreinilegar og vart meira en 3-4 m á lengd.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Óttarsstaðir, 9

GK-163:056 *Kúarétt* heimild um rétt 64°02.447N 22°03.403V
"Suðvestur af þessu er mikill klapparrani og hár. Suðaustan í honum er feiknamikið jarðfall. Fyrir endanum á því eru hleðslur miklar, sem nefnast Kúarétt. Þar mun hafa verið nátthagi fyrir kýr." segir í örnefnalýsingu. Vestan við Straum, og 210-240 m norðan við Reykjanesbraut er Kúaréttin. Réttin er í grösugri laut milli tveggja 10-15 m hárra



klettaveggja að vestan og sunnan. Réttin er byggð upp við austurvegginn. Hún er um 10 m á lengd en mest um 6 m á breidd. Frá vesturenda hennar er einungis um metersbil upp að vestari klettaveggnum. Réttin er gerð úr tveimur hólfum en reyndar virðist það þriðja, sem er nokkru óljósara hafa verið sunnan þess. Réttin er um 1,5 m hæð. Norðvestar í jarðfallinu gengur hleðsla þvert á uppgönguleiðina upp úr því.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Óttarsstaðir, 9


GK-163:057 *Skógargata* heimild um leið 64°02.348N 22°03.161V
"Svonefnd Skógargata lá frá Eyðikotshlíð upp að Óttarsstaðaseli. Þar sem hún lá yfir hæðirnar, var kallað Kotaklifur." "Skammt ofan við Kotaklifið [073] er djúpt, sporöskjulaga jarðfall við götuna. Er það kallað Hlandkoppsgjörð. Þaðan liggur stígurinn um einstigi, og blasir þá við klapparhóll með þúfu á, nefndur Spói. Er þá komið upp að Reykjanesbraut. Frá Stóra-Nónhól vestur að Spóa eru kallaðir Nónhólar." segir í örnefnalýsingu. Skógargata lá fast vestan við vötnin sem eru vestan við afleggjarann að Straumi. Á þessum stað sjást leifar vegarins sem dæld í hraunið og má sjá slíkar leifar mestan part leiðarinnar. Mosavaxið sprunguhraun.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Óttarsstaðir, 9-10, 13

GK-163:072 heimild um leið 64°02.256N 22°04.139V
"Norðan undir [Jakobsvörðuhæð 069] er eins og ævagamall stekkur eða rétt. Hæðin er suður af Klofa fyrrnefndum, við götuslóða, sem lá neðan frá Óttarsstöðum upp að fjárborg, sem er þarna miklu ofar." segir í örnefnalýsingu. Slóðinn að Kristrúnarborg hefur líklegast legið í námunda við Reykjanesbraut um 1 km austan við þar sem slóði liggur frá Reykjanesbraut og að Lónakoti (þar á móti slóði að Rauðamel). Mosagróið hraun. Allmikið rask hefur orðið vegna vegagerðar á þessum slóðum og eru því merki leiðarinnar ógreinileg í námunda við Reykjanesbraut.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Óttarsstaðir, 12

GK-163:073 *Kotaklifsvarða* varða 64°02.523N 22°03.812V
"Á háhæðinni á Kotaklifinu, við Skógagötuna [057], er Kotaklifsvarða." segir í örnefnalýsingu. Framhjá Kúaréttinni og áfram til norðvesturs er gönguleið sem merkt er með stikum. Ef gönguleiðinni er fylgt til norðvesturs er farið fram hjá Kotaklifsvörðu sem er 420-430 m norðan við Reykjanesbraut. Varðan stendur í mosagrónu hrauni. Hún er um 1,7-1,8 m á hæð og er mest um 1,5 m í þvermál. Hún mjókkar mjög mikið upp.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Óttarsstaðir, 12

GK-163:074 *Goltravarða* varða 64°02.290N 22°03.518V
"Skammt ofan við Kotaklifið [073] er djúpt, sporöskjulaga jarðfall við götuna. Er það kallað Hlandkoppsgjörð. Þaðan liggur stígurinn um einstigi, og blasir þá við klapparhóll með þúfu á, nefndur Spói. Er þá komið upp að Reykjanesbraut. Frá Stóra-Nónhól vestur að Spóa eru kallaðir Nónhólar. ... Langt vestur af Stóra-Nónhól er hóll, sem heitri Goltrahóll. Á honum var Goltravarða, nú fallin." segir í örnefnalýsingu. Helst er talið að Goltrahóll sé fast ofan við Reykjanesbraut þar sem nokkrar hæðir eru um 660 m vestan Straums. Á þessum hæðum eru nokkrar vörður en þær eru fremur litlar og sýnast ekki geta verið fornar. Mosavaxnar klettahæðar.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Óttarsstaðir, 13

GK-163:090 *Smalakofahæð* smalakofatóft 64°01.924N 22°04.410V



Afleggjari liggur frá Reykjanesbraut í átt að Lónakoti. Beint á móti þessum afleggjara er á Reykjanesbraut annar slóði til suðurs. Ef honum er fylgt í suðurátt greinist hann í tvennt um 250-300 m frá Reykjanesbraut. Ef götunni sem þar liggur til austurs er fylgt í um 300 m má sjá Smalakofahæð svotil beint sunnan við slóðann, nálægt Rauðamel. Smalakofinn er um 300-400 m sunnan við Reykjanesbraut. Hæðinn er grýtt en gróin mosa. Nokkrar gjár eru ofan í hana. Smalakofinn er um 2 m á lengd en 1 m á breidd. Hann er um 0,4 m á hæð. Op er á smalakofann til norðurs.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

GK-163:091 garðlag 64°02.336N 22°03.385V
Garðlag er greinanlegt fast neðan (norðan) við Reykjanesbraut og áfram til norðausturs, meira og minna alla leið að hæð sem er um 250 m norðan við Reykjanesbraut. Garðlagið er í mosavöxnu hrauni. Garðlagið liggur skáhallt til

norðausturs. Það er einfalt og líklegt er að það hafi einungis verið hlaðið sem undirstaða undir girðingu.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

GK-165 Straumur


1547-48 er jarðarinnar getið í fógetareikningum. DI XII, 114. 1703 var jarðardýrleiki óviss, jörðin konungseign. Þá var eins eyðihjáleiga á jörðinni Lambhúsagerði. 1847: 12 1/2 hundr. Hafnarfjörður keypti hluta úr landi jarðarinnar árið 1947 og áskildi sér forkaupsrétt á öðrum hlutum hennar árið 1966. ÁG: Saga Hafnarfjarðar 1908-1983 I, 108, 115.
1703 eru engar engjar á jörðinni. 1919: Tún 1,4 teigar, allt slétt, garðar 560 m2. "Straumstúnið lá á hryggjum, hæðum og lægðum uppgrónum, og gætti jafnvel flóðs og fjöru í sumum lægðunum." Ö-Straumur, 3

GK-165:001 *Straumur* bæjarhóll bústaður 64°02.486N 22°02.838V
"Straumsbærinn stóð á hraunhrygg lágum, þar sem nú stendur Straumshúsið." segir í örnefnaskrá. Gamli Straumsbærinn var einmitt þar sem steinsteypta húsið stendur nú í Straumi. Ekki er lengur búið í Straumi en húsið er nýtt sem listamannamiðstöð. Gamli bærinn sem stóð á þessum stað fram á þriðja áratug 20. aldar brann. Bærinn er um 170-180 m norðan við Reykjanesbraut. Ekki er merkjanlegur bæjarhóll á þessum stað. Þar stendur nú steinsteypt íbúðarhús og malarhlað allt í kring.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Túnakort 1919; Ö-Straumur, 3

GK-165:002 64°02.506N 22°02.736V
Um 20-30 m sunnan við vörina (012) og um 100 m norðaustan við bæ (001) eru grjótleifar á hæð þar sem áður var útihús samkvæmt túnakorti frá 1919. Hæðin er grasi gróin og stendur fast innan við túngarð sem sést á þessum stað. Utan við túngarðinn tekur svo fjaran við. Rutt hefur verið úr tóftinni.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

GK-165:003 heimild um útihús 64°02.457N 22°02.910V
Um 80 m (norð)vestan við bæinn (001) var útihús samkvæmt túnakorti frá 1919. Engar leifar þessa húss sjást nú en það hefur staðið þar sem grasi gróið svæði í námunda við steypta grunn er. Grasi vaxnir bakkar.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

GK-165:005 *Lambhúsagerði* bæjarstæði býli 64°02.560N 22°03.051V




"Lambhusgierde forn eyðihjáleiga af Straumi, hefur í eyði legið fram yfir allra þeirra minni, sem nú eru, sýnist valla upp aftur byggjast kunni, þar fyrir að bóndinn á Straumi kann ekki af skaðlausu af sinni grasnautn so mikið af að leggja að bjarglegt verið, meðan hjáleigutúnin skyldi komast í rækt aftur." segir í jarðabók Árna og Páls. "Suðvestan túnsins í Straumi er Gunnarsskarð, sem er raunveruleg hæð. Liggja reiðgötur þar um. Þar rétt hjá er nafnlaust skarð. Norðan við Gunnarsskarð er gömul útgræðsla, Lambhúsagerði. ... Gísli Sigurðsson segir, að seinna hafi þetta verið nefnt Markúsargerði, en heimildarmenn sr. Bjarna kölluðu það Markúsargerði." segir í örnefnalýsingu. "Skammt norðan við Straum vestan megin við veginn að Óttarsstöðum á móts við afleggjarann að Þýskubúð [er garðlag]." Um 380-90 m sunnan við Reykjanesbrautina og 220 m suðaustan við íbúðarhúsið á Straumi eru leifar Lambhúsagerðis. Á þessum stað afmarkar garðlag gamla túnstæðið. Vegarslóði liggur til Straums og áfram til suðurs og liggur hann um 20 m austan við garðlagið. Til móts við Lambhúsgerði er afleggjari að Þýskubúð. Á þessum stað er hraunið grasi gróið milli hraunhæða. Túnið er hæðótt og aflíðandi.

"Nafnið er dregið af því, að Markús Gíslason frá Lambhaga ræktaði þarna þennan blett og flutti heyið í Hafnarfjörð; kunnur formaður í Hraunum. Gísli Guðjónsson kallar kotið ennþá Lambhúsgerði, svo að það nafn er ekki horfið." "Túngarðurinn er mikið hruninn og hefur líklega verið nokkuð lengri upphaflega. Nú er hann aðeins að hluta norðan og austan megin, en einnig eru stakar hleðslur, - e.t.v. leifar túngarðs uppi á hraunbungu sunnan megin og

fylgja þær sprungu frá austri til vesturs. Garðurinn hefur verið hlaðinn úr mjög misstórum steinum og er op á honum vestantil um 2 m á breidd. Svo virðist sem tekið hafi verið grjót úr vesturgarðinum sunnanverðum um leið að hraunhólnum. Í vesturátt frá norðurgarðinum liggja garðleifar, mjög sokknar og mosavaxnar í beinu framhaldi til vesturs eða VSV upp að, etv. upp á klapparhól sem þar er. Staður þessi var kallaður Markúsargerði ... Á þessum stað á að hafa staðið hjáleiga frá Straumi, = Lambagerði til forna." Garðurinn er um 2 m á breidd en 0,3 m á hæð. Samtals er hann um 135 m á lengd.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: JÁM III, 164; Ö-Straumur, 4; Þjóðminjaskráning í Hafnarfirði 135

GK-165:010 túngarður 64°02.453N 22°02.928V
"Straumstúngarðar voru ekki merkilegir, voru varla nema Norðurgarður og Vesturgarður. Garðar þessir voru lágir og einhlaðnir af hraungrýti." segir í örnefnalýsingu. "Túngarður. Um hæðin, hraun og tún, umhverfis tún Straumsbæjarins." Túngarða má víða sjá umhverfis tún í Straumi. Ekki er greinilegur suðurgarður en líklegt að en einhverjar garðleifar virðast vera að austan í fjöruborðinu en þær eru víðast hrundar. Greinilegastir eru þó norðurgarðurinn sem er um 90 m norðan við bæ og vesturgarður sem liggur meðfram vesturjaðri túns suður að vötnunum. Garðarnir liggja að mestu yfir gróið en hæðótt hraunsvæði. "Garðurinn fylgir fjörukambinum að vestanverðu, en þar er hann við víðast fallinn. Sumstaðar má sjá hlaðin innskot í garðinn, líklega bátauppsátur. Þar sem hann stendur enn má sjá fallega hlaðinn, um 1,5-1,7,m háan og 1,8 m breiðan garð. Garðinum sleppir niður við sjó að sunnan, þar sem lítill vogur skerts inn í landið, sunnan við Straumsbæina. Norðurgarðurinn er um 90 m norðan við bæinn og nær nú u.þ.b. frá veginum að Óttarsstöðum og austur að fjörunni. Vestan við veginn er sprunginn ílangur hryggur frá austri til vesturs, norðan túnsins. Þar má á stöku stað sjá fátæklegar hleðsluleifar báðum megin sprungunnar og gætu þetta verið leifar túngarðs. Vestan við túnið liggur svo garður með barmi djúprar lautar, við suðvesturhorn fyrrnefnds hryggs, og fylgir brekkubrún til suðausturs. Neðst í brekku u.þ.b. fyrir miðju vesturtúngarðinum er op um 2,5 m breitt og er grjóthrúga við suðurhlið þess, það er því engu líkara en op hafi verið rofið í garðinn a.m.k. hefur það verið stækkað enda óvenju breitt af hliði að vera. Garðurinn liggur svo sem leið liggur suður frá opinu, suður að litlum tjörnum, sem eru norðan við Steinbrú. 143 [072]. Þar endar garðurinn og ekki fundust nein merki eftir garð austan vegarins, enda liggur víkin alveg að veginum skammt frá þar sem garðurinn endar." Norðurgarðurinn er nálægt því að vera um 90 m á lengd en sá vestari um 130-150 m. Þar sem garðurinn er greinilegastur er hann um 1,7 m á hæð en tæpir 2 m á breidd.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Straumur, 3; Þjóðminjaskráning í Hafnarfirði 142

GK-165:012 tóft naust 64°02.534N 22°02.775V



Í fjöruborðinu, um 100 m norðnorðaustan við íbúðarhúsið á Straumi er tóft af einhvers konar naust. Tóftin um 250 m norðan við Reykjanesbraut. Tóftin er í fjöruborðinu og er á mörkum þess að vera í sjálfri fjörunni og grónu hrauninu sem tekur við þar vestar. Tóftin er alveg hlaðin úr grjóti en veggir hennar eru mjög mis-þykkir. Norðurveggur er þykkastur. Í lögun minnir tóftin helst á einhvers konar naust eða uppsátur. Vesturveggur hennar er um 19 m langur. Nyrst gengur um 6 m langur veggur í átt til sjávar og um 9 m lengra til suðurs gefur einnig að líta veggstúf sem einungis er um 3-4 m. Enginn veggur er að austan (við sjó).
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Túnakort 1919


GK-165:016 heimild um leið 64°02.454N 22°02.933V
"Brúin [046] er nú gróin að ofan en glittir þó í grjótið undir. Hún snýr nákvæmlega í A-V. Götuslóði liggur frá brúnni í átt að Fjárhússkarði [016] til vesturs, en til norðurs milli hraunhóla í sprungu og til norðurs í átt að bænum." segir í fornleifaskrá Þjms. Götuslóðinn er nokkuð greinilegur t.d. í Fjárhússkarðinu sjálfu þar sem merki hans er mjög merkjanleg 170-190 m sunnan Reykjanesbrautar. Fjárhússkarð er grasi gróið skarð milli klettaveggja og liggur leiðin þangað í grasi grónu hrauninu. Gatan sést sem dæld eða slóði í grónu hraunlendinu.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Þjóðminjaskráning í Hafnarfirði 143

GK-165:018 gata leið 64°02.423N 22°02.950V
"Suðvestan túnsins í Straumi er Gunnarsskarð, sem er raunveruleg hæð. Liggja reiðgötur þar um." segir í örnefnalýsingu. Um 150 m suðvestan við íbúðarhúsið á Straumi, rétt áður en komið er að tóftinni í Gunnarsskarði má sjá leifar reiðgatnanna um 170-180 m norðan Reykjanesbrautar. Göturnar liggja um grasi gróið svæði en umhverfis eru nokkrir klettar. Vegslóðinn er greinilegur á þessum stað en hann liggur til Gunnarsskarðs en verður ógreinilegri þegar komið er að tóftunum.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Straumur, 4

GK-165:019 hleðsla skotbyrgi 64°02.437N 22°03.002V

Tvö skotbyrgi eru norðvestan við Tjörnina sem er sunnan við Straumsbæ en norðan við Reykjanesbraut. Byrgin standa á hæð og eru um 10 m á milli þeirra. Byrgin eru 120-150 m norðan Reykjanesbrautar. Byrgin standa á mosagróinni hraunhæð. Byrgið sem hér er lýst er suðaustar. Það snýr norðaustur-suðvesturs og er um 4 m á lengd en 1,5-2 m á breidd. Enginn veggur er fyrir suðausturhlið byrgisins en norðvesturhlið þess er einnig nokkuð hrunin. Byrgið er mest um 0,8 m á hæð.




Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

GK-165:046 heimild um brú 64°02.452N 22°02.868V

"Steinbrú. Um 15 m suður og utan við túngarð [010], um 20 m vestur af aðkeyrslunni að bænum." segir í fornleifaskrá Þjms. Brúin hefur nú verið skemmd og sést varla fyrir grjóti sem rutt hefur verið yfir hana. Brúin var 160-170 m norðan Reykjanesbrautar. "Brúin liggur yfir dálitla grasi vaxna lægð, sem fyllist að vatni á flóði. Austan við brúna teygir sig langur, en lár sprunginn hraunhóll." "Brúin er um 5,8 m löng og 2,3 m breið. Mesta hæð hennar er um 0,85m. Brúin hallar örlítið til austurs, dálítið fram fyrir miðju hennar, þar sem henni hallar til vesturs. Brúin er þannig gerð að kantar eru hlaðnir út nokkuð stóru hraungrýti (0,23-0,5 m) og fyllt upp í á milli með tiltæku grjóti. Brúin er nú gróin að ofan en glittir þó í grjótið undir. Hún snýr nákvæmlega í A-V. Götuslóði liggur brá brúnni í átt að Fjárhússkarði [016] og veg til vesturs, en til norðurs milli hraunhóla í sprungu og til norðurs í átt að bænum. Breidd brúarinnar gæti bent til að hún hafi m.a. verið ætluð dráttarvélum eða vögnum en slíkt er útilokað vegna þrengsla vegna klapparhólanna að austan." Brúin var um 6 m að lengd en rúmir 2 m á breidd en erfitt er að greina hana nú þar sem grjót er yfir henni.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Þjóðminjaskráning í Hafnarfirði 143

GK-165:047 hleðsla skotbyrgi 64°02.443N 22°03.016V



Tvö skotbyrgi eru norðvestan við Tjörnina sem er sunnan við Straumsbæ en norðan við Reykjanesbraut. Byrgin standa á hæð og eru um 10 m á milli þeirra. Byrgin eru 120-150 m norðan Reykjanesbrautar. Byrgin standa á mosagróinni hraunhæð. Þetta byrgið er 10 m norðvestan við hitt (068). Það er um 3 X 2 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Byrgið er enn mjög stæðilegt og víðast um 1,5 m á hæð. Svo virðist sem grjóthleðsla hafi verið fyrir norðvesturvegg en hún er nú mikið hrunin.


Hættumat: hætta, vegna vegagerðar



Skotbyrgi (GK-165:047) horft til suðausturs


GK-165:059 *Straumsrétt* stekkjartóft
64°02.398N 22°02.941V

"Sunnan við Fjárhússkarðið er Straumsrétt." segir í örnefnalýsingu. Stekkurinn er enn greinilegur. Hann er um 30-40 m norðan við Reykjanesbraut og um 10 m austur af Tjörn. Einungis eru um 20-30 m á milli stekkjarins og fjárhúsanna (060). Stekkurinn stendur við tjörn og á grónu sprunguhrauni. Kortablað 1513 II/15, teikning s. 26. "Stekkurinn skiptist í tvö svæði, þar sem syðri hlutinn er inni á milli lágra og misbrattra klappa um mannhæðar hárra. Milli klappanna þ.e. í stekknum er nokkuð sléttur vel grasigróinn botn. Ofan á klappirnar og á milli þeirra er hlaðinn garður og



stendur hann sumstaðar í sem næst fullri hæð. Þar sem hleðslan er hæst er hún 1,3 m en 1,9 ef mælt er frá stekkjarbotni, þar sem hleðslan er ofan á lágri klöpp. Mesta lengd syðri hluta er um 12 m og mesta 13,65 m ytri og nyrðri hluta stekksins er sem næst ferningslaga innri stærð = 8x8m. Hleðslur fylgja klöppum. Sunnan megin og að hluta austan megin að öðru leiti eru hleðslur ofan á graslendi sem hallar til norðurs hleðslan er mikið hruninn, þó nær hún á tveim stöðum 0,75m hæð Br. 0,7-1m. Inngangur er uþb. á miðri norðurhlið." (fornleikfaskrá Þjms). Stekkurinn er að stórum hluta náttúrusmíð. Hann er myndaður úr tveimur hólfum. Norðvestara hólfið (það ytra) er hlaðið upp frá tjörninni en inn af því gengur svo annað hólf sem að miklu leyti er náttúrumyndað. Ytra hólfið er 7-8 X 8-9 m að stærð. Inn af því er svo hólf sem er um 11 m á lengd en 3,5 m á breidd vestast en 6 m austast. Þessu hólfi virðist hafa verið skipt upp með garði. Víða eru hleðslur ofan á klettaveggjunum. Inngangur er á miðri norðurhlið.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Straumur og Þjóðminjaskráning í Hafnarfirði 114

GK-165:060 fjárhústóft 64°02.412N 22°02.955V





Fjárhús (GK-165:060) horft til suðausturs

"Hér suðvestan túnsins er Fjárhússkarð og Fjárhúsið í Vatnagörðum." segir í örnefnalýsingu. Um 160 m suðvestan við Straumsbæinn (001), 10 m suðvestan við Straumsrétt og 5 m norðaustan við tjörnina eru hleðslur um 110-120 m norðan Reykjanesbrautar. Hleðslurnar eru í Fjárhússkarði, milli hraunklappa. Svæðið er grasi gróið. Kortablað 1513 II/15, teikning s. 27. "Grjót og torfhleðsla afmarkar langhliðar. Innanmál virðist hafa verið 4x15 m. Breidd hleðslu er um og yfir 1 m. Áberandi er hve austurhleðslan er nú hærri og betur varðveitt. Við suðurgafl er e.k. framlenging á austurhleðslu til suðurs og með fram gaflinum til vesturs. Í þessa hleðslu hefur verið sett gaddavírsgirðing. Girðing þessi fjarlægist síðan grunninn og stefnir skáhallt í NV. Undir vírinn hefur verið hlaðið grjóti .. Hér er líklega um að ræða fjárhússtæði ...." (fornleifaskrá Þjms). Hleðslurnar eru 5-6 X 17 m að stærð. Þær mynda ferhyrndan grunn sem er opinn til suðvesturs og norðausturs. Hleðslur eru víða um 1 m á breidd en um 0,5 m á hæð.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Straumur, 4 og Þjóðminjaskráning í Hafnarfirði 117

GK-165:063 heimild um leið 64°02.571N 22°03.109V
Veghleðsla sést í hæðinni norðan við Lambhaga og að garðlaginu sem girðir svæðið af. Hleðslan sést greinilega í brekkunni en fjarar út þegar komið er að gerðinu. Er um 350 m sunnan við Reykjanesbraut. Vegurinn er greinilegastur milli hraunhæðarinnar norðan gerðisins og að gerðinu þar sem grasi gróið er. Kortablað 1513 II/15. "Hleðsla undir veg þar sem hann liggur niður hraunið brekkur ofan af ... og niður að Markúsargerði [005]. Vegurinn er niðurgrafinn við Brekkubrún, en hlaðið undir hann neðst í brekkunni, þar sem hún er mjög brött. Hleðslan er um 9 m L. og 2,50 m br. Mesta hæð 0 0,9 m. Vegurinn virðist liggja inn í Markúsargerði, en hann verður óljós og hverfur áður en komið er að ræktaða túninu." (fornleifaskrá Þjms). Hleðslan er fremur ógreinileg en sést best þar sem virðist hafa verið hlaðið undir veginn. Slóðinn fjarar hins vegar út um leið of komið er niður á sléttlendi, áður en farið er inn í Markúsargerði.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar


Heimildir: Þjóðminjaskráning í Hafnarfirði 136

GK-165:064 garðlag 64°02.409N 22°02.500V
"Garður. Liggur frá vestur opi Straumsvíkur í nánast beina stefnu 218°eða SV." Garðurinn er mestmegins greinanlegur sunnan við Reykjanesbraut girðir þar af flöt ofan brautar. "Nokkuð úfið hraun með grasblettum í lautum." Kortablað 1513 II/15. "Garðurinn er lágur, aðeins ein til tvær steinaraðir, þar sem land er slétt en hærri yfir ójöfnum. Á stöku stað eru mjög fúnir staurar, svo að hér mun hafa verið vírgirðing. Garðurinn heldur beinni stefnu nema á stöku stað þar sem hann þræðir fyrir kletta. Stefnan er um 218°þar til um 50 m sunnan Reykjanesbrautar þar sem er rétt horn og stefnir garðurinn þaðan í 136°, þessari stefnu heldur garðurinn í um 155 m (N.b. stikað í hrauninu) eða suður fyrir dálitla klappahæð, þaðan stefnir hann beint í 86°og stefnir þá rétt utan í gamla þjóðveginn, norðan megin, þar sem hann liggur nyrst á þessu svæði. Þessi stefna helst þar til um 4 m norðan við gamla þjóðveginn um 5 m vestan við afleggjarann að Þorbjarnarstöðum. Þaðan er stefnan 44°og hverfur garðurinn undir Reykjanesbraut og stefnir þá á rauð-hvítaköflótta turna Álversins. Garðurinn mundar því strýtulaga svæði, vestur og suður frá Straumsvík. Það má telja næsta víst að þetta séu landamerki heimajarðarinnar Straums. Lengd garðshliðanna talið frá norðanverðri Straumsvík er því nálægt því að vera eftirfarandi A= 1150m. B= 155m. C= 870m. D=120m. Samtals 2295m.
Heimildir: Þjóðminjaskráning í Hafnarfirði 134

GK-166 Þorbjarnarstaðir

1395 er minnst á eyðijörðina Þorbjarnarstaði í skrá um kvikfé og leigumála á jarðeignum Viðeyjarklausturs og telja útgefendur DI það var þessa jörð. DI III, 598. 1547-48 er jarðarinnar getið í fógetareikningum. DI XII, 114. 1703 var jarðadýrleiki óviss og var jörðin konungseign, þá er Lambhagi hjáleiga frá Þorbjarnarstöðum en byggð af Bessastaðamönnum.. 1847: 12 1/2 hundr.
1703 eru engjar engar á jörðinni. 1919: Tún 1,4 teigar, allt slétt og hólótt, garðar 500 m2.

GK-166:001 *Þorbjarnarstaðir* bæjarhóll 64°02.259N 22°02.533V
"Bærinn stóð í túninu því nær miðju, og sneru stafnar við suðvesturátt." segir í örnefnalýsingu. "(Bæjarhús) Bæjarstæði. Um 500 m sunnan vegar suður af Straumi." segir í fornleifaskrá Þjms. Bæjarhúsin á Þorbjarnarstöðum eru um 300 m sunnan við Reykjanesbraut. Götuslóði liggur til suðurs frá Reykjanesbraut á móts við afleggjarann að Straumi. Ef slóðanum er fylgt beygir hann til austurs og fljótlega liggur afleggjari af honum til suðurs, inn í tún á Þorbjarnarstöðum.




Bæjartóftin er greinileg og stendur nálega í túninu miðju. Umhverfis túnið liggur tvíhlaðinn, grjótgarður. Túnið er ræktað á hraunlendi, það er ójafnt með lautum, gjótum og hæðum. Kortablað 1513 II&15, reikning bls. 37-38. Ferhyrndar afrúnaðar rústir þar sem greina má 4 e.t.v. 5 hús í sjálfum bæjarhólnum. Legar eftir langhlið er N-S. Bæjarstæðið stendur hæst í túninu, sem hallar mest til vesturs frá bæjarstæðinu. Vestan við rústirnar er afgyrtur blettur e.t.v. matjurtagarður. Stærð: L: Vesturhlið 18,5 m. L. Austurhlið 19,5 m. Br. Suðurhlið 12,5 m. Br. Fyrir miðju 15,5 m. Br. Norðurhlið 11 m. h., 1-2 m. Bæjarstæðið/bæjarhóllinn er algróinn þó glittir í steinaröð meðfram allri austurhliðinni. Grjóthleðslur eru vel sjáanlegar í tveimur húsanna. ... N-Naustan í Bæjarrústunum ... Ferhyrnt hús í stefnu SV-NE. Um 45 m breiður og 150 m langur inngangur á NA hlið. Innanmál hússins hafa verið u.m.b.: L. 4,2m Br. 2,3m. Húsið hefur verið grafið niður í bæjarhólinn og veggir hlaðnir úr Hraungrýti. Ofan á grjóthleðslunni og þar með ofan á bæjarhólnum má greina 90-100 m breiða og 10-15 m háa garða úr torfi. Líklega leifar af þekjunni. Dýpt niðurgraftar/hæð veggja gæti hafa verið allt að [ólæsilegt] ... ef miðað er við lægstu hæð á inngangi og hæst hæð á vegg við gafl, en gólf hússins er nú þakið hraungrýti en hallar nokkuð frá gafli að inngangi. Hæsta mælanlega hæð á vegg nú er 0,95 m. Vegghleðslan stendur að mestu leiti enn, nema við inngang. Veggir eru vel grónir en hraungrýtið á botni hússins er lítt grasi gróið. Með langhliðunum rétt við innganginn eru lagnir bekkir úr grjóti sjáanlegir. Um 30 cm á br. og 25 cm á hæð, e.t.v. undirstöður að jötum. ... Norðanmegin í bæjarrústum ... Ferhyrndur niðurgröftur, sem liggur frá´SA-NV, með opi til Nvesturs. Gólf hússin óvíst, þar sem grjót fyllir að mestu upp í niðurgröftinn. Allur er niðurgröfturinn mikið gróinn, en þó glittir í steina í vegghleðslum hér og þar í steina á botni. Um 50 cm breiðir og 10-20 cm háa torf bungur/garðar eru sjáanlegir meðfram NA langhlið og gafl. S-vestan megin við húsið er bæjarhóllinn mjög þýfður og þess vegna er ekki greinanlegur garður þar. Innanmál: 1,5-2,5. Innanmál inngangs: u.þ.b. 0,2-1,5m. Inngangur er illgreinanlegur vegna hruns og þýfis. Dýpt niðurgreftrar, eins og hann er nú er 25-60 cm. Hæðarmunur á

túninu framan við inngang og hæstu veggjar hæðar við gafl er um 175 cm. ... Norðvestan í bæjarrústum ... Nær ferningslaga tóft, sem snýr u.þ.b. NA-SV, með inngangi á SV hlið, fast við SA hlið. Veggir eru hlaðnir úr hraungrýti, en hrunið hefur ofan af þeim. Þó er hleðslan, enn vel sjáanleg allstaðar. Veggurinn er nú hæstur í A horni um 90 cm, en lægstur við innganginn eða um 50 cm. Nokkuð hrun er á botni tóftarinnar, mest Nvestan megin, en grjótið er að mestu hulið grasi nú. Ytri brún veggjanna er vel sjáanleg, sérstaklega NV og Naustan megin þar sem einnig sést ytri brún grjóthleðslu. Naustan hleðslan er 110 cm br. Nvestan megin hefur hún líklega verið jafn breið, en mælist nú aðeins 70 cm, enda hrun meira þeim megin. Ytra mál: 5,75x450m. Innra mál: Br. (þ.e. frá NA-SV)=2,50m. L. (þ.e. frá NV-SA) = 2,8 m. ... Vestan í bæjarhúsum ... Um 10 m breið (N-S) og 7-8 m löng (A-V) tóft. Norðan megin við miðju tóftarinnar er lágur (undir 20 cm) og breiður garður [meira en 2 m] sem liggur frá´gafli að inngangi þ.e. A-V. Tóftin er öll opin til vesturs, svo þar hefur sennilega verið viðarþil þó engar leifar af því séu sjáanlegar. Í suðurhlið tóftarinnar er ferhyrndur viðurgröftur 2 m á br. 4 m á l. fylltur upp með hraungrýti gæti verið jarðhýsi. Við austurgafl, norðan við lága garðinn (vegginn) er um 1,5 m breiður bekkur, jafnhár fyrrnefndum garði. Öll er rústin mjög grasivaxinn, nema yfir niðurgreftrinum með hraungrýtinu - og sést ekkert grjót í veggjum, nema á einum stað við austurgafl, sunnan megin." (fornleifaskrá Þjms).

Bæjartóftin er allgreinileg og snýr norður-suður. Tóftin stendur á lágum bæjarhól. Hún er um 23 X 13 m að stærð og virðist hafa skipst í 5 hólf þó skilin milli tveggja þeirra séu ekki skýr. Húsið virðist byggt ofan í bæjarhólinn og hlaðið meðfram hólnum, jafnvel þar sem engin hólf eru. Fram snúa 2-3 hólf. Nyrst er lítið hólf (A=2,5 X 2,5 m að innanmáli) sem er alveg grjóthlaðið að innan en sunnan við það tekur við langt hólf sem virðist helst hafa verið skipt í tvennt með vegg sem nú er alveg hruninn og gróinn. Nyrðra hólfið sem veggurinn myndar (B) er um 2-2,5 m á breidd en 7 m á lengd. Syðra hólfið (C) (sem er einnig syðsta hólf bæjarins) er hinsvegar um 5 m á breidd og 7 m á lengd. Mikið grjót er í þessu hólfi sunnarlega. Ofan við (A) hólfið, á norðurhlið er lítið hólf (D) sem er um 3 m á lengd en 2 m á breidd og er nokkuð að grjóti inn í því. Á vesturhlið bæjarins (að baka til) er eitt hólf (E) hlaðið að innan og 4,5 X2,5 m að stærð. Op er á miðjum vesturvegg þessa hólfs og nokkuð af grjóti er á víð og dreif um hólfið.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Túnakort 1919; Ö-Þorbjarnarstaðir, 2; Þjóðminjaskráning í Hafnarfirði 92-96

GK-166:002 heimild um útihús 64°02.253N 22°02.528V
Útihús var inni í kálgarðinum (012) sem sést enn beint framan við (vestan) bæjartóftina. Bæjartóftin og garðurinn sem merkt eru inn á túnakort frá 1919 sjást enn greinilega en ummerkjum um útihúsið hefur verið rutt út og er það horfið með öllu. Húsið hefur staðið um 10 m norðan við 003 og um 300 m sunnan við Reykjanesbraut. Tóftin hefur staðið inni í kálgarðinum. Túnið er ræktað á hrauni, það er ójafnt með lautum, gjótum og hæðum.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Túnakort 1919


GK-166:003 fjárhústóft 64°02.252N 22°02.513V



"Kindakoti/lambhús. Sunnan við bæjarhús no 72 [001], traðirnar eru á milli bæjarhúsa og kindakofa." segir í fornleifaskrá Þjms. 6 m sunnan við bæjartóftina 001 er tóft. Hún er merkt á túnakorti frá 1919 inni í kálgarðinum sem einnig er merktur á sama kort og sést enn um 300 m sunnan við Reykjanesbraut. Tóftin er inni í kálgarðinum. Túnið umhverfis er gróið hraunlendi þar sem mikið er um hæðir og lautir. Gæti verið sama og 024 "Nær ferningslaga að utan Br. 7-7,5 m (A-V) L. 8m (S-N). Húsið eru tvískipt þannig að í N hluta standa aðeins veggir en í S-hluta er þakið að mestu uppistandandi enn, þó er það mjög sigið niður og komið á það gat í miðju. Veggur sem skilur milli N og S hluta er minna gróinn og því sennilega yngri en veggir sem sjást í V hluta, því má ætla að húsið hafi náð yfir alla veggi en hafi síðan verið minnkað með skilvegg og reft að nýju. Í skilvegg standa enn dyrakamrar (h.100cm, br. 85) Undir þekjunni glittir í bárujárn. N hluti er um 4 m á l (A-V) og 1,6-1,7m, br. (N-S) veggjahæð er nú mest 1,5 og mun það láta nærri því að vera upprunaleg hæð. Á gólfi er mikið grjóthrun. Inngangur (br. 55 cm) er á N-hlið nokkuð austan við miðju. Veggjabreidd er nú 100 cm til 155 cm. Veggir eru allir hlaðnir úr hraungrýti og er hleðslan vel greinanleg þó hún sé nokkuð gróin. Þetta er vel hlaðið, mun betur en skilveggur, sem er nokkuð gisinn. Skilveggur er um 140 m br. Inngangur er í miðjum veggnum (br. 24 cm). Lofthæð yfir inngani er 130 cm. Miðjan er undir þekjunni. Meðfram A og S veggjum eru litlir garðar/jötur. Sauðaskán í gólfi. Innan um drasl í kofanum er m.a. steypt holræsarör af nútímagerð og plastfata. Þetta ásamt því að þekjan stendur nokkuð vel enn benda til að kofinn hafi verið notaður fyrir ekki svo ýkjalöngu." (fornleifaskrá Þjms).

Tóftin er tvískipt. Hún er um 8 X 7 m á breidd og op er á norðurhlið. Ytra (nyrðra) hólfið er um 4,5 m á breidd en 1,5 m á lengd. Í þessu hólfi er nokkuð að grjóti á víð og dreif. Úr því er gengið inni í syðra hólfið en þar er þakið hrunið ofan í þannig að ekki er unnt að mæla innanmál. Tóftin er enn mjög stæðileg þó hún sé nokkuð gróin og eru veggir hennar að mestu hlaðnir úr grjóti, um 1,5-1,6 m á hæð.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Túnakort 1919 og Þjóðminjaskráning í Hafnarfirði 98

GK-166:004 tóft fjárhús 64°02.299N 22°02.445V



"Meðfram austurtúngarðinum lá Straumsstígurinn, og fylgjum við honum norður með garði. Er þá fyrst komið að Lambhúsinu, sem er rétt utan við Lambhúshliðið [013]." segir í örnefnalýsingu. Fjárhústóft er um 20 m norðan við túngarð og 5 m austan við vírgirðingu sem þarna liggur um tún. Tóftin er um 100 m norðnorðaustan við bæjartóftina. Fjárhúsið er um 250 m sunnan Reykjanesbraut.

Tóftin er á hraunsvæði sem er á kafi í grasi. Innantúns er mikið um hæðir og lautir. Kortablað 1513 II/15. Fallega hlaðnir uppistandandi veggir. Hæð þeirra er frá 1,6m á norðurgafli niður í 0,7 m á suðurgafli, þ.e. þeir lækka til suðurs. Br. veggja er um 2 m neðan til en allt niður í 0,5 m ofan til. Veggirnir eru hlaðnir úr hraungrýti að öllu leiti, síðan hefur verið þakið með torfi - a.m.k. langhliðarnar. Inngangur er í suður-enda rétt austan við miðju veggjarins. Br. 45-70 cm. L. 150 cm. H. 60-95 cm. Steinhleðsla/bekkir eru meðfram langhliðum er aðeins norðan við miðju hússins. Þessar hleðslur eru hæstar við Norðurgafl og þar eru sjáanlegar tvær hleðslur eru hæstar við norðurgafl og þar eru sjáanlegar tvær hæðir steina. Hleðsla fer síðan lækkandi til suðurs og nokkru sunnar er aðeins ein hæð steina sjáanleg. Sunnan við miðju langveggjanna gat ég ekki fundið neinar hleðslur, þó þær kynnu að finnast ef grafið væri í svörðinn. Margar skýringar eru mögulegar. Steinarnir fjarlægðir til annarra nota. Jarðvegsþykknun gæti verið meiri sunnan megin. Þó er athyglisvert að bekkirnir eru jafnlangir og háir, og virðast lækka nokkuð jafnt til suðurs, bæði við A og V langvegg. Hæð bekkja nyrst um 45 cm, syðst um 20 cm. Br. 25-40 cm. Innanmál hússins Br. 2,60 m L. 5,20m." (fornleifaskrá Þjms).

Tóftin er um 9 m að lengd en 6,5 m á breidd. Op er á suðurhlið hennar. Hún er einföld og hlaðin úr grjóti en nokkuð gróin. Að innanmáli er tóftin um 6 X 2 m.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort 1919, Ö-Þorbjarnarstaðir, 4 og Þjóðminjaskráning í Hafnarfirði 102

GK-166:006 heimild um lendingu 64°01.404N 22°02.404V


"Heimræði er árið um kring og lendíng góð, en leið til að setja skip mjög ill og erfið; þó gánga skip ábúenda eftir hentugleikum árið um kring. Item hafa hjer bátar frá Bessastaðamönnum gengið til forna, og verið kallaðir kóngsskip, þó ekki stærri en tveggja manna far, og fleiri en eitt í senn um vertíð. Hafa bændur hýst þá, er bátunum róið hafa og ekkert fyrir þegið nema soðníngarkaup af hásetum." segir í jarðabók Árna og Páls. Ekki er vitað hvar þessi lending var en líklegast er að hún hafi verið í námunda við Litla-Lambhaga t.d. þar sem áður var Hlöðuvík skammt suðaustan við bæjarstæði Litla-Lambhaga. Þar sem fjaran var hafa miklar framkvæmdir átt sér stað og var víkin í námunda við þar sem nú er Reykjanesbraut. Þorbjarnarstaðamenn munu hafa átt lendingu á svipuðum stað og Lambahagamenn, líklega í Hlöðuvík (sjá 167:042).

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: JÁM III, 166

GK-166:007 tóft 64°02.425N 22°02.620V

Tóft sést enn vel um 310-320 m norðan við Þorbjarnastaði og um 210 m suðsuðaustan við Straumsbæinn. Tóftin er að hluta undir Reykjanesbrautinni, þ.e. í norðurkanti brautarinnar. Tóftin er til móts við Péturskot og Fagravöll og ekki er ólíklegt að hún hafi verið innantúns áður en Reykjanesbrautin var lögð. Tóftin er í vegakanti Reykjanesbrautar, á hæð rétt ofan við Straumsvík.





Tóft (GK166:007) horft til norðvesturs

Kortablað 1513 II/15, teikning s. 27. "Ferhyrnd grjóthleðsla, mikið hrunin, þó er vesturlangveggur nokkuð heillegur á kafla. Br. = 0,9m H (mesta hæð) = 1,2 m. Breidd að utan máli er 4,8m. Ef gert er ráð fyrir að allir veggir hafi verið 0,9 m breiðir, þá er innri breidd um 3 m. Vegna þess að hluti stekksins er undir vegakanti Reykjanesbrautar og einnig vegna hrauns, er erfitt að sjá nákvæmlega önnur mál. Innri lengd stekksins eins og hún sést nú er 8 m, en hann mun vera eitthvað lengri. Engan inngang er að sjá." (fornleifaskrá Þjms).

Tóftin er ferhyrnd en ekki alveg regluleg. Hún liggur skáhallt til

norðvesturs-suðausturs, en norðvesturveggur hennar er nokkuð mishár og nær hæst í um 1,2 m. Ekki er hægt að greina inngang á tóftinni og ekki má nú greina nema eitt hólf en hluti tóftarinnar er undir Reykjanesbraut og því erfitt að segja nokkuð um upprunalega lögun. Nokkuð af grjóthruni er inn í tóftinni.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Þjóðminjaskráning í Hafnarfirði 115


GK-166:010 túngarður 64°02.293N 22°02.601V
"Túnið var umgirt túngörðum á alla vegu." segir í örnefnalýsingu. "Umhverfis tún [heimatún) Þorbjarnarstaða [er túngarður], fyrir utan garðinn nokkuð gróið hraun." segir í fornleifaskrá Þjms. Túngarður sést enn umhverfis tún á Þorbjarnarstöðum. Garðurinn er hlaðinn úr grjóti og er greinilegur allt umhverfis túnið. Garðurinn er minnst 210-220 m sunnan við Reykjanesbraut. Túngarðurinn er umhverfis tún sem hafa verið ræktuð á hrauni. Í túninu er mikið um hæðir og lautir og gengur garðurinn í miklum hlykkjum og hæðum að þessum sökum. "Túngarðurinn myndar óreglulegan hring ... Að hluta hefur garðurinn verið færður út þannig að leifar tveggja garða er nú að sjá. Girðing hefur verið sett ofan á garðinn hefur verið sett ofan á garðinn og þá ytri garðinn þar sem garðarnir eru tveir. Þetta er gömul gaddavírsgirðing. Op er á gamla garðinum við traðirnar. Vegna hruns er ekki gott að sjá breidd opsins (100-150 cm). Breidd gamla garðsins er 120-150 cm og hæð þar sem hann er minnst hrinin er 140cm. Nýrri garðurinn er einhverskonar undirstaða undir gaddavírsgirðingu og er aðeins einföld eða stundum tvöföld steinaröð hæð = 50 cm. Op er á yfir girðingin við bílatroðninginn að norðan verðu. Garðarnir eru u.þ.b. 500 m langir." (fornleifaskrá Þjms).

Túngarðurinn er óreglulegur. Hann er tvöfaldur á stórum parti og er bilið milli garðanna tveggja nokkuð mismunandi. Frá því að vera 1-2 metrar og upp í þó nokkra metra. Innri garðurinn er breiðari og ellilegri og er hann víða allt að 1,5 m á breidd. Garðarnir eru rofnir á nokkrum stöðum, t.d. þar sem bílsóði liggur inn á túnið. Á ytri garðinum er gömul vírgirðing. Garðarnir eru um 500 m að lengd.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Þorbjarnarstaðir, 2; Þjóðminjaskráning í Hafnarfirði 100

GK-166:011 garðlag traðir 64°02.259N 22°02.475V
"Frá bænum lágu traðir austur túnið og skiptu því í tvennt." segir í örnefnalýsingu. "Austur frá bæjarhúsunum yfir túnið [liggja traðir] til austurs." segir í fornleifaskrá Þjms. Tröðin er merkt inn á túnakort frá 1919. Hún hefst í sundinu milli bæjartóftarinnar og fjárhússins (003) og liggur til austurs að túngarði. Reyndar liggur tröðin áfram til vesturs og er gata alla leið að Brunntjörn en utan túns var þessi gata nefnd Brunngata. Hún er 320-330 m sunnan Reykjanesbrautar. Traðirnar liggja að hluta innan túns, yfir tiltölulega slétt og grasi vaxið hraun. Þær liggja niður í mót í átt að vatninu en verða fljótlega ógreinilegri.

"Traðirnar eru um 80 m langar og liggja nánast beint í austur frá NA horni kofa nr. 98 [089]. Traðirnar eru ekki mjög djúpar en sjást greinilega vegna grjóthleðslu báðum megin við hana. Hleðsla þessi er mjög hrunin og vantar alveg sumstaðar. Breidd traðanna mun hafa verið um 1,5 m., mesta dýpt nú er um 50 cm." (fornleifaskrá Þjms). Traðirnar eru fremur grunnar en hlaðið hefur verið upp beggja vegna við þær.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Þorbjarnarstaðir, 2; Þjóðminjaskráning í Hafnarfirði 99

GK-166:012 gerði kálgarður 64°02.250N 22°02.532V




"Garður. Vestan við bæjarhúsin [001] og umhverfis kofa [003]." segir í fornleifaskrá Þjms. Um 1,5 m vestan við bæjarhúsin (001) eru greinilegar leifar kálgarðs sem merktur er á túnakorti frá 1919 um 300 m sunnan við Reykjanesbraut. Kálgarðurinn er nálega í túninu miðju. Túnið er ræktað á hrauni, það er ójafnt með lautum, gjótum og hæðum. "Hleðsla úr hraungrýti. Allt að því lóðrétt að utanverðu en aflíðandi og gróin að innanverðu. Fyrir sunnan og austan kofa [089] er yfirborð innan hleðslu 50-70 cm hærra, en yfirborð túns fyrir utan hana. Breidd er 50-250 cm. Breiðust er hún þar sem mestur er gróinn halli að innanverðu (torf) en mjóst þar sem torfið/aðkastið vanta (hefur e.t.v. veðrast). Ekki er hægt að sjá neinn mun á gróðri utan við og innan við. Ekki sjást nein merki um

beð eða garða að innanverðu. Um 1,5 m breiður inngangur er við NV horn kofa no [098] í beinu framhaldi af tröðunum. Suður frá SV horni kofa og að Garði er um 8 m. 1. hlaðinn bakki. Hann er um 50 cm hár að vestan en, u.þ.b. jafnhár yfirborði að austan. Á þessum bakka eru nokkrar timburleifar og bútar af hænsnaneti, sennilega leifar af girðingu." (fornleifaskrá Þjms).

Kálgarðurinn er mjög greinilegur. Hann nær frá fjárhúsinu (003) til norðurs (um 1,5 m vestan við 001) í um 24 m. Þá beygir garðurinn til vesturs og liggur um 22 m áður enn hann beygir aftur til suðurs og liggur í boga til suðausturs í um 66 m. Þá beygir garðurinn aftur til norðurs í um 13 m áður enn hann fer til vesturs (8-9 m) aftur að 003. Garðurinn er hlaðinn úr hraungrýti en er nokkuð hruninn víða að innan. Hann er allt frá því að vera um 0,5-0,6 m á breidd og upp í 2,5 m eftir því hversu hruninn og gróinn hann er. Inni í garðinum var áður útihús (002) sem nú er horfið og sléttað.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Þjóðminjaskráning í Hafnarfirði 97

GK-166:013 útihústóft 64°02.299N 22°02.451V




"Rúst, etv. stekkur. Rétt norðan við túngarð (10 m) um 25 m vestur frá tjörn." segir í fornleifaskrá Þjms. Tóft er fast vestan við vírgirðingu sem liggur austan við túnin, 5-8 m vestan við túngarð og um 4-5 m vestan við 004. Tóftin er um 250 m sunnan við Reykjanesbraut. Tóftin stendur á hraunsvæði sem er á kafi í grasi. Kortablað 1513 II/15, teikning s. 21. "Óreglulega lagað gerði úr einfaldri og tvöfaldri röð hraungrýti. Stendur mjög langt ná 1-2 steinaraðir, en þó ekki mikið hraunið grjót að sjá við hleðsluna. Rústin er skammt suður frá fjárhúsum no 102 [015]. Gæti etv. hafa verið heygarður. Í SA enda er enga hleðslu að sjá en lágur gróinn hryggur, þar sem grjót finnst undir gæti verið hleðslan. Grjótið/hleðslan öll er nokkuð gróin." (fornleifaskrá Þjms).

Tóftin er mjög óregluleg og er mynduð úr lágum steinhleðslum. Tóftin virðist vera eitt hólf og er ekki sérstaklega stekkjarleg. Að innanmáli er tóftin um 7 m að lengd en 6 m á breidd. Op er á suðurvegg hennar.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Þjóðminjaskráning í Hafnarfirði 101

GK-166:014 *Réttarstígur* heimild um leið 64°02.284N 22°02.510V

"Frá norðurhliði bæjarins lá svo Réttarstígur út í Réttarhliðið." segir í örnefnalýsingu. Réttarstígur var slóði sem lá í túninu um 100 m norður að Þorbjarnarstaðarétt sem er fast utan við túngarðinn. Leiðin hefur verið á svipuðu slóðum og bílslóði sem liggur nú inn í túnið, á bilinu 200-300 m sunnan við Reykjanesbraut. Ekki eru greinileg merki um stíginn í túninu sem er allt í lautum og hæðum.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Þorbjarnarstaðir, 3

GK-166:015 tóft 64°02°299N 22°02.435V




"Garður/girðing. Rétt sunnan við fjárhús [004]." segir í fornleifaskrá Þjms. Um 5 m sunnan við 004 er ferhyrnd tóft. Suðvestan við horn tóftarinnar er um 1 m vestur að vírgirðingunni sem liggur um austurhlið túnsins. Tóftin er 220-230 m sunnan við Reykjanesbraut. Tóftin er á hrauni sem er á kafi í grasi. Innan túns er mikið um hæðir og lautir. "Ferhyrnt gerði skammt suður af fjárhúsi [013]. Stærð/innanmál. Vesturhlið = 5,3m Austurhlið = 7,5m Norðurhlið = 11,5. Suðurhlið = 10m. Garðurinn er hlaðinn úr hraungrýti og er tyrft að innanverðu. Inngangur er á u.þ.b. miðri N hlíð gegnt fjárhúsinu (Br. 50 cm L. 75 cm). Hæð garðsins er nú 50-100 cm og Br. 75-200 cm. Girðing hefur verið ofaná garðinum og standa nokkrir staurar enn og er á þeim gaddavír." Tóftin er 10 X 14 m að stærð. Hugsanlegt er að op hafi verið á norðurhlið en nú er það mjög óskýrt. Hleðslur tóftarinnar eru um 0,6 m á hæð.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Þjóðminjaskráning í Hafnarfirði 103

GK-166:016 útihústóft 64°02.314N 22°02.467V

"Rétt norðan við túngarð og vestan við fjárhús [004] er stekkur." segir í fornleifaskrá Þjms. Tæpum 10 m ofan (norðan) við 004 eru rústir af einhvers konar útihúsi eða stekk. Tóftin er um 2 m austan við vírgirðingu sem liggur austur með Þorbjarnarstaðatúnum. Tóftin er 220-230 m sunnan við Reykjanesbraut. Tóftin er á hrauni sem er á kafi í grasi. Innantúns er mikið um hæðir og lautir. Kortablað 1513 II/15. "Húsið snýr NV-SA og er NV gafl hraunklettur sem


slútir nokkuð fram. Á klettinn er hlaðið að ofan, til að fylla upp í ójöfnunar á honum. NA hlið er að nokkru leiti grafin inn í hæð og hlaðin er hraungrýti sem nú er mjög gróið. SV hlið er hins vegar öll hlaðin upp af hraungrýti. Dyr eru í austuredna SA gafls (L. 1,45m BR. 0,5m) og þar fyrir utan er lítill garður sem myndar e.k. stekk. Hæð á NV gafli = 1,6-1,75m. Hæð á NA hlið = 1-1,6m. Hæð á SV hlið = 0,6-1,3m. Hæð á SA gafli = 0,7m. Breidd veggja 1,5-1,7m. Langveggir eru hlaðnir þannig að efri hluta veggjanna er mismunað úr á við, þannig að bekkir myndast meðfram þeim. Hþ 40-50 cm. Br. 30-40 cm. Gólf er allt grasi gróið, tiltölulega slétt og lítið um hrunda steina á því. Innra mál 6,5x3,1m." (fornleifaskrá Þjms).



Tóftin skiptist í tvö hólf og jafnvel má greina óljósari leifar þess þriðja við suðvesturhornið. Tóftin er byggð upp við klettabelti. Stærsta hólf tóftarinnar snýr norður-suður og er 7 X 2 m að innanmáli. Hólf þetta er byggt upp í klettabeltið (sem á þessum stað slútir nokkuð fram). Erfitt að greina utanmál. Op er austarlega á suðurvegg þessa hólfs og er þá gengið út í annað hólf sem snýr austur-vestur. Hleðslurnar í þessu hólfi eru mun lægri en í áðurnefndu hólfi. Það er 7 X 4,5 m að utanmáli (5,5 X 3 m að innanmáli). Norðurhlið þessa hólfs er að hluta byggð inn í klettavegginn. Vestan við vesturvegg þessa hólfs og sunnan við hluta af suðurvegg fyrrnefnds hólf virðist svo mega sjá móta fyrir þriðja hólfinu sem er 2 X 2 m að innanmáli.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Þjóðminjaskráning í Hafnarfirði 104

GK-166:017 *Mosastígur* heimild um leið 64°02.218N 22°02.540V
"Í skrá Gísla Sigurðssonar segir: "Heiman frá bænum í suðvestur lá Mosastígur út í Mosaskarð, sem þar var á garðinum." Þessi örnefni kannast sr. Bjarni og heimildarmenn hans ekki við." segir í örnefnalýsingu. Ekki sést nú neinskonar stígur til suðvesturs frá bænum. Stígurinn hefur legið í gegnum túnið sem er gróið í hæðóttu hraunlendi.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Þorbjarnarstaðir, 3

GK-166:019 tóftir 64°02.334N 22°02.286V



Um 110 m næstum beint vestan við sumarbústaðinn (þar sem Gerðisbærinn var), eru nokkrar tóftir. Tóftirnar eru austan við Brunntjörn en 110-120 m suðsuðvestan við 045. Tóftin er nálægt því að vera um 270 m sunnan við Reykjanesbraut. Hæðótt og gróið hraunsvæði milli tjarna. Á svæðinu er lítill trjálundur í skjóli við klettabelti. Fyrst er að telja garð sem liggur skáhallt frá Brunntjörn til suðausturs í um 23 m. Garður þessi endar í gróinni tvískiptri tóft. Hún er um 10 m á breidd en 5-6 m á lengd. Engin veggur er fyrir norðurhlið vestara hólfsins og hvorki fyrir vestur- né austurhlið þess austara. Frá þessari tóft gengur garður sem tengir hana við stórt hólf sunnar. Það er um 50 m á breidd og 20 m á lengd (í miðju en um 10 m til endanna). Austurhlið þess er klettaveggur og inn í því eru nokkur, fremur ræfilsleg tré. Suðurveggur þessa hólfs heldur áfram til austurs, upp á klettabeltið sem hólfið er byggt við og áfram í átt að einum anga Gerðistjarnar. Vestan við garðinn, skammt vestan við tjörnina, er að auki annað hólf um 20 X 20 m að innanmáli. Garðurinn endar úti í tjörninni í vinkilhorni.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

GK-166:020 hleðsla brú 64°02.438N 22°02.605V
"Stífla/Brú, Steinbrú. Liggur milli fastalands og hólma í Straumsvík innarlega, um 10 m norðan við Reykjanesbraut." segir í fornleifaskrá Þjms. Steinbrúin er hluti af Pétursspori. Hún er um 15 m sunnan við Reykjanesbraut og norðaustan við tóft (019). Hleðslan er í Straumshólmum sem eru mosa- og grasivaxnir klettahólmar. Kortablað 1513 II/15. "Um 0,5 m hár 8 m l. og 2-1,5 m breiður grjótgarður milli lands og hólma. yfir hann er hægt að komast þurrum fótum, nema í stórstraumsflóði. Garðurinn er nú mjög grýttur og erfiður yfirferðar en líklega hefur verið tyrft ofan á hann svo að bæði menn og skepnur hafi átt auðvelt með að ganga í hólmann, því hann er vel grasi gróinn og góður til beitar. G.S. segir að vegir eða hleðslur sem þessi yfir tjarnir o.s.frv. hafi verið kallaðir steinbogar. Í Örnefnaskrá G.S. yfir Þorbjarnarstaði er talað um stíg út í Hólmana, sem kallaður var Pétursspor [028]." (fornleifaskrá Þjms). Hleðslan er 7-8 m á lengd og um 1,5 m á breidd. Hæð hennar er 0,4-0,5 m.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Þjóðminjaskráning í Hafnarfirði 116


GK-166:021 *Brunntjörn* hleðsla brunnur 64°02.281N 22°02.353V
"Frá traðarhliðinu lá Brunngatan út í Brunninn, sem var í Brunntjörninni." segir í örnefnalýsingu. Brunntjörn er beint austur af Þorbjarnarstaðabæ. Traðirnar liggja til austurs frá sundinu milli bæjar og útihúss (003) og að túngarði en þaðan tekur Brunngatan við niður að tjörninni. Síðasti hluti Brunngötunnar gengur út í tjörnina og við enda hennar sést enn hringlaga hleðsla utan um "brunninn". Brunnurinn er 310-320 m sunnan við Reykjanesbraut. Brunnurinn er úti í Brunntjörn en nokkuð grunnt er í og við hann. Brunnurinn er um 1,5 m í þvermál og nú mjög grunnur.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Þorbjarnarstaðir, 4


Brunnur (GK-166:026) horft til austurs

GK-166:022 *Brunngata* vegur leið 64°02.280N 22°02.358V
"Frá traðarhliðinu lá Brunngatan út í Brunninn, sem var í Brunntjörninni." segir í örnefnalýsingu. Brunngata er í raun framhald traðanna sem liggja til austurs frá bænum og er Brunngötunafnið notað yfir þann hluta leiðarinnar sem liggur utantúns og niður að Brunntjörn. Síðasti hluti götunnar er hlaðinn út í tjörnina. Gatan er 310-320 m sunnan við Reykjanesbraut. Slóðinn liggur yfir gróið hraun og út í Brunntjörn. Gatan er greinileg fast utan við tún en verður eilítið ógreinilegri á kafla ofan tjarnarinnar. Áður en að tjörninni er komið má svo aftur greina slóðann þar sem hann liggur út í tjörnina. Hleðslan sem liggur út í vatnið er um 12 m á lengd og mest um 1,8 m á breidd. Hleðslan er mest 0,4 m á hæð.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Þorbjarnarstaðir, 4

GK-166:023 *Straumsstígurinn* gata leið 64°02.308N 22°02.444V
"Meðfram austurtúngarðinum lá Straumsstígurinn, og fylgjum við honum norður með garði." segir í örnefnalýsingu. Straumsstígurinn er enn vel greinanlegur austan með túngarðinum. Hann lá frá Straumi, undir þar sem Reykjanesbrautin liggur nú meðfram túni á Þorbjarnarstöðum og áfram til suðurs. Stígurinn sést sem einskonar dæld í grasi vaxið hraunið austan túngarðs.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Þorbjarnarstaðir, 4

GK-166:025 *Þorbjarnarstaðarétt* réttartóft 64°02.310N 22°02.549V



"Við norðurtúngarðinn var Þorbjarnarstaðarétt, vel hlaðin rétt af grjóti. Þar var haustrétt fyrir Innhraunin eða Austur-Hraunabæi, þ.e. Litla- og Stóra-Lambhaga, Gerði, Þorbjarnarstaði og Péturskot." segir íörnefnalýsingu. Um 100 m norðan við bæjartóftina og fast norðan við túngarðinn þar sem hann fer yfir háar klappir stendur réttin enn. Réttin er fast vestan við bílslóðann sem liggur inn túngarðinn á Þorbjarnarstöðum og um 200 m sunnan við Reykjanesbraut. Réttin er fast norðan við túngarðinn þar sem hann liggur ofan á Sölvhól sem er aflöng klöpp. Þessi klöpp er að hluta notuð í suðurvegg tóftarinnar. "Réttin er byggð norðan íhraunklöppum, og nýtast klappirnar þannig sem veggir. Þó er að mestu hlaðið hraungrýti ofan á klappirnar þ.e. hlaðnir veggir. Veggir eru mjög misþykkir, og eru þeir sumstaðar aðeins hlaðnir út einfaldri röð steina, en annarstaðar eru þeir allt að 2 m þykkir. Veggirnir eru hlaðnir úr meðalstóru (20-50 cm á kant) hraungrýti, og eru um 1,6 cm háir þar sem þeir standa hæst nú. Sumstaðar er nokkuð hraun, en hvergi svo mikið að ekki sé hægt að sjá staðsetningu þeirra vel. Nokkrar timburleifar eru í réttinni. Eru það [ólæsilegt]lega leifar af hliðargrindum við innganga en einnig eru hér nokkrar trönur, allt nokkuð fúið. Réttin myndar einn almenning og tvö minni hólf til sitthvors enda. Hún er um 33 m löng og 10 m breið þar sem hún er breiðust (Hér er því um frekar litla rétt að ræða, sennilega aðeins verið ætluð til brúks frá Þorbjarnarstöðum)." (fornleifaskrá Þjms).

Réttartóftin er um 32 m að lengd en um 10 m á breidd. Hún samanstendur af 4 hólfum. Vestast er hólf sem er 10 X 10 m að utanmáli og ekki er lengur greinilegt op á því. Austan þess er stærsta hólf réttarinnar en það er 18 X 6 m að stærð og eru 3 op á því. Fyrst er að nefna op vestarlega á norðurhlið garðsins. Annað op er fremur norðarlega á austurvegg hólfsins. Í þriðja lagi er svo opið (enginn veggur) fyrir vesturhlið minna hólfs sem gengur út úr því áðurnefndu. Þetta hólf er 4 X 2,5 m að innanmáli. Fast austan þess er annað hólf en ekki er opið á milli. Þetta austasta hólf tóftarinnar er 2,5-3 m á breidd og 5 m á breidd. Réttin er byggð inn í hraunklappir sem eru sunnan í/við tóftina en þó er hlaðið allan hringinn. Veggir tóftarinnar eru misþykkir allt frá 0,4-0,5 til 2 m. Í tóftinni eru leifar af timbri.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Þorbjarnarstaðir, 4; Þjóðminjaskráning í Hafnarfirði 105


GK-166:026 *Péturskotsstígur* gata leið 64°02.381N 22°02.543V


"Litlu norðar var Péturskotsstígur. Hann lá yfir að Péturskoti, sem var þurrabúð í Þorbjarnarstaðalandi." - "Norðan traðarveggsins nyrðri var í túninu Dalurinn nyrðri, smádalur, sem dýpkaði og endaði með hamravegg og hálfgerðum skúta. Kringum dalinn var Flötin nyrðri, lítil lægð í túninu. Hér um lá Lambhúsgatan eða Sjávargatan út gegnum Lambhúshliðið eða Sjávarhliðið." segir í örnefnalýsingu. Stígur lá frá bænum á Þorbjarnarstöðum og fram hjá Lambhúsinu (004), áfram til Péturskots og síðan til sjávar. Þessi stígur var því ýmist nefndur Lambhússtígur, Péturskotsstígur eða Sjávarstígur eftir því hvert til stóð að fara. Slóðinn sést í námunda við Fagravöll, neðan við Línuveg og að bæjarstæði Péturskots en hverfur þar undir Reykjanesbraut. Gatan liggur að mestu um gróið hraun. Víða má enn sjá dæld í gróið hraunið þar sem gatan hefur legið.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Þorbjarnarstaðir, 4

GK-166:027 *Péturskot* bæjarstæði bústaður "Litlu norðar var Péturskotsstígur. Hann lá yfir að Péturskoti, sem var þurrabúð í Þorbjarnarstaðalandi. Var það fyrst byggt fyrir aldamót af Pétri Péturssyni, Helgu konu hans og Signýju dóttur þeirra. Þarna var ofurlítið tún, og var túngarður umhverfis það." segir í örnefnalýsingu. Péturskot er 220-230 m norðnorðaustan við Straumsbæ og 280-290 m suðsuðvestan við Þorbjarnarstaðabæ. Péturskot er fast sunnan Reykjanesbrautar og ganga austur og vesturtúngarðar bæjarins undir veginn. Ekki eru nú miklar leifar bæjarins eftir en þó má sjá rústir 5 m sunnan við Reykjanesbraut og 80-90 m austar en heimreiðin heim að Straumi. Vesturhlið túngarðsins fer undir Reykjanesbraut um 26 m vestan við bæjarrústina og 50-60 m austan við afleggjarann að Straumi en austurhliðin fer undir Reykjanesbraut um 20 m austan við tóftina. Um 50 m austan við austari túngarðinn og rétt ofan við Reykjanesbraut eru tveir steyptir grunnar. Kotið er byggt í grónu hrauni. Túnið er í hæðum og lautum. "Garðurinn kemur undan Reykjanesbrautinni að austan og stefnir um 25-30 m í SA. Þar sem hann endar við inngagn. Inngangurinn er um 1,75m breiður og myndar hús/fjárhús nr 112 vesturhlið hans. Vestan frá nr. 112 heldur garðurinn fyrst í SV og síðan vestur yfir nokkuð slétt eða ávalt tún og fylgir klöppunum. U.þ.b 80 m vestan við fjárhúsin sveigir garðurinn til norðurs niður dálitlar klappir en sveigir svo til NA og endar hann við langar klappir um 10 m suður af Reykjanesbraut. Garðurinn er gerður úr hraungrýti, en er mjög misjafnlega þykkur. Einna best hlaðinn er hann austan megin, frá Reykjanesbraut að inngangi. Hér er hann 1,2 m á hæð þar sem hann er hæstur og 1-1,3 m á breidd. Frá fjárhúsi og vestur og norður og niður klappirnar er garðurinn aðeins einföld og stundum tvöföld röð grjóts og mjög lágur (e.t.v. tekið grjót úr honum). Norðan við er hann aftur orðin breiður en hér er hann mjög mikið hruninn fyrir utan áðurnefnt fjárhús er í túninu hús hlaðið úr hraungrýti. Fleiri rústir gætu verið í túninu enn erfitt er að sjá þær vegna þess hve ójafnt þar er, sérstaklega norðanmegin. ... Nokkuð gróin [fjárhús]rúst úr torfi og grjóti. Húsið er hlaðið utan í lágar hraunklappir að vestanverðu og mynda þessar klappir hluta af SV gafli og NV langhlið. Mikið grjóthröngl er inni í rústinni norðanverðri og austan við NV langhlið. Veggir eru nú fremur lagir eða 0,5-1 m að undan skyldu SV horninu sem er nú um 1,5 m á hæð. Grjóthrönglið sýnir hrun en einnig gæti grjót hafa verið tekið úr rústinni, þar sem hún er lág. Innanmál hússins er L. 3,1m Br. 2,4m Br. veggja er 0,8-2m. Meðfram NV langhlið er hleðsla/brekkur, sennilega undirstaða fyrir jötu. H=0,5 Br. = 0,5. ... Vegghleðslur [bæjarhúsanna] úr hraungrýti sem mynda tvö afmörkuð svæði. Nyrðra svæðið hér hallað A, hefur 4 veggi og er inngangur á NA hlið rétt norðan við miðjan vegg,





Tóft (GK-166:027) horft til norðvesturs

og er breidd hans 0,5m. Syðra svæðið, hér hallað B, hefur aðeins 3 veggi þ.e. virðist hafaverið opið til Masturs. Öll er rústin mjög hrunin, og því ekki hægt að sjá mörk veggja allstaðar. Veggirnir hafa verið hlaðnir úr hraungrýti og múrað á milli. Í svæði A er niðurgrafinn kjallari með samskonar hleðslu. Í veggjum Br. 2m L. 4m. Breidd veggja þar sem hún sést nú er um 0,7 m. Ofan á vegg, rétt við innganginn á svæði A er á einum stað slétt múrhúð. Því verður að teljast líklegt að hér sé um að ræða undirstöður undir hús með kjallara." (fornleifaskrá Þjms).

Túngarðurinn er samtals um 215 m langur. Austur- og vesturhlutar hans enda til norðurs við Reykjanesbrautina og norðurhluti garðsins sést ekki lengur. 50-60 m eru á milli austur- og vesturhluta túngarðsins þar sem þeir hverfa undir Reykjanesbraut. Á milli þeirra eru leifar Péturskots en þær eru nú að miklu leyti skemmdar. Þar sést þó hvar húsin hafa staðið og er þar mikið að grjóti. Suðaustan í býlisstæðinu má sjá ferhyrnt hólf 4 X 3 m að stærð og opið til austurs. 3 m suðaustan við þetta hólf er veggur sem snýr austurs-vestur og hefur verið byggður upp við klettavegg sem liggur norður-suður. Ef austurhluta túngarðsins er fylgt til suðurs frá Reykjanesbraut er komið upp á fjárhús sem er við inngang á túngarði og myndar þannig sjálft hluta af garðinum. Tóftin er 7 X 5 m að stærð, grjóthlaðin að innan og op er á austurvegg hennar. Suðvestan við húsið virðist vera annað óskýrara hólf. Fast norðan Reykjanesbrautar er tóft sem hugsanlega gæti verið í samhengi við tóftir í Péturskoti (sjá 166:019).

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Þorbjarnarstaðir, 4; Þjóðminjaskráning í Hafnarfirði 111, 112, 113

GK-166:028 *Pétursspor* brú leið 64°02.464N 22°02.611V

"Pétursspor var stígur, sem lá heiman frá bæ niður á Straumshólana og um Straumsrásirnar frá Straumstjörn." segir í örnefnalýsingu. Pétursspor var nyrsti hluti leiðarinnar frá Péturskoti og fram í Straumshólmana kallaður. Nokkrar hlaðnar brýr voru á leiðinni og er ein þeirra um 70 m norðan við Reykjanesbraut og 15-20 m suðvestan við 042. Frá Péturskoti lá Pétursspor fram á grasi grónu hólmanna í Straumsvíkinni og milli þeirra. "Kortablað 1513 II/15. "Um 6 m langur og 2 m breiður grjótgarður, sem tengir tvo hólma þ.e. þann syðsta í víkinni og þann næsta fyrir norðan. Garðurinn er mjög úr langi genginn og varla hægt að greina neina eiginlega hleðslu, heldur líkist hann mest grjóthrúgu. Mesta hæð garðsins nú er um 1 m." (fornleifaskrá Þjms).

Stíginn má greina sumsstaðar í hólmunum en greinilegastur er hann þó þar sem "brýr" hafa verið hlaðnar milli hólmanna í þeim tilgangi að gera fólki kleyft að komast þurrfóta á milli. Umrædd brú liggur norður-suður. Hleðslurnar eru nokkuð hrundar og eru mest 0,8-0,9 m á hæð en um 2 m á breidd. Brúin er um 6 m löng.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Þorbjarnarstaðir, 4 og Þjóðminjaskráning í Hafnarfirði 120

GK-166:030 *Sporið* brú leið 64°02.560N 22°02.573V

"Annar stígur lá austur hólmana og nefndist Sporið." segir í örnefnalýsingu. Sporið var nefndur sá hluti leiðarinnar um hólmanna sem lá til austurs. Nyrsta brúin á þessari leið var um 150 m norðan við Reykjanesbraut og snýr norður-suður. Brúin er 50-60 m norðaustan við 042. Hleðslan brúar bil milli tveggja hólma í Straumsvík. Þurrt er á milli þessara hólma á fjöru og þá liggur hleðslan yfir fremur grunna og grýtta dæld. Hleðslan er 7-8 m að lengd og mest um 1 m á breidd. Hæð hleðslunnar er 0,3 m.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Þorbjarnarstaðir, 5

GK-166:039 *Hraunhornsstígur* heimild um leið 64°02.428N 22°02.171V

"Úr Hjallatúni lá Hraunhornsstígur upp á Hraunhornið og suður á alfaraleið." segir í örnefnalýsingu. Stígurinn lá úr Hjallatúni sem er fast neðan/norðan við Reykjanesbraut og vestan við afleggjara að álveri og þaðan til suðausturs upp á hraunbrúnina, til vesturs hjá Gerði og þar suðaustan við sameinaðist vegurinn alfaraleiðinni. Stígurinn lá fast sunnan við vörðu sem enn sést 160-190 m sunnan Reykjanesbrautar og 95 m norðaustan við Gerði (166:045). Slóðinn var nálægt því þar sem bílslóði liggur nú til Gerðis uppi á Hraunhorninu. Lítt gróið hraun. Þar við stendur varða á hól og er hún bæði greinanleg frá Reykjanesbraut og Gerði.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Þorbjarnarstaðir, 6

GK-166:042 brú leið 64°02.453N 22°02.584V

"Stífla/Brú. Steinbrú. Milli hólma í Straumsvík, norðan [028]." segir í fornleifaskrá Þjms. Brúin er 80 m norðan við Reykjanesbraut, liggur austur-vestur og tengir saman tvo hólma. Vestari hólminn sem brúin tengir saman er einnig tengdur með brú til suðurs. "Vík með grasigrónum hólmum og grýttum skerjum." "Um 3 m langur og 0,9 -1,5 m breiður (Breikkar til vesturs) garður milli 2 hólma í Straumsvík. Hleðslan hefur haldið sér nokkuð vel. Um þennan garð gildir það sama og um hina garðana milli hólmanna að líklegt verður að teljast að tyrft hafi verið ofan á þá, þó nú sé aðeins grjótið eftir. Mesta hæð garðsins nú er 0,9 m." (fornleifaskrá Þjms). Brúin er mun breiðari að vestan eða (1,5-1,7 m) en austan (um 1 m). Hún er um 1 m á hæð en 3 m á lengd.


Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Þjóðminjaskráning í Hafnarfirði 121

GK-166:044 *Gerðisstígur* gata leið 64°02.431N 22°02.308V

"Nokkru sunnar má enn sjá Suðurnesjaveginn ofan af Brunanum niður af Hraunhorninu. En af honum lá Gerðisstígur heim að Gerði eða Gerðisbæ, sem stóð í hjalla í Gerðistúni." - "Úr [Brunaskarðinu] liggur alfaraleiðin vestur um Hraunin ofan eða sunnan garðs á Þorbjarnarstöðum. Þegar hér er komið, verður fyrir sígur, er liggur frá Gerðinu, nefnist Gerðisstígur. Liggur stígur þessi suður með vesturbrún Brunans. Skammt sunnar lá stígurinn um Hólsskarð milli Brunans og Hólanna, og var hann því allt eins nefndur Hólaskarðsstígur." segir í örnefnalýsingu. Gerðisstígur var stuttur. Hann lá með vesturbrún brunans rétt við þar sem vegaslóðinn liggur nú að Gerði (045). Stígurinn liggur yfir hraun sem að nokkru leyti hefur verið raskað. Rétt austan við veginn að Gerði má greina vegaslóða sem hefur verið gerður í hraunið. Slóði þessi er greinilegur langleiðina að Gerði.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Þorbjarnarstaðir, 6, 11

GK-166:045 *Gerði* bæjarstæði bústaður 64°02.378N 22°02.261V




"Nokkru sunnar má enn sjá Suðurnesjaveginn ofan af Brunanaum niður af Hraunhorninu. En af honum lá Gerðisstígur heim að Gerði eða Gerðisbæ, sem stóð í hjalla í Gerðistúni." segir í örnefnalýsingu. Árið 1901 bjuggu 7 manns í (Hraun) Gerði. Gerðisbærinn stóð þar sem nú er sumarbústaður/fundahús álversins, 170-180 m sunnan við Reykjanesbraut. Gerði hefur staðið á myndarlegum, grónum hól sem ekki virðist mikið hafa verið skemmdur við gerð sumarbústaðarins. Um 30-40 m suðvestan við sumarbústaðinn, neðan hólsins, eru leifar að útihúsi.

Gerðisbærinn stóð upp á hól þar sem nú er sumarbústaður en útihús frá bænum sést enn neðan við hólinn. Gróið hraunsvæði. Tóftin sem enn sést er 9-10 m á breidd en erfitt er að áætla lengd hennar þar sem hún er byggð upp í/inn í hæð til suðurs. Hún hefur þó líklega verið um 7 m að lengd. Tóftin skiptist í tvö hólf sem bæði eru opin á norðurhlið. Austara hólfið er 5 X 3,5 m að innanmáli og er með op vestast á norðurhlið. Vestara hólfið hefur hins vegar engan vegg að norðan en hólfið er um 4 m á lengd en 2,5 m að breidd. Bæði eru hólfin grjóthlaðin að innan og er tóftin aðeins gróin að utan.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Þorbjarnarstaðir, 6; SS: Saga Hafnarfjarðar, 402

GK-166:047 *Gerðisvatnsból* heimild um vatnsból 64°02.394N 22°02.295V
"Niður undan Hjallanum voru Gerðisbalar, Stóri-Bali nær og Litli-Bali fjær. Norðan Balana var Gerðistjörn. Í henni var Gerðisvatnsból ..." segir í örnefnalýsingu. Gerðisvatnsból var í Gerðistjörn, beint niður af Gerðisbæ.
Tjörnin er umkringd grónu hrauni. Tjörnin er 100-150 m sunnan við Reykjanesbraut.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Þorbjarnarstaðir, 6

GK-166:054 *Kapellan* hleðsla bænhús 64°02.640N 22°01.743V



"Landamerkjalínan liggur úr Þórðarvík suður og upp um Leynidali og síðan áfram upp austurbrún Brunans. Alfaraleiðin lá suðvestur eftir Brunanaum. Nær miðju var Kapellan, húsnefna hlaðin úr grjóti uppi á hól. Var hún 2 x 2 metrar að ummáli, og sneru dyr í vestur. Kapella þessi var helguð heilagri Barböru, sem var verndari ferðamanna og gegn hvers konar háska af eldsvoða." segir í örnefnalýsingu. Kapellan er um 40 m sunnan við Reykjanesbraut og álverið, nálega beint sunnan við álversskiltið. Kapellan er tæpum 600 m austan við vegaslóðann að álverinu. Öllu umhverfi kapellunnar hefur nú verið umturnað og rutt út. Hún stendur nú ein eftir óhreyfð á hæð í flatneskjunni. Kapellan er nálega 7 m að lengd en 4,5 m á breidd og er nú hlaðin í um 1,7 m hæð. Hún er rúmlega 2 m á lengd en tæpir 2 m á breidd að innanmáli.

Nánari lýsingu á henni er að finna í Árbók ferðafélags Íslands. Þar er kapellan kölluð grjótdys og þar segir að einn af mönnum Kristjáns skrifara hafi verið dysjaður þar. "Sóknarlýsingin segir aftur á móti, að upphlaðin grjóthrúga, sem nefnist "Kapellan" - um það bil úti í miðju hrauni fast við veginn - sýni staðinn, þar sem dysjaðir séu Bessastaðamenn, sem drepnir hafi verið til hefnda fyrir Jón Arason. Íslenzkar þjóðsögur tala þó um þessa grjóthrúgu sem nokkurs konar kapellu, þar sem grafinn hafi verið einn af umboðsmönnunum á Bessastöðum, sem ráðizt hafi verið á og drepinn í hrauninu." "Kapellu-tóftin í Kapelluhrauni, þar sem sagt er að lík Kristjáns skrifara hafi verið násett stendur enn að mestu. Raunar er hún nokkuð hrunin utan, einkum vesturgaflinn, og eru dyrnar hrundar saman. Innan er tóftin að öðru leyti hér um bil heil. Er hún hlaðin úr smáum flötum hraunhellum. Hún er nálægt jöfn á lengd og breidd, ekki fullar 4 álnir. Þakið er dottið ofan í tóftina.



Kapellan (GK-166:054) horft til norðausturs

það mun hafa verið hlaðið saman í topp, einnig úr hraunhellum."BJ 1902. "Í þjóðsögum Jóns Árnasonar er stutt frásögn um Kapelluhraun og Kapelluna, og er henni lýst þannig: "Hún er að norðanverðu við veginn, hlaðin upp af hellugrjóti í lögun eins og borg. Dyrnar hafa snúið móti suðri, en nú eru þær fullar og mold og mosa. Kapellan er og hærri að norðan en sunnan. Sagt er, að í Kapellunni sé grafinn einn af umboðsmönnum þeim, sem áður voru á Bessastöðum. Var honum gert umsátur þarna í hrauninu, drepinn þar og grafinn". "...

Hinn 21. maí 1950 var Kapellan rannsökuð eftir því sem kostur var á. ... Þegar við hófum rannsóknina, var húsalag rústarinnar svo skýrt, að engum gat blandast hugum um, að þarna hefði staðið hús og ekkert annað. ... einhver hefði rifið upp grjót innan úr tóftinni, enda þóttumst við sjá þess ótvíræð merki að tekið hefði verið mikið grjót við austurgafl, bæði stærri steinar, sem oltið höfðu úr veggjum, og smásteinar úr gólfi, og hafði þessu grjóti verið varpað yfir í vesturendann. Lá þar dyngja mikil, og sá ekki fyrir dyrum eða dyrakömpum að vestan. Einhver hefur þannig grafið niður með austurgafli og alveg niður á gólf eða jafnvel niður úr gólfi, ... Við tíndum það sem eftir var af grjóti úr tóftinni, og kom þá lögun hennar skýrt fram. Kapellutóftin snýr austur-vestur, þó ekki alveg eftir áttavita, heldur veit framstafninn ögn til suðvesturs. Hann er þó kallaður vesturhlið hér og aðrar hliðar eftir því. Tóftin er öll lögulega hlaðin úr hraunsteinum, og halda veggir sér furðu vel, einkum að innan. Lengdin er 2,40 m, breidd við vesturgafl 2,20 m, en við austurgafl 2,10, og má það í rauninni heita sama breidd austast og vestast. Hæð veggja að innan er 1,80 m við austurgafl, 1,20 í suðvesturhorni. Þar sem hægt er að mæla veggjaþykkt, er hún um 1 m. Á vesturgafli eru dyrnar, og eru dyrakampar meira hrundir en aðrir veggir, einkum þó syðri dyrakampur, en þó eru þeir mjög skýrir. Ekki grófum við alveg út að dyrum, og var það gert í því skyni, að auðveldara væri að koma rústinni í samt lag eftir rannsóknina. Inn úr dyrum hússins voru flatar hraunhellur í gólfi, enda einnig lítils háttar í suðausturhorni, og virðist svo sem allt hafi gólfið verið flórað, en hellur að miklu leyti rifnar upp, þegar gert var rask það, er að framan getur. Á gólfinu sást töluvert af rauðbleikri ösku og viðarkolabútar í, einkum neðst. Miklu meira bar þó á öskunni en kolamolum. Langmest var af öskunni í suðvesturhorni tóftarinnar. Í öskunni voru naglarnir og leirkerabrotin, sem talin verða hér á eftir, en þó strjálingur þessara hluta um gólfið allt. ... Ekki virðist ástæða til að efa, að Barbörulíkneskið [sem fannst í tóftinni] sé frá kaþólskum tína. ... Líkneskið sýnir þá, að húsrúst þessi mun vera síðan fyrir siðaskipti, því að óhugsandi virðist með öllu, að það hafi borizt í rústina á seinni öldum." KE, GG, Jóhann Briem og Jón Jónsson 1950.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Þorbjarnarstaðir, 10-11; KK: Íslenskir sögustaðir I, 21; Árbók 1903, 34; Árbók Ferðafélagsins 1936, 28; Árbók 1955-1956, 5-15

GK-166:057 *Dysin* heimild um legstað 64°02.615N 22°01.744V

"Sagnir voru um, að einn sveina Kristjáns skrifara, sem drepinn var á Kirkjubóli í Miðnesi, hafi verið dysjaður við Kapelluna. Var því þarna stundum kölluð Dysin eða Kapelludys." segir í örnefnalýsingu. Ekki hafa fundist neinar vísbendingar um legstað í eða við kapelluna sem er um 600 m austan við afleggjara að áveri og um 40 m sunnan við Reykjanesbraut. Öllu umhverfi kapellunnar hefur nú verið umturnað og rutt út. Hún stendur nú ein eftir óhreyfð á hæð í flatneskjunni. "Sóknarlýsingin segir aftur á móti, að upphlaðin grjóthrúga, sem nefnist "Kapellan" - um það bil úti í miðju hrauni fast við veginn - sýni staðinn, þar sem dysjaðir séu Bessastaðamenn, sem drepnir hafi verið til hefnda fyrir Jón Arason. Íslenzkar þjóðsögur tala þó um þessa grjóthrúgu sem nokkurs konar kapellu, þar sem grafinn hafi verið einn af umboðsmönnunum á Bessastöðum, sem ráðizt hafi verið á og drepinn í hrauninu."


Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Þorbjarnarstaðir, 11; KK: Íslenskir sögustaðir I, 21

GK-166:070 *Pétursrhóf* tóft 64°02.428N 22°02.636V

"Milli lands þessara jarða [Þorbjarnarstaða og Stóra-Lambhaga] og jarðarinnar Straums ræður merkjum bein lína frá sjó úr grjótbyrgi í Hólmanum ..." "Pétursspor var stígur, sem lá heiman frá bæ niður á Straumshólana og um Straumsrásirnar frá Straumstjörn. Stígur þessi lá fram á Pétursbyrgi svokallað. Þar var Byrgisvör eða Pétursbyrgisvör. Í vörina sér enn djúpar skorir eftir bátskilina." segir örnefnaskrá. "Þarna [suðaustur frá bænum] er Péturskotsvör og Péturskotshróf. Þar mátti geyma einn bát." "Bátabyrgi. Innarlega í Straumsvík, vestan megin." Hægt var að taka báta upp í vörina á flóði. Á þessum stað er greinileg skora í Straumsvíkinni og upp af henni ferhyrnd, aflöng tóft. Tóftin er um 60 m norðan við Reykjanesbraut og um 50 m norðvestan við 007. Hleðslan og vörin eru í Straumsvík. Grasi gróið klettasvæði upp af vörinni. Kortablað 1513 II/15, teikning bls. 37. "Óreglulega lagað langt og mjótt byrgi hlaðið úr grjóti. Veggir eru nokkuð hlykkjóttir, en þeir standa nú lágt og varla hægt að sjá nokkuð hleðslulag á þeim. Byrgið er

opið til austurs að vörinni og sjást þar engar hleðslur. Á flóði er sjaldan meira en 2 m frá vatnsborði vararinnar að inngangi byrgisins. Innanmál = L. 6,2 m Br. 2,2ö3,4m. Mjóst er byrgið í vesturenda. Á einum stað í suðurlangvegg nær hleðsluhæð 0,7 m en að jafnaði er hún um 0,5 m. Breidd veggja er 0,7-1,6m. Öll þessi mál eru á mikið hrundum hleðslum þannig að upphaflega mál byrgisins hafa verið allt önnur. Lágar grjóthleðslur eða ruðningar eru sin hvoru megin vararinnar þ.e. að sunnan- og norðanverðu."



Hleðslurnar mynda einfalda tóft sem snýr austur-vestur. Enginn veggur er fyrir austurhliðinni sem snýr niður að vörinni. Tóftin er um 10 m á lengd en 5 á breidd. Austan við hana er um 1 m breitt gróið svæði en þar austan við hallar niður að sjó. Þar eru nokkrir steinar að norðan og sunnan sem mynda n.k. garðlag beggja vegna við skoruna.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar


Heimildir: Ö-Þorbjarnarstaðir 2, 4-5, Ö-Straumur, 4; Þjóðminjaskráning í Hafnarfirði 144

GK-167 Lambhagi

1547-48 er jarðarinnar getið í fógetareikningum. DI XII, 114. 1703 er jörðin talin hjáleiga Þorbjarnarstaða, en byggð af Bessastaðamönnum. 1847: 4 1/6 hndr. Ekki til örnefnaskrá. Árið 1966 áskildi Hafnarfjarðarbær sér forkaupsrétt á jörðunum Litla Lambhaga og Stóra Lambhaga, og var tekið eignarnám í landi Lambhaga veggja hafnargerðar í Straumsvík. ÁG: Saga Hafnarfjarðar 1908-1983 I, 116

1703: "Túnið fordjarfast árlega af sjáfaryfirgángi meir og meir. Engjar eru öngvar." JÁM III, 168. 1919: Rún 0,6 teigar, slétt að mestu af náttúrunar hendi, garðar 550 m2.

GK-167:001 *Stóri-Lambhagi* tóft bæjarstæði 64°02.599N 22°02..361V



"Á miðjum Stóra-Lambhagagranda stóð bærinn í Stóra-Lambhaga og stendur enn, þótt nú sé þar fjárhús með hlöðu." segir í örnefnalýsingu. "Bæjarhús. Rétt sunnan við uppfyllinguna við höfnina í Straumsvík, austanmegin. Bærinn stendur á uppfyllingu rétt framan við fjörukambinn. Vegurinn að Álverinu snertir austurhluta rústanna." segir í fornleifaskrá Þjms. 220-240 m norðaustan við Litla-Lambhaga og fast norðan við vegarslóða að álveri er bæjartóft. Tóftin er beint norðan við bílastæði álversmanna en nú er hún ekki á tanganum miðjum heldur í króknum við tangann. Tóftin stendur í krók sem myndast norðan við veg að álveri. Hún er vestan við afleggjara þar sem hægt er að snúa við. Kortablað 1513 II/15, teikning bls. 34. "Rústirnar skiptast í 3 hluta eða vistarverur. Nyrst er svæði, sem takmarkast af tveimur langveggjum, en hvorki eru leifar af stafni né gafli. Veggirnir eru mjög vel hlaðnir úr völdu grjóti og hefur verið múrað í glufur á stöku stað. Þykkt veggjanna er 0,75-0,9m. Lengd þess nyrsti 8,3m og þess syðri 8,1m Bjálkar standa upp á kannt veggja á milli, svo að gólf hefur sennilega verið úr tréfjölum. Innanmál þessa húss er 8x4 m. Hæsta veggjahæð mæld innan í húsi er nú 1,9m en norðan undir norðurvegg er landið nokkuð lægra og hæsta veggjahæð þar er 2,1m. Sunnan við þetta hús og samveggja er annar íverustaður. Suður langveggur þessa húss er nú aðeins einna hæðar, grasigróinn tvöföld steinhleðsla, en gafl er hlaðin úr grjóti og múraður að ofanverðu. Sama er að segja um stafninn, nema hvað ofan á grjótinu er steyptur veggur (h=0,5m), sem stendur enn að hluta og sést í endann á tré á þverskurði veggjarins - etv. til að binda steypuna. Inngangur er austan við miðju á suðurlanghlið, þannig að innangengt hefur verið í þetta hús úr húsinu sunnan við. Innanmál = 7,15x3,7m. Veggjaþykkt S. langhlið = 0,7-0,8m A-gafl = 0,35-0,45. V-stafn= 0,4-0,45. Breidd inngangs minni en 1,05. Sunnan við þetta hús [er] svæði sem afmarkast af langvegg til suðurs þar sem virðist hafa verið inngangur austan við miðju. Gaflinn er ógreinilegur hefur líklega verið torfveggur en er nú að miklu leiti undir vegakantinum. Gólfflötur þessa svæðis er nokkuð hærri en hlaðið vestan við húsin, en engar hleðslur er að sjá við stafn. Suðurlangveggur er úr torfi og grjóti og er hann um 0,4 m á hæð. Br. = 1,25-1,55m. Meintur inngangur á suðurhlið er minni en 0,8m. Innanmál = 6,8x3,3m (u.þ.b.). Framan og vestan við bærinn er nokkur halli í átt til sjávar áður en komið er að háum fjörukambinum. Líklega fylltist þessi lægt í stórstraums flóðum, því hefur verið búin til stakkur framan við bæinn og sést sumstaðar í þvera grjóthleðsluna nú, en stakkurinn er nokkuð illa farinn norðan til. Breidd þessa stalls miðað við stafn bæjarhúsanna er nú 1,3-5 m, breiðastur að neðanverðu. Hæsta hæð 1,2m." (fornleifaskrá Þjms).

Tóftin er mynduð úr hlöðnum og steyptum veggjum. Hún er um 8-9 m á lengd en 15-16 m á breidd. Hún samanstendur af þremur hólfum sem tengjast ekki heldur snúa öll að sjó. Beint fyrir neðan op hólfanna er fjaran. Aðeins er norðurveggur (norðvesturveggur) á miðhólfinu.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Túnakort 1919; Ö-Þorbjarnarstaðir, 7; Þjóðminjaskráning í Hafnarfirði 138

GK-167:002 heimild um útihús 64°02.590N 22°02.310V
Um 15 m sunnan við 001 er merkt útihús inn á túnakort frá 1919. Þar sem útihúsið stóð er nú malbikaður vegur að álveri.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Túnakort 1919


GK-167:003 heimild um útihús 64°02.577N 22°02.303V
Um 10 m suðaustan við 001 og tæpum 20 m norðaustan við 002 er merkt útihús inn á túnakort frá 1919. Þar sem útihúsið stóð er nú malbikaður vegur að álveri.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Túnakort 1919

GK-167:004 *Litli-Lambhagi* bæjarstæði býli 64°02.518N 22°02.454V
"Litli-Lambhagi stóð í Litla-Lambhagatúni. Lá túngarður tvíhlaðinn með allri norðurhlið þess." segir í örnefnalýsingu. Þar sem bærinn stóð samkvæmt túnakorti frá 1919 er nú rauðleitur sumarbústaður. Bústaðurinn er fast vestan við veginn að álverinu. Bústaðurinn stendur á grasflöt vestan við vegarslóða að álveri. Á þessum stað er lítið svæði frá veginum og að Straumsvíkinni. Engar leifar sjást nú um torfbyggingu eða bæjarhól. Til er túnakort af Litla Lambhaga frá 1919. Þar segir að túnið sé að mestu slétt á köflum, 0,54 teigar og garðar innantúns 20 m2 en utantúns 320 m2. Á kortinu sést bæjarstæðið og 4 útihús.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Túnakort 1919; Ö-Þorbjarnarstaðir, 5

GK-167:011 *Aukatúngarður* heimild um túngarð 64°02.446N 22°02.345V
"Hallinn lá út í Aukatún og þaðan út með vesturbrún Brunans fram hjá hesthúsinu á Aukatúni, að vesturtúngarði Aukatúns, sem var stuttur, aðeins ofan úr Brunanum niður að tjörn." segir í örnefnalýsingu. Ekki sjást nú greinilegar hleðslur Aukatúngarðs en hann lá í jaðri Aukatúns. Garðurinn hefur þá legið frá hraunbrúnni og til norðurs og líklega hefur Reykjanesbrautin og framkvæmdir við álver skemmt stórann hluta hans. Grasi gróið hraunlendi. Aukatúngarður var einnig nefndur Brunagarður samkvæmt heimildamanni.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Þorbjarnarstaðir, 8

GK-167:012 heimild um hesthús 64°02.450N 22°02.401V
"Upp í Aukatúni lá gangbraut hlaðin sem garður, nefndist Steinbogi. Aukatún var smátunga út frá Brunahrauninu. Það var grætt upp og notað sem túnblettur frá Stóra-lambhaga. Túnið var greiðfært, en ekki slétt. Á því stóð hesthús." segir í örnefnalýsingu. Fast sunnan undir Reykjanesbraut og norðan við smátjarnir í Aukatúni var hesthús. Hesthúsið var þar sem nú er suðurbrún Reykjanesbrautar. Reykjanesbraut hefur skemmt tóftina svo að nú má einungis greina hvar hún hefur verið.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Þorbjarnarstaðir, 7

GK-167:013 hleðsla 64°02.531N 22°02.489V




"Stekkur. Rétt norður af sumarbústað úti á tanga." Um 30 m norðan við sumarbústaðinn í Litla-Lambhaga og 130-150 m norðan við Reykjanesbraut er jarðsig sem hlaðið hefur verið upp í. Hleðslurnar er um 15 m sunnan við 016 á Stróka. "Vel gróinn hólmi eða nes. Gjár eða jarðsig á nokkrum stöðum." Þarna hefur verið eins konar aðhald eða stekkur. "Hliðar stekksins eru að mestu afmarkaðar af klöppum sem eru í jaðri þess jarðsigs, sem stekkurinn er í. Þar sem vantar klappir eða þar sem glufur eru á milli þeirra er hlaðið grjóti. Stekkurinn er um 8 m langur og tæplega 9 m br. þar sem hann er breiðastur. Hleðslur eru í þokkalegu ástandi en eru þó sumstaðar að hverfa í gróðri. Inngangurinn hefur líklega verið í vestur, enda þó ekki sé hann greinilegur."
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Þjóðminjaskráning í Hafnarfirði 140, Kortablað 1513 II/15, teikning bls.35.

GK-167:014 *Litli-Lambhagastígur* gata leið 64°02.447N 22°02.363V
"Hallinn lá út í Aukatún og þaðan út með vesturbrún Brunans fram hjá hesthúsinu á Aukatúni, að vesturtúngarði Aukatúns, sem var stuttur, aðeins ofan úr Brunanum niður að tjörn. Í skrá Gísla segir, að þarna hafi verið

Vesturtúngarðshlið og þá komið á Litla-Lambhagastíg. Þetta nafn er hins vegar óþekkt, en gæti hugsanlega átt að vera Aukatúnshlið." segir í örnefnalýsingu. Greinilegar leifar götu sjást í Aukatúninu, nærri því beint suður af veginum að álverinu, sunnan Reykjanesbrautar. Slóðinn liggur sunnan undan Reykjanesbraut austan við stóran raflínustaur (þann vestasta í röð staura) og áfram að hraunbrúninni þar sem hann hverfur (eiginlega undir Línuveg). Slóðinn sést fast ofan Reykjanesbrautar þar sem grasi gróinn blettur er (Aukatún).
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Þorbjarnarstaðir, 8

GK-167:015 *Austurtúngarður* heimild um túngarð 64°02.530N 22°02.383V
"Austurtúngarðurinn lá úr Beinaviki upp á klettastall og suður eftir honum suður á brunann." segir í örnefnalýsingu. Túngarðurinn lá um Ólafsskarð en hefur verið gereyðilagður við framkvæmdir í sambandi við álverið. Garðurinn hefur legið úr víkinni austan Litla-Lambhaga og yfir lóð álversins suðaustur til Reykjanesbrautar. Engar leifar um Austurgarðinn sjást nú.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Þorbjarnarstaðir, 8

GK-167:016 hleðsla aðhald 64°02.322N 22°02.483V
Um 50 m norðan við sumarbústað í Litla-Lambhaga eru hleðslur út á Stróka. Hleðslurnar eru um 15 m norðan við 013. "Vel gróinn hólmi eða nes. Gjár eða jarðsig á nokkrum stöðum." Svæðið er að mestu myndað af náttúrulegu jarðsigi. Hleðslur hafa þó verið hlaðnar hér og þar til að fylla upp í skörðin. Kortablað 1513 II/15, teikning bls.36. "Hér er um að ræða svæði sem spannar dálítinn túnblett, sléttan ern örlítið hallandi til austurs, og grasi vaxna grunna gjá, vestan við þennan blett. Túnbletturinn afmarkast af gjábarminum og lágum hleðslum til vesturs og af steinaröð (hleðsluleifum) til austurs, en engar afmarkanir er að sjá til norðurs og suðurs. Hlaðinn veggur, mjög hruninn, er þvert yfir gjána norðanverða, en norðan við vegginn dýpkar gjáin og þrengist. Dálítil hleðsla, skeifulaga, leigir sig til austurs og lokar gjánni, rétt austan við áðurnefnda þverhleðslu. Á einum öðrum stað hefur verið hlaðið ofan á gjábarminn þar sem hann var nokkuð lágur, til að barmurinn væri jafnhár. Þetta er við austurhlið, sunnarlega. Í framhaldi af þeim stað þar sem gjánni sleppir til suðurs er hlaðin 0,7 m hár veggur, eða kantur, þar sem efri brún hans er yfirborð túnsins. Að austanverðu er grjót í túnjaðrinum rétt við fjöruna, varla er nokkur hleðslumynd á þessu grjóti en það virðist hafa verið þarna e.k. garður. Engin önnur ummerki um mannvirki er að innan þessa svæðis."



Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Þjóðminjaskráning í Hafnarfirði 141

GK-167:017 *Yrðlingabyrgið* 64°02.490N 22°02.420V
"Upp á klettastallinum var Yrðlingabyrgið, sporöskjulaga og nokkuð hátt, með lágum dyrum. Um aldamótin síðustu hafði Guðjón Gíslason þarna yrðlinga í fóstri." segir í örnefnalýsingu.Talið er að Yrðlingabyrgið, Fiskibyrgið og fjárhúsin hafi verið nálægt þar sem vegurinn að álverinu er nú, austan sumarbústaðar í Litla-Lambhaga og 50-100 m norðan við Reykjanesbraut. Malbikuð gata frá Reykjanesbraut og að álveri.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Þorbjarnarstaðir, 8

GK-167:018 *Fiskibyrgið* heimild um herslubyrgi 64°02.490N 22°02.420V
"Þarna [sjá 017] er líka Fiskibyrgið, þar sem fiskur var kasaður hér í eina tíð og síðan hertur." segir í örnefnalýsingu. Talið er að Yrðlingabyrgið, Fiskibyrgið og fjárhúsin hafi verið nálægt þar sem vegurinn að álverinu er nú, austan sumarbústaðar í Litla-Lambhaga og 50-100 m norðan við Reykjanesbraut. Malbikuð gata frá Reykjanesbraut og að álveri.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Þorbjarnarstaðir, 8

GK-167:019 heimild um fjárhús 64°02.490N 22°02.420V
"Þarna [sjá 017] er líka Fiskibyrgið, þar sem fiskur var kasaður hér í eina tíð og síðan hertur. Þarna uppi voru einnig tvö til þrjú fjárhús, og stóðu veggir þeirra til þessa." segir í örnefnalýsingu. Talið er að Yrðlingabyrgið, Fiskibyrgið og fjárhúsin hafi verið nálægt þar sem vegurinn að álverinu eru nú, austan sumarbústaðar í Litla-Lambhaga og 50-100 m norðan Reykjanesbrautar. Malbikuð gata frá Reykjanesbraut og að álveri.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Þorbjarnarstaðir, 8

GK-167:020 *Lambhagastígur* heimild um leið 64°02.989N 22°00.862V
"Hér [í Þórðarvík] kemur niður stígur, er sameinast alfaraleiðinni austan og ofan við Gjögur. Sveinn í Eyðikoti , fóstri Gústafs Brynjólfssonar, kallaði hann Lambhagastíg. (Gísli Sigurðsson kallar hann ranglega Ólafsstíg)." segir í

örnefnalýsingu. Lambhagastígur lá nálægt bæjunum og þaðan til austurs þar til komið var í námunda við Gjögur sem er austan bæjanna. Þá sameinaðist Lambhagastígur Alfaraleiðinni. Engin merki sjást um stíginn í námunda við bæina enda hefur hann legið þar sem umhverfinu hefur verið gjörbreytt vegna álvers. Austan við álverið tekur við hraunlendi að Gjögri (en Gjögur er beint norðan við Gámastöð sem er á þessum slóðum). Ekki sést stígur heldur á þeim slóðum. Stígurinn hefur að mestu legið á framkvæmdasvæði álversins.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Þorbjarnarstaðir, 8, 10


GK-167:021 *Ólafsstígur* heimild um leið 64°02.489N 22°02.266V
"Þarna [sjá 017] er líka Fiskibyrgið, þar sem fiskur var kasaður hér í eina tíð og síðan hertur. Þarna uppi voru einnig tvö til þrjú fjárhús, og stóðu veggir þeirra til þessa. Sunnan við þau lá stígur austur. Gísli Sigurðsson segir, að hann hafi heitri Ólafsstígur, en það er rangt. Ólafsstígur liggur upp á hraunið hjá kálgörðunum í Litla-lambhaga." segir í örnefnalýsingu. Ólafsstígur lá skáhalt upp hraunið til suðausturs og var fram til 1999 nokkuð greinilegur sunnan Reykjanesbrautar, skammt austan við veginn að álverinu. Ekki eru greinileg merki um slóðann nú. Þar sem slóðinn lá næst Reykjanesbraut hefur hraunlendinu verið umturnað við framkvæmdir. Var áður gróið hraun.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Þorbjarnarstaðir, 8

GK-167:022 heimild um kálgarð 64°02.468N 22°02.435V
"Ólafsstígur liggur upp á hraunið kjá kálgörðunum í Litla-Lambhaga." segir í örnefnalýsingu. Ólafsstígur lá austan við kálgarð í Hjallatúni. Engar leifar kálgarðs sjást á þessum stað.
Grasi vaxið hraunlendi.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Þorbjarnarstaðir, 8

GK-167:023 heimild um samgöngubót 64°02.429N 22°02.367V
"Nokkru fyrir innan fyrrnefndan Steinboga [047] mátti sjá marka fyrir öðrum Steinboga." segir í örnefnalýsingu. Ekki sjást nú greinileg merki annars steinboga við 047. Norðan við tjörnina er Reykjanesbraut en sunnan við hana er línuvegur. Er vel hugsanlegt að Steinboginn hafi horfið þegar annar hvor vegurinn var lagður, a.m.k. er hann ekki greinanlegur nú. Gróið hraun en talsverðar framkvæmdir hafa átt sér stað í kring.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Þorbjarnarstaðir, 7

GK-167:024 *Fjárslóðin vestari* heimild um leið 64°02.591N 22°02.379V
"Fjárslóðin vestari liggur um Lambhagaeyrarkletta, og er stígur þessi heldur ógreiður." segir í örnefnalýsingu. Ekki er vitað hvort þessi slóði var meira en götuslóði sem kindur voru reknar eftir eða hvort um samgönguleið manna var að ræða. Slóðinn hefur legið nálægt fjöruborðinu, milli þess og vegaslóða sem liggur að álverinu. Slóðinn hefur legið á mótum fjöru og gróins lands en öllu umhverfi hefur nú mikið verið umturnað á þessum slóðum.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Þorbjarnarstaðir, 9

GK-167:030 útihústóft 64°02.506N 22°02.438V




"Útihús. Rétt vestan í vegakanti afleggjara að Álverinu, um 10 m suður af sumarbústað." segir í fornleifaskrá Þjms. Enn sjást leifar af útihúsi sem merkt er inn á túnakort frá 1919. Tóftin er í brekkurótum neðan vegarslóðans að álverinu og mitt á milli (en austar) sumarbústaðarins (001) og kofans sem enn standa í Litla-Lambhaga . Tóftin er um 80 m norðan við Reykjanesbraut. Innantúns í Litla-Lambhaga, á þessum stað er grasi gróið hraun. "Kortablað 1513 II/15. Rúst hlaðin úr hraungrýti og líkt og niður grafin, e.t.v. hlaðin í gjótu. Því sést hleðslan aðeins að innanverðu og að norðan verður ar sem voru dyr og auk þess efsta röðin að austan. Húsið hefur hafnað undir vegakantinum að hluta. Innanmál hafa verið 6,4x2,8m. Hæsta vegghæð = 1,76m. Þykkt veggja við stafn 1,1m Inngangur er á miðjum norðurstafni Br. 0,6-0,7m. Ýmislegt drasl er nú geymt í tóftinni, s.s. bárujárn og annað járnskran." (fornleifaskrá Þjms).

Tóftin er einföld og um 8,5 X 5 m að stærð. Austurveggur tóftarinnar er að hluta undir vegkantinum en annars er tóftin nokkuð heilleg. Tóftin virðist nokkuð niðurgrafin og er gróin að utan. Hún er hlaðin úr grjóti og er mest um 1,7 m á hæð. Hleðslur er mjög stæðilegar þó þær séu grónar.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Túnakort frá 1919 og Þjóðminjaskráning í Hafnarfirði 139

GK-167:031 hleðsla 64°02.493N 22°02.512V

"Rúst. Skammt vestan við sumarbústaðinn að Litla-Lambhaga, fram á nesi." segir í fornleifaskrá Þjms. Hleðsla er í gjá sem er 60-80 m vestan við húsin sem standa í Litla-Lambhaga og um 100 m norðan við Reykjanesbraut.





Hleðsla (GK-167:031) horft til suðausturs

"Grasivaxið kúpt klapparnes með nokkrum gjám sem liggja frá norðri til suðurs." Kortablað 1513 II/15 "Vegghleðsla liggur þvert yfir gjá sem liggur frá N-S. Hleðslan er þar sem gjáin er dýpst, eða 1,3 m. Hleðslan er örlítið hærri, þ.e. 1,4m og 0,8m á breidd. Lengd hleðslunnar erum 2,9m og er þetta tvöföld hraungrýtishleðsla. Einnig er hlaðið ofan á gjábarmana til norðurs frá þverhleðslunni. Að austan er tvöföld steinaröð ein hæð L= 2,7 m br. = 0,7m. Að vestan er gjábarmurinn aðeins lægri en að austan og er hleðslan ofan á hærri sem því nemur. Þetta er tvöföld hleðsla, tvær hæðir L = 2,75m. Br. 0,7m. Ekki er auðvelt að spá um notkun þessa mannvirkis." (fornleifaskrá Þjms). Hleðslan er í klettaskoru sem snýr norður-suður. Sprunguveggirnir mynda því austur- og vesturvegg tóftarinnar. Ekki er veggur fyrir norðurhlið hennar en suðurhliðin er hlaðin. Sú hleðsla er um 1,4 m á hæð en tæpir 3 m á lengd. Auk hennar hefur svolítið verið hlaðið upp á gjárbakkana að vestan og austan.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Þjóðminjaskráning í Hafnarfirði 145

GK-167:032 heimild um útihús 64°02.503N 22°02.473V
Um 20 m vestan við 001 er hús merkt inn á túnakort frá 1919. Þar stendur nú timburhús skammt suðvestan við sumarbústaðinn (001). Grasi vaxið svæði við Straumsvík. Grunnur hússins sem þarna stendur nú er hlaðinn og nokkrar hleðslur eru við húsið.

GK-167:033 *Hraungarður* heimild um kálgarð 64°02.518N 22°02.455V
"Gísli segir, að í túninu hafi verið þessir matjurtagarðar: Geiragarður, Stórigarður og Hraungarður. Sr. Bjarni og heimildamenn hans muna ekki eftir kálgörðum í túninu, en garðar voru utan túns og m.a. einn við fjárhúsin við upphaf Ólafsgötu." segir í örnefnalýsingu. Ekki sjást nú leifar kálgarða í túninu við Litla-Lambhaga. Grasi gróið hraunlendi en vegur að álveri hefur farið yfir austasta hluta túnsins. Á túnakorti er sýndur einn kálgarður við þar sem sumarbústaðurinn stendur nú.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Þorbjarnarstaðir, 5


GK-167:035 garðlag túngarður 64°02.465N 22°02.463V
Í vesturjaðri Hjallatúns, beint norður undan Reykjanesbraut er garðlag í Straumsvík sem liggur til norðurs.
"Vík með grasigrónum hólmum og grýttum skerjum.45 m langur og 0,9-1,25 m breiður hlaðinn garður. Mesta hæð 0,4 m. Mjög grunnt er þar sem þessi garður er hlaðinn. Það undarlega við þennan garð er að ætla mætti að hann væri óþarfur þar sem nokkru austar við hann eru klappir milli hólmanna sem eru hærri en garðurinn." (fornleifaskrá Þjms). Garðlagið sést beint norðan við Reykjanesbraut og liggur til norðurs í um 15 m. Þá er það rofið en sést á hólma/skeri norðar. Samtals liggur garðlagið á um 70 m svæði en er rofið á einum stað þannig að það er einungis um 50 m að lengd. Garðlagið er um 0,8-1,1 m á breidd og mest um 0,4 m á hæð. Fast vestan við norðurenda garðlagsins er lítil hleðsla til vesturs sem líkist brú.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Þjóðminjaskráning í Hafnarfirði 122

GK-167:036 *Geiragarður* heimild um kálgarð 64°02.510N 22°02.434V
"Gísli segir, að í túninu hafi verið þessir matjurtagarðar: Geiragarður, Stórigarður og Hraungarður. Sr. Bjarni og heimildamenn hans muna ekki eftir kálgörðum í túninu, en garðar voru utan túns og m.a. einn við fjárhúsin við upphaf Ólafsgötu." segir í örnefnalýsingu. Talað er um þrjá kálgarða í túni. Ekki sjást nú leifar kálgarða í túninu við Litla-Lambhaga. Grasi gróið hraunlendi en vegur að álveri hefur farið yfir austasta hluta túnsins.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Þorbjarnarstaðir, 5

GK-167:037 *Hjallatúnsfjárhús* heimild um fjárhús
64°02.465N 22°02.433V
"Syðst var Hjallatún. Gísli segir, að það hafi í eina tíð staðið Hjallatúnsfjárhús, en heimildarmenn sr. Bjarna mótmæla því og segja, að tvö fjárhús hafi staðið undir Brunanum, en ekkert inni í túni." segir í örnefnalýsingu. Hjallatún er fast neðan Reykjanesbrautar (brautin liggur í suðurharðri túnsins) en vestan vegarins að álverinu. Ekki sjást neinar leifar fjárhúss á þessum stað. Grasi vaxið hraunsvæði.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Þorbjarnarstaðir, 5-6

GK-167:038 hleðsla fjárhús 64°02.450N 22°02.339V



"Syðst var Hjallatún. Gísli segir, að þar hafi í eina tíð staðið Hjallatúnsfjárhús, en heimildarmenn sr. Bjarna mótmæla því og segja, að tvö fjárhús hafi staðið undir Brunanum, en ekkert inni í túni." segir í örnefnalýsingu. Undir brunanum, 20-30 m sunnan Reykjanesbrautar sjást leifar hleðslna. Hleðslurnar eru í brekkurótum Brunans. Hleðsluleifarnar eru um 50 m suðaustan við voldugan rafmagnslínustaur sem er sá vestasti í langri línu rafmagnsstaura. 5-10 m norðvestar er lítil tjörn en þær eru nokkrar á þessu svæði. Grasi gróið svæði ofan Reykjanesbrautar en neðan brunans. Á þessum stað sjást hleðsluleifar í brekkurótum en ofar í brekkunni er vegarslóði (línuvegur). Um 7 m löng hleðsla liggur meðfram brekkurótunum (austur-vestur) en svo beygir hleðslan til norðvesturs (um 6 m löng). Ekki er hægt að greina frekari hleðslur á þessum stað en við austurenda hleðslunnar eru nokkrir steinar á víð og dreif sem gætu verið út tóftinni.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Þorbjarnarstaðir, 5-6

GK-167:039 hleðsla 64°02.545N 22°02.415V
Um 60-80 m austan við sumarbústaðinn í Litla-Lambhaga og 5-10 m norðan við veg að álveri er hleðsla í fjörunni við sjávarmál. Á þessum stað er í fjörunni gróinn klettadrangi og er hleðslan austan í honum. Hleðslan er nálægt því að vera um 150 m norðan við Reykjanesbraut. Hleðslan er upp við gróinn klettadranga í fjörunni.
Hleðslan er um 7 m lengd en 0,8 m á hæð. Ekki eru greinanleg önnur mannvirki á þessum stað nema 4 m vestar eru nokkrir steinar sem gætu verið leifar af hleðslu. Helst er á að giska að þarna hafi verið einhvers konar vör eða uppsátur.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

GK-167:041 hleðsla fjárhús 64°02.446N 22°02.345V
"Syðst var Hjallatún. Gísli segir, að þar hafi í eina tíð staðið Hjallatúnsfjárhús, en heimildarmenn sr. Bjarna mótmæla því og segja, að tvö fjárhús hafi staðið undir Brunanum, en ekkert inni í túni." segir í örnefnalýsingu. Innan við 5 m vestan við 038 og aðeins ofar í brekkurótunum má sjá hleðsluleifar. Leifarnar eru um 30 m sunnan Reykjanesbrautar. Grasi gróið svæði ofan Reykjanesbrautar en neðan brunans. Hleðslan liggur í 2 m austur-vestur í brekkunni. Þar beygir hún til norðurs og liggur í um 4 m en fjarar þar út. Hleðslan er um 0,3 m á hæð og gerð úr hraungrýti.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Þorbjarnarstaðir, 5-6

GK-167:042 *Hlöðuvík* örnefni hlaða 64°02.435N 22°02.408V
"Austan við bæinn [Litla-Lambhaga/Nýjakot] var Nýjakotstjörn og suður úr henni Hlöðuvík." segir í örnefnalýsingu. Austan við Litla-Lambhaga er nú vegur að álveri og austan þess sléttuð lóð í kringum verksmiðjuna. Engin tjörn er nú á þessum slóðum. Sunnan við tjörnina sem áður var þar var svo Hlöðuvík en merki hennar sjást ekki lengur. Vel er hugsanlegt að hlaða sú sem víkin var kennd við hafi staðið í námunda við Hjallatún en um það verður ekkert fullyrt. Þar sem víkin var er nú vegastæði (Reykjanesbraut og hugsanlega aðkeyrsla að álveri).
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Þorbjarnarstaðir, 6

GK-167:043 *Litla-Lambhagavör* heimild um lendingu 64°02.525N 22°02.489V
"Sjávargatan lá frá bæ norður á Stróka í Litla-Lambhagavör, sem einnig var nefnd Litla-Lambhagalending." segir í örnefnalýsingu. Stróki er tanginn sem gengur út í sjó norðan við sumarbústaðinn í Litla-Lambhaga. Við Stróka eru nokkrir staðir sem mögulega hafa verið notaðir sem lending.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Þorbjarnarstaðir, 6

GK-167:047 *Steinbogi* hleðsla samgöngubót 64°02.444N 22°02.397V
"Upp í Aukatúni lá gangbraut hlaðin sem garður, nefndist Steinbogi." segir í örnefnalýsingu. Steinbogi eða hlaðin brú liggur yfir litla tjörn í Aukatúni. Boginn er fast sunnan Reykjanesbrautar (innan 10 m), til móts við aðkeyrsluna að álveri. Brúin liggur yfir grunna tjörn í grónu hrauni. Brúin er hlaðin í um 0,3 m hæð. Hún er 12 m löng en nálægt 3 m á breidd.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Þorbjarnarstaðir, 7

GK-167:048 *Stórigarður* heimild um kálgarð 64°02.510N 22°02.431V
"Gísli segir, að í túninu hafi verið þessir matjurtagarðar: Geiragarður, Stórigarður og Hraungarður. Sr. Bjarni og heimildamenn hans muna ekki eftir kálgörðum í túninu, en garðar voru utan túns og m.a. einn við fjárhúsin við upphaf Ólafsgötu." segir í örnefnalýsingu. Ekki sjást nú leifar kálgarða í túninu við Litla-Lambhaga. Grasi gróið hraunlendi en vegur að álveri hefur farið yfir austasta hluta túnsins. Á túnakorti er sýndur einn kálgarður við þar sem sumarbústaðurinn stendur nú.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Þorbjarnarstaðir, 5

GK-168 Hvaleyri

Samkvæmt Hauksbók Landnámu sigldi Hrafna-Flóki í Hafnarfjörð og fann þar hval á eyri einni og kölluðu það Hvaleyri. Í Landnámu segir að Ásbjörn Özzurarson, bróðursonur Ingólfs, hafi numið land milli Hraunholtslækjar og Hvassahrauns og allt Álftanes og bjó hann á Skúlastöðum [sjá Garða]. ÍF I, 39, 394. Um 1300 er getið um Hvaleyri í sögn af Teiti bónda þar í jarteinasögu Þorláks helga. Biskupa sögur I, 386. 1343 er minnst á Hvaleyri í Gottskálksannál. Isandske Annaler, 352. 1365 segir af sandfjúki og sjávargangi á tún Hvaleyrar. Gísli Sigurðsson: Saga, 293. 1395: Þá á Viðeyjaklaustur Hvaleyri og var leiga 4 hndr. DI III, 597. 1448: "... kirkian aa hvaleyri ætti Þorlakstade og hravnvelle. hamranes ok grisanes ok alltt firir svnnann vtann ok ofan ok vp vr hvaleyrar vatnni ok nordvr j kornstapa hravn. ok alltt vp med gotvnni firir svnnan ok vp yfer þormodz hofda nema litinn skog er lavgarnes kirkia aa vid landsydri j hvaleyrar hofda." DI IV, 751. 1547-48 er jarðarinnar getið í fógetareikningum. DI XII, 114. 1703 er jarðadýrleiiki óviss, konungsjörð. Skoðunarmenn frá 1751 sögðu sig hafa heyrt að á Hveleyri hefðu verið 10-12 hjáleigur til forna SS seg ritar sögu H þykir þetta ótrúleg saga. Á Árunum 1754-´57 bjó enginn á H, og má það vera ein ástaða þess að bæjarhús og tún spilltust. Árið 1815 keypti Bjarni Sívertsen jörðina af konungi. SS Saga Hafnarfjarðar, 36-37. 42. 1847: 20 hndr. Afbýli Hvaleyrar, Hjartarkot, Sveinskot, Tjarnarkot, Halldórskot, Vesturkot og Egilssonsgerði voru seld Hafnarfjarðarbæ árið 1912.
1703: Túnin spillast af sandságángi. Engjar eru öngvar." JÁM III, 169. Árið 1730 voru Hvaleyrartún stórskemmd af grasmaðki og einnig herjuðu sandfor og fugl á það. Mikill lausamosi var á túninu. Túnið hélt áfram að skemmast og árið 1751 varð að slá tveim vættum og einu kúgjaldi af afgjaldi jarðarinnar, hvort sem það hefir eingöngu verið landskemmdum að kenna. SS Saga Hafnarfjarðar, 35-36.

GK-168:008 *Þorgeirsstaðir/Þorlákstún* bæjarstæði býli 64°03.170N 21°59.275V
"Á há-Hvaleyrarholti, austan vegarins, er býlið Þorgeirsstaðir. Í gamla daga var þar nefnt Þorlákstún, gömul móabörð með þýfi og garðlögum." "Framan í því var staður nefndur fyrrum Þorlaksstaðir. Þar eru sagnir um, að verið hafi kapella. Seinna nefndist hér Þorlákstún og þá Þorgeirstún og nú Þorgeirsstaðir." segir í örnefnalýsingu. Þorlákstún er nú klofið af Reykjanesbraut. Þorlákstún var sunnan við vestustu íbúðarhúsin sunnan Reykjanesbrautar. Sjálft býlið hefur horfið vegna íbúðarhúsabyggðar norðan Reykjanesbrautar. Grasi vaxið hraun og enn sjást leifar girðingarinnar sem girti túnið af. Íbúðarhús eru norðan túnsins.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Hvaleyri A, 2; Ö-Hvaleyri B, 4

GK-168:052 *Stóravarða* varða landamerki 64°02.885N 22°00.791V
"Þá liggur línan niður um Þórðarvík um Stóruvörðu, sem stóð á hraunbrúninni rétt þar sem alfaraleið lá upp á Kapelluhraunið." segir í örnefnalýsingu. Varðan var um 2 m á hæð og mjög stæðileg. Árið 1999 var gerður vegarslóði fast sunnan hennar og við þær framkvæmdir rak ýtumaður sig í vörðuna og hrundi hún við það. Að frumkvæði þjóðminjavarðar var hluti vörðunnar hins vegar hlaðinn upp aftur. Þær leifar má enn sjá um 200 m suðaustan við suðausturenda álversins í Straumsvík. Varðan stendur á hæð í mosagrónu hrauninu. Þær vörðuleifar sem nú sjást eru um 1,5 m á hvern veg (en varðan er ferhyrnd) og hún er um 1,1 m á hæð.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Hvaleyri B, 6

GK-168:054 *Suðurnesjavegurinn* vegur leið 64°03.025N 22°00.243V
"Þar sem Reykjanesbrautin er var Suðurnesjavegurinn." segir í örnefnalýsingu. Reykjanesbrautin liggur þar sem Suðurnesjavegurinn var. Sökum þessa sjást litlar leifar gamla vegarins. Samt sem áður má sjá glitta í gamla veginn á stöku stað í hlykkjum undan Reykjanesbrautinni. Þegar vestar dregur lá vegurinn þó aðeins sunnar en Reykjanesbrautin gerir nú. Vegurinn er nú að mestu komin undir malbikaða brautina.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Hvaleyri B, 5


GK-168:055 *Smiðjulaut* örnefni smiðja 64°03.108N 21°59.620V
"Tvö örnefni voru með Suðurnesjaveginum. Skammt vestur frá Rauðhól var Smiðjulaut og nokkru vestar skarð gegnum klappir miklar, nefndist Gíslaskarð. ..." segir í örnefnalýsingu. Reykjanesbraut var lögð yfir Smiðjulaut. Lautin var um 600 m norðaustur af afleggjara inn í verksmiðjuhverfið (-hella götur). Reykjanesbrautin er í norðurjaðri lautarinnar en eigin merki um smiðju eru nú greinanleg. Mosagróið hraun og þjóðvegur.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Hvaleyri B, 5

GK-168:107 heimild um herminjar 64°03.412N 21°59.329V
"Um 50 m ANA af vegi Sædýrasafnsins og um 80 m NNV af þjóðveginum [Keflavíkurveginum) syllumannvirki." segir í fornleifaskrá Þjms. Þessar minjar munu hafa verið aðeins lengra frá Reykjanesbraut en getur til um í skráningu Þjóðminjasafns eða í suðurjaðri Vesturholts þar sem nú er íbúðarbyggð. Ekki sjást neinar minjar á þessum stað lengur enda eru þær horfnar undir byggingar. Íbúðarhúsahverfi í grónu hrauni. "Hér er um dæmigert "syllumannvirki" að ræða þó að hér sé hvorki klettaveggur né sylla. Í brekkunni standa nokkrar stórar klappir sem látnar eru mynda bakvegg mannvirkisins. Út frá þeim er svo hrúgað upp bogadregnum steinsvegg þannig að lokað svæði myndast á milli. Lokaða svæðið er 3x10 m og steinsveggirnir eru um 1 m á br. Steinarnir í þeim eru 10-40 cm í þvermál." (fornleifaskráning Þjms).
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Þjóðminjaskráning í Hafnarfirði 30

GK-168:109 tóft herminjar 64°03.342N 21°58.596V
Um 100 m suðaustur af Suðurgötu (beint frá þar sem gatan Háholt er á Suðurgötu) og um 100 m neðan við götuna Lyngbarð er byrgi frá hernámsárunum. Byrgi þetta er um 10 m ofan við malbikaðan göngustíg sem liggur um brekkuna á þessum slóðum. Brekkan er aflíðandi og nokkuð grýtt. Hún er vaxin grasi og nokkru lyngi. "Ummál byrgisins er um 6 m og það er um 2 m á hæð. Byrgið er tyrft að utan og með steyptum veggjum. Í byrginu eru ståldyr. Þetta byrgi er að hálfu grafið inn í hólfið og að hálfu er tyrft yfir það." (fornleifaskrá Þjms).
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Þjóðminjaskráning í Hafnarfirði 34

GK-169 Ás

1703 er jörðin talin um 12 hndr og þar af væri hlutur konungs 8 hndr og 40 álnir. 1847: 12 hndr.
1703 voru engar engjar á jörðinni. 1918: Tún 2,8 teigar, þar af um helmingjur sléttaður, garðar 670 m2.



GK-169:026 *Ásstekkur* bæjarstæði býli
64°03.312N 21°57.782V
"Línan móti Ási [miðað við Hvaleyri] er á þessa leið: Úr Fuglstapaþúfum beina línu rétt fyrir sunnan Ásstekk ..." segir í örnefnalýsingu Hvaleyrar. "Hér enn vestar var svo býli, þurrabúð, nefnist það Stekkurinn, Ásstekkur, Vindás og Vindásstekkur. Honum fylgdi Stekkstúnið umgirt Stekkstúnsgörðum, vesturtúngarður, suðurtúngarður, austurtúngarður og norðurtúngarður. Þar sem sama komu norður- og vesturtúngarður, var norðurhliðið. Þaðan lá Stekksgata niður að Brandsbæ og áfram niður til Fjarðar. Suðurhliðið var neðarlega á mótum vestur- og suðurtúngarðs. En Lindargatan lá heiman frá Stekksbæ austur um austurgarðshliðið austur að Lindinni. Brunngatan var löng frá Stekk og austur." segir í örnefnalýsingu Áss. Tæpa 200 m suðaustan við Reykjanesbraut og stutt austan við norðurenda Ásvatns eru tóftir útihúsa við Ásstekk. Býlið sjálft er nú afmáð af yfirborði jarðar en þar sem það stóð er nú Lóuás 1.

Tóftirnar standa í þýfðri, grasi gróinni brekku sem er vestan í byggingasvæði Ás-hverfis. Á svæðinu er tóft (A) og leifar túngarðs auk þess sem svo virðist að leifar lítils kálgarðs (B)séu sunnarlega í túninu. Nyrst er tóft (A) sem saman stendur af tveimur ógreinilegum hólfum sem eru byggð inn í brekkuna. Tóftin er um 8-9 m á lengd en 4-5 m á lengd. Nyrðra hólfið er 3 X 1 m að stærð en það syðra er 2 X 1,5. Ekki er greinanlegur torfveggur fyrir vesturvegg nyrðra hólfsins. Tóftin er hlaðin að innan og nokkuð er hrunið af grjóti inn í hana og við hana. Frá nyrðri útvegg hennar gengur garður til vesturs sem er um 34 m langur. Garður þessi er um 0,8 m á hæð og eru hleðslur greinanlegar norðan í honum en hann er algróinn að sunnan. Neðst er hann rofinn um 2 m en sést svo aftur

í 2-3 m en þá endar hann snögglega og hefur greinilega verið flattur út. Um 40 m sunnan við fyrrgreinda tóft er það sem helst líkist kartöflugarði (B). Hann er í brekkunni á svipuðum stað og hin tóftin. Garðurinn er um 13 X 9 m að stærð og 0,4 m á hæð. 25 m neðan við kálgarðinn má svo sjá leifar túngarðs (C). Garðurinn liggur til suðurs og er merkjanlegur á um 35 m parti. Hann er mjög útflattur. Um 20-25 m norðar virðist einnig mega sjá óljósar leifar þessa garðs og áfram til norðurs. Um 35 m suðsuðaustur af fyrstnefndu tóftinni er grænn blettur eða hæð þar sem grjót er á víð og dreif. Er vel hugsanlegt að þar hafi tóft verið, þá líklega bæjartóft. Fast norðvestan við tóftina eru nokkrir stórir steinar og við þá eru það sem virðist vera leifar af hreyfðum öskuhaug þar sem ýmsu ægði saman (s.s. beinum glerbrotum og líklega gjalli). Tóftin og túngarður eru merkt með hæl og áheftum miðja frá Þjms.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Hvaleyri, 2; Ö-Ás, 2


GK-169:027 *Stekksgata* heimild um leið 64°03.305N 21°57.821V
"Hér enn vestar var svo býli, þurrabúð, nefnist það Stekkurinn, Ásstekkur, Vindás og Vindásstekkur. Honum fylgdi Stekkstúnið umgirt Stekkstúnsgörðum, vesturtúngarður, suðurtúngarður, austurtúngarður og norðurtúngarður. Þar sem saman komu norður- og vesturtúngarður, var norðurhliðið. Þaðan lá Stekksgata niður að Brandsbæ og áfram niður til Fjarðar. Suðurhliðið var neðarlega á mótum vestur- og suðurtúngarðs. En Lindargatan lá heiman frá Stekksbæ austur um austurgarðshliðið austur að Lindinni. Brunngatan var löng frá Stekk og austur." segir í örnefnalýsingu. Gatan lá frá Stekk og niður að Brandsbæ. Hún er ekki greinanleg nú en hnit voru tekin norðvestan við tóftina, við Ásbraut.
Heimildir: Ö-Ás, 2

GK-170 Ófriðarstaðir

Jarðarinnar er fyrst getið árið 1541. DI X, 598. 1563: Jörðin 10 hndr. DI Safn I, 131-2. 1804 var jörðin 9 hndr og 36 álnir. og kaupir Bjarni Sívertssen þá jörðina. SS: Saga Hafnarfjarðar, 61. 1847: 12 1/3 hndr. Nafn jarðarinnar breyttist á 19. öld í Jófríðarstaði. Ekki ljóst af hverju jörðin dregur nafn, gæti verið af bardaga sem þar hafi átt sér stað en SS telur nafnið stafa af því að þar hafi verið allra veðra von. Hannes Þorsteinsson telur að nafnið Jófríðarstaðir sem fyrst kemur fram árið 1868 hafi verið leiðréttingartilraun en Ófriðarstaðir sé réttnefni. Árbók 1923, 31. Mörg smábýli voru stofnuð í landi Ófriðarstaða, þeim hluta þess sem firmað Jensen og Schmidt seldi Steingrími Jónssyni og Árna Hildibrandssyni árið 1848 og seinna fékk nafnið Hamar. Hafnarfj. keypti jörðina Hamar 1915. Samkvæmt sögu Hafnarfjarðar voru öll nýbýlin suðaustan við Hafnarfjarðarbotn öll byggð úr landi Ófriðarstaða [eða Hamars]. SS: Saga Hafnarfjarðar, 54, 81, 87. ÁG: Saga Hafnarfjarðar 1908-1983 I, 104.
1703 voru engar engjar á jörðinni. Túnakort er ekki til.

GK-170:024 *Ásgatan* heimild um leið 63°03.516N 22°57.187V
"Ásgatan lá frá Traðarhliðinu suður með austurgarði að Ási ..."segir í örnefnalýsingu. Ásgatan lá frá Ási á svipuðum stað og enn er malargata. Gatan liggur að úr suðri Reykjanesbraut og er nú lokuð fyrir umferð. Frá Reykjanesbraut lá gatan áfram til norðurs niður að þeim stað þar sem nú er Jófríðarstaðavegur 15. Þar sem gamli slóðinn var er nú malarslóði ofan Reykjanesbrautar.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Ófriðarstaðir, 2

GK-170:068 *Stekkholt* stekkjartóft 64°03.334N 21°57.912V
"Þar var nefnt Stekkholt, upp af Brandsbæ." segir í örnefnalýsingu. Um 80 m ofan við (suðsuðaustan) við Reykjanesbraut og 130 m sunnan við kofann (077) (sem stendur við Reykjanesbrautina) eru tóftir. Um 25 suður af Strandagötu, milli götunnar og Ástjarnar eru tvær tóftir á hæð. Hæðin liggur niður að mislægum gatnamótum. Tóftin sem er suðvestar er 25 m suðvestan við spennistöð. Fremur grýttur,mosavaxinn mói, sem hallar til vesturs.
Í brekkunni eru tvær tóftir. Sú sem er nær Reykjanesbrautinni (A) er tvöföld og nokkuð stærri. Nyrðra hólfið er 3 X 2,5 m að innanmáli en er jafnframt lægra. Inn í syðra hólfið er (1,5 X 0,75 m að innanmáli) hefur hins vegar fallið mikið af grjóthleðslunum. Op virðist hafa verið á það í suðausturhorni. 34 m norðan (NNV) við þessa tóft er ógreinilegt garðlag sem rekja má í um 35 m, alveg þangað til það hverfur undur Reykjanesbraut þar sem brúarhandrið er vegna mislægra gatnamóta. Garðlagið er um 2 m á breidd en 0,3 m á hæð. Um 30 m suðaustan við tóftina sem áður er lýst (A) er önnur tóft minni (B). Þessi tóft er um 25 m suðvestan við spennistöð sem stendur í brekkunni. Tóftin er einföld og er öll grjóthlaðin en nokkuð hrunin og er af þeim sökum full af grjóti. Tóftin er 5 X 3,5 m að utanmáli en 1 X 1,5 að innan. Op er vestast á suðurvegg.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Ófriðarstaðir AG, 1



GK-170:077 hús herminjar 64°03.385N 21°57.797V
Afrúnuð bygging úr torfi er um 5-10 m austan við Reykjanesbraut og um 130 m norðan við stekkinn (068). Bygging þessi virðist hafa verið steypt að innan en þar utan um hefur verið tyrft. Hún er líklega mjög ung. Húsið er í kanti Reykjanesbrautar á grasi grónu svæði. Húsið er algróið grasi og stendur enn þó að það sé greinilega ekki notað lengur. Það er um 9 m á breidd en 7 m á lengd talið er að húsið sé leifar herminja sem í seinni tíð var e.t.v. notuð sem geymsla (kartöflu).
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

GK-641 Fornleifar á fleiri en einni jörð

GK-641:002 *Þórustaðastígur* heimild um leið 63°59.791N 22°15.238V
"Þórustaðastígur er götuslóði frá Þórustöðum og að Vigdísarvöllum." Heiðarstígur er ..." líka nefndur Þórustaðastígur og liggur alla leið suður og upp til Núphlíðarháls og hann sameiginlegur Heiðarstígur fyrir alla Inn-Ströndina." segir í örnefnaskrá. Milli Kolagrafarholts og annars hóls sem er norðar er dæld sem er grasi gróin. Merki Þórustaðastígsins eru greinileg í dældinni. Göturnar lágu svo áfram yfir hraunið til suðurs. Ekki sjást skýr merki um Þórustíg við Reykjanesbrautina. Göturnar lágu yfir gróið hraun.
Sjá lýsingu í bók SG 126-127.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: SG: Örnefni og gönguleiðir, 126 og Ö-Þórustaðir, 4

GK-641:003 *Alfararleið* gata leið 64°01.492N 22°07.408V
"Um jörðina [Hvassahraun] hafa frá alda öðli legið ferðamannaleiðir til Suðurnesja. Má enn sjá þrjár brautir: Alfaraleið, troðninga hestalestanna, þjóðveginn, leið hestvagna og bifreiða, og nú síðast liggur um jörðina Reykjanesbrautin." segir í örnefnaskrá " "Almenningavegurinn er elsta sjáanlega samgönguleiðin um hreppinn og liggur hún víðast hvar tiltölulega stutt frá byggðinni en þó yfirleitt ofan við Gamla-Keflavíkurveginn og innarlega í Hvassahraunslandi, einnig fyrir ofan Reykjanesbrautina. ... Þetta nafn, Almenningsvegur, virðist helst (eða eingöngu) hafa verið notað af Voga- og Vatnsleysustrandarbúum því þar sem vegurinn liggur um Hvassahraunsland og innar var hann kallaður Alfaraleiðin.""Önnur gömul þjóðleið, eða sú sem liggur með sjónum milli Voga og Brunnastaðahverfis, var einnig kölluð Alfaraleið en ekki Almenningsvegur." segir í örnefnalýsingu Straums. "Þá liggur hér vestur um hraunið Alfaraleiðin í miklum djúpum lægðum, sem nefnast Draugadalir." segir í örnefnalýsingu Hvassahrauns. Draugadalir eru að mestu í landi Hvassahrauns. Dalirnir eru norðan Reykjanesbrautar, þar sem vegurinn sem er samsíða Reykjanesbraut norðan hennar sameinast brautinni, austarlega í landi Hvassahrauns. Ekki er greinilegur slóði á þessum stað en Alfaraleiðin er vel merkjanleg víða í hrauninu, t.d. nálægt skógarreit í landi Þorbjarnarstaða. Gatan liggur um hraun. Almenningsvegurinn var einnig nefndur Alfararleið og lá frá Vogum og inn í Hafnarfjörð. Leiðin var vörðuð og enn má sjá nokkur vörðubrot á fyrsta hluta leiðarinnar frá Vogum auk þess sem einstaka vörður standa enn við leiðina. Gatan sjálf er víða greinileg sem dæld í gróið hraunið og kemur breikkun Reykjanesbrautar víða til með að eyða meira af götunni en þegar er skemmt.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Straumur, 7 , Ö-Hvassahraun, 1 og SG: Örnefni og gönguleiðir, 23

GK-641:005 *Rauðhólastígur* heimild um leið 64°00.607N 22°11.179V
"Austan úr Hraunum kemur annar stígur, heitir Rauðhólastígur eða Óttarsstaðaselsstígur. Hann lá upp á svokallaða Velli og var mikið farinn í smalamennskum." segir í örnefnaskrá Hvassahrauns. Stígar 004 og 005 lágu saman í sveig við Lambafellshraun. Rauðhólastígur lá upp með hraunjaðrinum frá Kúagerði á svipuðum stað og vegarslóðinn að Keili er nú. Á þessum stað var vegarslóðinn um 200 m frá Reykjanesbraut, austar var hann nær en vestar fjær. Stígurinn náði upp í Rauðhólasel. Stígurinn er greinanlegur sem dæld í gróið hraunið á stöku stað.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Hvassahraun, 8

GK-641:012 *Eiríksvegur* vegur leið 64°00.811N 22°11.085V
"Á þessum slóðum [002] sjáum við annað sýnishorn af vegagerð fyrri tíma en það er Eiríksvegur og liggur vegarstæðið þráðbeint frá Akurgerðisbökkum en þeir eru neðan og vestan við Kúagerði og síðan áfram vestur yfir holt og hæðir.""Hér um [við Akurgerði] lá Almenningsgatan eða hestslóðin og héðan lá ein fyrsta tilraun til vegagerðar á landi hér, sem þó var aldrei notuð, kallast Eiríksvegur, því Eiríkur faðir Árna Kaupmanns og leikara í Reykjavík var verkstjóri. Vegurinn lá upp í Heiðina." segir í örnefnaskrá. Eiríksvegur lá frá þeim stað sem nefndur er Akurgerði. Slóðinn var meðfram Steinkeravík/Kúagerðisvík og áfram til vesturs inn heiðina. Meðfram Kúagerðisvík liggur bílslóði samsíða Reykjanesbraut og endar hann í Strandavegi. Næstum fast frá slóða þessum má sjá leifar Eiríksvegar fast upp við fjörukambinn og svo til vesturs. Gatan er greinileg á grasi grónu svæði ofan við fjörukambinn en verður

ógreinilegri þegar komið er út í meira hraunlendi norðvestar.
"Vegurinn er nefndur eftir verkstjóra vegagerðarmannanna sem hét Eiríkur Ásmundarson frá Grjótá í Reykjavík (1840-1893) ... Eiríksvegur er 3-4 m breiður og í honum er mikið af grjóthnullungum. Ekkert farartæki hefur hingað til nýtt sér "samgöngubótina" því vegargerðin dagaði uppi í Flekkuvíkurheiðinni einhvern tíman fyrir síðustu aldamót. Almenningsvegurinn [002] liggur svo til samsíða Eiríksvegi á þessum slóðum ýmist ofan eða neðan hans og á kafla liggja allir þrír vegirnir samsíða, Strandarvegurinn neðstur [011], síðan Almenningsvegurinn en Eiríksvegurinn efstur."Gatan er var upphlaðin a.m.k. á kafla.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: Ö-Vatnsleysa, 7 og SG: Örnefni og gönguleiðir, 24

GK-641:014 *Skógfellavegur* heimild um leið 63°57.997N 22°23.069V
"Í lægðinni fyrir ofan spennustöðina við Stapahornið og ofan við Reykjanesbrautina sjáum við fyrst móta fyrir Skógfellavegi sem var fyrrum þjóðleið til Grindavíkur." Lagðist af um 1920. Skógafellavegur er merktur með skilti um 20-30 m neðan Reykjanesbrautar. Skiltið er hins vegar norðaustan við slóðann sjálfan en það má sjá móta fyrir honum suðvestan við skiltið. Vegurinn liggur um gróið hraunið. "Í heimildum ber leiðin eftirfarandi nöfn: Skjógfellavegur, Skógfellsvegur, Vogavegur, Sandakravegur og Sandakradalsvegur." Ýtarleg lýsing á veginum er í bók SG b.s 128-132.
Hættumat: hætta, vegna vegagerðar
Heimildir: SG: Örnefni og gönguleiðir, 46

6. Kafli. Minjar í hættu vegna fyrirhugaðrar vegagerðar

Að lokinni heimildakönnun og vettvangsrannsókn er ljóst að á framkvæmdasvæðinu og í næsta nágrenni eru 205 minjastaði þekktir, sem teljast samkvæmt lögbundinni skilgreiningu fornleifar og eru því friðhelgir. Ljóst er að mestur hluti þessara staða er ekki í neinni hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda en jafnframt er mögulegt að fleiri minjar leynist á framkvæmdasvæðinu sem ekki eru til heimildir um og ekki sjást vísbendingar um á yfirborði. Í eftirfarandi umfjöllun er greint frá þeim stöðum sem þekktir eru og fyrirsjáanlegt er að gætu orðið fyrir raski vegna framkvæmdanna. Mun hinu nýja vegarstæði fylgt frá hringtorginu við Leifsstöð og til suðausturs, í átt að Hafnarfirði.

Á fyrsta kafla leiðarinnar (39572-32500) eru fáar minjar í námunda við brautin. Helst skjólgarð (**GK-117:042**) sem er á hæð um 120 m sunnan Reykjanesbrautar og 3,7-3,8 km vestan við afleggjarann að Grindavík. Hann er í hverfandi hættu vegna framkvæmda við vegagerð.

Á öðrum kafla leiðarinnar (32500-24500) eru fleiri fornleifar í námunda við brautina. Nokkrar vörður (**GK-123:024-025**) eru sunnan við brautina, nálægt því á móts við Vogaafleggjara. Þessar vörður eru 600-700 m sunnan við brautina og vart í hættu nema að rask í kringum mislæg gatnamót verði mjög mikið.

Þórusel (**GK-123:065**) var hins vegar á svipuðum slóðum og Reykjanesbrautin liggur nú og er líklegast að það hafi verið fast ofan við Reykjanesbraut á móts við afleggjaran að Vogum. Engin merki sjást nú um selið en ekki er ólíklegt að hafi það verið þarna í nágrenninu séu einhverjar leifar enn að vinna undir yfirborði jarðar. Þórusel er því í nokkurri hættu vegna breikkunar Reykjanesbrautar.

Um 260 m austar en um 100 m ofan við Reykjanesbraut, er stæðileg varða (**GK-123:100**) sem telst nokkurri hættu vegna áætlaðrar vegagerðar. Engar heimildir fundust um aldur vörðunnar.

Á þriðja hluta leiðarinnar (24500-17500) eru fáar fornleifar í námunda við væntanlegt vegarstæði. Á þessum slóðum var Freygerðardalur, jarðfall sem hlaðnar tröppur lágu ofan í (**GK-140:054**) en lagning núverandi Reykjanesbrautar skemmdi staðinn og er hann því alveg horfinn. Nokkru austar eða um 900 m austan við Þyrluvörðu eru Skrokkar við Reykjanesbraut. Getgátur eru uppi um að þar hafi landamerkjavörður milli Auðnahverfis og Breiðagerði verið (**GK-146:029**). Á þessum stað sjást steinhrúgur sem gætu verið leifar varðanna.

Á fjórða hluta leiðarinnar (17500-10000) er heldur meira um fornleifar í námunda við væntanlegt vegarstæði. Ber þar fyrst að nefna Vatnaborg (**GK-159:042**) og Vatnsbergsstekk (**GK-159:081**) sem eru 450-650 m vestan við Höskuldsveg og 150-190 m sunnan við Reykjanesbraut. Um er að ræða fjárborg sem stekkur var byggður inn í og vatnsból um 170 m austar.

Austan við Höskuldsveg og Vatnsleysustrandaveg munu vegaframkvæmdir koma til með að setja fornleifar í uppnám í námunda við Kúagerði/Akurgerði. Á þessu svæði eru heimildir um tvö býli (**GK-159:018** og **GK-159:042**), götur (**GK-159:075** og **GK-159:095**) og áningarstað (**GK-159:043**). Þegar hefur vegagerð skemmt svæðið að miklu leyti en heimildir gata um minjar á þessum slóðum fast við Reykjanesbrautina að norðan og sunnan. Á þessu svæði eru ráðgerð mislæg gatnamót og er ljóst að fornleifar munu verða þar fyrir frekari skemmdum eða hverfa alveg vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

Um 750 m austan við Kúagerði er hlaðinn skjólgarður (**GK159:093**) á hæð um 70-90 m neðan Reykjanesbrautar.

Um 700 m suðaustan við skjólgarðinn og 20 m sunnan við Reykjanesbraut er Þvottagjá (**GK-160:035**) sem er lítil tjörn þar sem þvottar voru þvegnir. Skammt suðvestar og um 80 m sunnan við Reykjanesbraut er önnur tjörn sem ber merki horfinna búskaparhátta. Þetta er Ullargjá þar sem ullin var þvegin (**GK-160:036**). Báðar þessar tjarnir eru í mikilli hættu vegna breikkunar Reykjanesbrautar.

Þegar lengra er farið til austurs er brátt komið að Hvassahraunstúni sem er allt innan við 500 m norðan Reykjanesbrautar og er því í nokkurri hættu vegna vegaframkvæmda. Breikkun Reykjanesbrautarinnar er alfarið sunnan við núverandi vegarstæði og ætti því ekki þurfa að hreyfa við minjum í túni í Hvassahrauni. Sérstaklega verður að gæta þess að þeim minjum sem næst eru Reykjanesbraut (svo sem norðurhluti túngarðs **GK-160:078** og útihústóft **GK-160:012**) verði ekki raskað.

Beint ofan við Hvassahraunstún og um 700 m norðaustan við Þvotta- og Ullargjá er Hjallhóll (**GK-160:037**). Hóllinn er innan við 20 m norðan við Reykjanesbraut og sunnan í honum er jarðsig með hellisskútum og hleðslum. Á þessum stað var fjárskýli sem er í nokkurri hættu vegna vegaframkvæmda við Reykjanesbraut.

Um 2 km austan við Hvassahraunsbæ var Markavarða (**GK-160:057**) á merkjum þar sem

land hækkar ofan Reykjanesbrautar. Neðan Reykjanesbrautar má sjá girðingarstaura á merkjum en ofan vegarins eru þeir að mestu horfnir. Varðan var 150-250 m sunnan við Reykjanesbraut en er nú hrunin og illgreinanleg.

Um merkin er komið í Álftaneshrepp (nú Hafnarfjörð). Ekki hefur fengist endaleg niðurstaða um hvort Reykjanesbraut verði breikkuð á þessum slóðum. Á þessu svæði er mikið um fornleifar í og við Reykjanesbrautina (sérstaklega í landi Straums GK-165, Þorbjarnarstaða GK-166 og Lambhaga GK-167) og er ljóst að ef brautin verður breikkuð á núverandi vegarstæði mun fjöldi fornleifa lenda í uppnámi. Reykjanesbraut hefur þegar skemmt margar fornleifar á þessu svæði (sjá t.d. **GK-166:007**, **GK-166:027**, **GK-167:012**, **GK-167:035**, **GK-168:055**) og verður ekki komist hjá frekara raski nema með því að færa veginn suður fyrir tún Þorbjarnarstaða.

7. Kafli. Tillaga um aðgerðir

Að lokinni heimildakönnun og rannsókn á vettvangi hefur komið í ljós að vitneskja liggur fyrir um nokkrar fornleifar sem lenda í eða við vegarstæðið. Fyrir utan þær fornleifar sem taldar voru upp í kaflanum hér að undan er rétt að taka fram að Reykjanesbraut liggur nú þegar þvert á fjölmargar fornar leiðir sem lágu frá bæjunum og til suðurs upp heiðarnar. Fæstar þessara leiða eru merkjanlegar í námunda við Reykjanesbrautina en ljóst er að breikkun brautarinnar kemur til með að skera enn frekar á hinar fornu leiðir hvernig svo sem hún kemur til með að liggja. Frekari athugasemdir eru því ekki gerðar við leiðir á skráningasvæðinu.

Til frekari ráðstafana verður hins vegar að grípa með aðrar fornleifar sem teljast í mikilli hættu vegna framkvæmdanna. Í slíkum tilfellum eru mismunandi aðgerðir mögulegar.

Í flestum tilfellum lenda minjarnar ekki í vegarstæði en eru í það skammt frá að þær teljast í hættu vegna umferðar vinnuvéla og annars rasks við vegagerðina. Þessar fornleifar þarf að merkja á áberandi hátt til þess að þær skemmist ekki af vangá. Þetta á við um:

-GK-117:042
-GK-123:024-25
-GK-123:100
-GK-159:042
-GK-159:081
-GK-159:093
-GK-160 suðurmörk Hvassahraunstúns.
-GK-160:035-037
-GK-160:057

Nokkrar fornleifar voru skráðar sem koma til með að lenda í áætluðu vegstæði. Fyrst ber

að nefna Þórusel (**GK-123:056**) og fornleifar við Kúagerði (**GK-159:018, 042, 043, 075** og **095**) Á hvorugum þessara staða eru miklar leifar greinilegar á yfirborði jarðar. Þeim fornleifum sem þar hafa verið hefur því verið raskað að miklu leyti. Engu að síður kunna enn að leynast minjar undir yfirborði og því þarf að vakta svæðin á meðan jarðraski stendur. Í því felst að fornleifafræðingur fylgist með framkvæmdunum, a.m.k. á meðan verið er að rjúfa svörð, gera skeringar o.þ.h.. Við því þarf að búast að fornleifar geti komið í ljós sem tafið gætu framkvæmdirnar.

Bæjarstæði og tún Straums, Þorbjarnarstaða og Lambhaga eru undir og við Reykjanesbraut og myndi nýtt vegarstæði í námunda við núverandi veg skemma mikið af minjum. Frá sjónarmiði minjaverndar væri farsælast ef enginn vegur væri um þetta svæði og hægt væri að flytja hann suður í hraunið. Verði nýr vegur byggður milli Þorbjarnarstaða og Straums verður ekki hjá því komist að gera ítarlega rannsókn á þeim rústum sem lenda undir veginum eða komast í uppnám vegna framkvæmdanna.

8. Kafli. Niðurlag

Í skýrslulok er rétt að geta þeirra takmarka sem eru á þessu mati. Mat á áhrifum fyrirhugaðra framkvæmda á fornar mannvistaleifar er nýjung hér á landi og enn er langt í land að unnt sé að skera úr með fullri vissu að veglína hafi verið valin á þann hátt að engin hætta sé á að minjar finnist þar síðar. Við framkvæmdir verður að hafa í huga að fornleifar geta komið óvænt í ljós og að stöðva þurfi framkvæmdir vegna þess þar til úrskurður fornleifanefndar er fenginn sbr. 20. gr. þjóðminjalaga.

Heimildaskrá

Heimildamenn:

Guðmundur Sigurðsson f. 1919 Hvassahraun
Jónatan Garðarsson f. 1955 Lambhagi, Þorbjarnarstaðir, Straumur
Lovísa Ásmundsdóttir f. 1966 Lónakot
Oddbergur Eiríksson f. 1921 Njarðvík
Sesselja Guðmundsdóttir f. 1947 Vatnsleysustrandarhreppur
Sigurður Arnórsson f. 1924 Ófriðarstaðir og Ás

Óprentaðar heimildir:

Fornleifastofnun Íslands
ÍSLEIF, gagnagrunnur um íslenskar fornleifar, Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson ritstj.

Landsbókasafn Íslands-Háskólabókasafn
Gunnar Ingimundarson: *Örnefni í Brunnastaðahverfi á Vatnsleysuströnd.* Óútgefin B.S. rigerð í Jarðfræðiskor Háskóla Íslands. 1987.


Þjóðminjasafn Íslands
Fornleifaskráning í Hafnarfirði 1987-1990.


Þjóðskjalasafn Íslands
Jarðadeild. Uppdrættir af túnum 1919. Þjóðskjalasafn Íslands.

Örnefnastofnun Íslands
Ö-Auðnahverfi. *Örnefnalýsing Auðanhverfis.* Gísli Sigurðsson skráði. Örnefnastofnun.
Ö-Ás: *Örnefnalýsing Áss.* Gísli Sigurðsson skráði. Örnefnastofnun.
Ö-Flekkuvík:*Örnefnalýsing Flekkuvíkur*. Gunnar Erlendsson skráði. Örnefnastofnun.
Ö-Hlöðunes: ***Örnefnalýsing Hlöðuness.*** Gísli Sigurðsson skráði. Örnefnastofnun .
Ö-Hvaleyri A: *Örnefnalýsing Hvaleyrar.* Ari Gíslason skráði. Örnefnastofnun.
Ö-Hvaleyri B: *Örnefnalýsing Hvaleyrar.* Gísli Sigurðsson skráði. Örnefnastofnun.
Ö-Hvassahraun: *Örnefnalýsing Hvassahrauns.* Gísli Sigurðsson, Guðmundur Sigurðsson og Gústaf Brynjólfsson skráðu. Örnefnastofnun.
Ö-Hvassahraun AG: *Örnefnalýsing Hvassahrauns.* Ari Gíslason skráði. Örnefnastofnun.
Ö-Innri Njarðvík GF: *Örnefnalýsing Njarðvíkur.* Guðmundur Finnbogason skráði. Örnefnastofnun.
Ö-Kálfastrandarhverfi: *Örnefnalýsing Kálfastrandarhverfis.* Kristján Eiríksson skráði. Örnefnastofnun.
Ö-Keflavík AG: *Örnefnalýsing Keflavíkur.* Ari Gíslason skráði. Örnefnastofnun.
Ö-Knarrarnes: *Örnefnalýsing Knarrarness.* Gísli Sigurðsson skráði. Örnefnastofnun.
Ö-Lónakot: *Örnefnalýsing Lónakots.* Gísli Sigurðsson skráði. Örnefnastofnun.
Ö-Neðri hluti Strandarheiðar: *Örnefnakort Gunnars Hauks Ingimundarsaonar.* 8. kort
Ö-Njarðvík GF: *Örnefnalýsing Njarðvíkur.* Guðmundur Finnbogason skráði. Örnefnastofnun.
Ö-Ófriðarstaðir: *Örnefnalýsing Ófriðarstaða.* Gísli Sigurðsson skráði. Örnefnastofnun.
Ö-Ófriðarstaðir AG: *Örnefnalýsing Ófriðarstaða.* Ari Gíslason skráði. Örnefnastofnun.
Ö-Óttarsstaðir: ***Örnefnalýsing Óttarstaða.*** Ari Gíslason, Gísli Sigurðsson og Gústaf Brynjúlfsson skráðu. Örnefnastofnun.
Ö-Stóra- og Minni-Vatnsleysa: *Örnefnalýsing Stóra- og Minni-Vatnsleysu.* Jónas Þórðarson

skráði. Örnefnastofnun.
Ö-Straumur: *Örnefnalýsing Straums.* Gísli Sigurðsson, Gústaf Brynjófsson, Ástvaldur Þorkelsson skráðu. Athugasemdir frá Bjarna Sigurðssyni, Hauki Sigurðssyni, Gísli Guðjónsson og Jósef Guðjónsson. Örnefnastofnun Íslands.
Ö-Vatnsleysa: *Örnefnalýsing Vatnsleysu*. Gísli Sigurðsson skráði. Örnefnastofnun Íslands.
Ö-Vogar: *Örnefnalýsing Voga. Gísli Sigurðsson* skráði. Örnefnastofnun Íslands.
Ö-Ytri-Njarðvík: *Örnefnalýsing Ytri-Njarðvíkur*. Ari Gíslason skráði. Örnefnastofnun Íslands.
Ö-Þórustaðir: *Örnefnalýsing Þórustaða.* Guðrún Andreasdóttir skráði. Örnefnastofnun Íslands.
Ö-Þórustaðir svör við spurningurm AG: *Örnefnalýsing Þórustaða svör við spurningum.* Eyjólfur Guðnason skráði. Örnefnastofnun Íslands.
Ö- Þorbjarnastaðir: *Örnefnalýsing Þorbjarnarstaða.* Gísli Sigurðsson, Ástvaldur Þorkelsson, Gísli Guðjónsson, Magnús Guðjónsson og Gústaf Brynjólfsson skráðu. Örnefnastofnun Íslands.

Prentaðar heimildir:
ÁG: Ásgeir Guðmundsson. *Saga Hafnarfjarðar 1908-1983 I-III.* Hafnarfjörður 1983-1984.
Árbók Ferðafélagsins 1936: Dr. Bjarni Sæmundsson. "II Suðurkjálkinn". *Árbók Ferðafélagsins 1936.*
Árbók 1955-1956: Kristján Eldjárn. "Kapelluhraun og Kapellulág: Fornleifarannsóknri 1950 og 1954". *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1955-1956.*
Árbók 1923: Hannes Þorsteinsson. "Rannsókn og leiðrjettingar á nokkrum bæjarnöfnum á Íslandi". *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1923.*
BG: Bjarni Guðmarson. *Saga Keflavíkur 1766-1890.* Keflavík. 1992.
BJ: Brynjúlfur Jónsson. "Rannsóknir í Gullbringusýslu". *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1903.*
DI: *Íslenskt fornbréfasafn* I-XVI, Kaupmannahöfn/Reykjavík 1857-1972.
FF: *Frásögur um fornaldarleifar 1817-1823,* Sveinbjörn Rafnsson gaf út, Reykjavík 1983.
GJ: Guðmundur B. Jónsson. *Mannlíf og mannvirki í Vatnsleysustrandarhreppi.* Útgáfustað vantar. 1987
ÍF: *Íslensk fornrit* I-, Reykjavík 1933-.
JJ: Jarðatal Johnsen: *Jarðatal á Íslandi,* Kaupmannahöfn 1847.
JÁM: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns,* III. Gullbringu- og Kjósarsýsla. Kaupmannahöfn 1943.
KK: Kristian Kaalund: *Íslenskir sögustaðir I.* Reykjavík. 1984.
SG: Sesselja G. Guðmundsdóttir. *Örnefni og gönguleiðir í Vatnsleysustrandarhreppi (ofan Gamla-Keflavíkurvegarins).* Keflavík. 1995.
SS: Sigurður Skúlason. *Saga Hafnarfjarðar 1908-1938.* Hafnarfjörður. 1933.


GK-110:005
GK-110:080
GK-111:038
GK-111:024
GK-117:028
GK-117:060
GK-117:042
1:20.000
Kort 1


GK-146:050
GK-143:023
GK-143:024
GK-130:077
GK-137:051
GK-140:054
GK-130:078
GK-130:079
GK-130:087
GK-123:100
GK-123:065
GK-123:024
GK-123:066
GK-123:025
GK-123:086
GK-641:014
1:20.000

Kort 2



1:20.000

Kort 3

Sjá nánar kort 7

Sjá nánar kort 6

GK-167:020

GK-168:054

GK-168:052

GK-163:072

GK-162:014

GK-163:090

GK-160:057

DRAUGADALUR

Kort 7

Kort 6

1:20.000

Kort 4



1:20.000

Kort 5


GK-160:089
GK-160:088
GK-160:021
GK-160:090
GK-160:026
GK-160:072
GK-160:018
GK-160:016
GK-160:085
GK-160:028
GK-160:015
KIRKJUHÓLL
GK-160:019
GK-160:023
GK-160:014
GK-160:059
GK-160:017
GK-160:020
GK-160:004
GK-160:094
GK-160:087
GK-160:013
SAUNGHÓLL
GK-160:009
GK-160:010
FJÓSHÓLL
GK-160:007
GK-160:011
GK-160:008
GK-160:006
GK-160:001
GK-160:003
GK-160:081
GK-160:002
GK-160:079
GK-160:061
GK-160:005
GK-160:025
GK-160:095
GK-160:086
GK-160:043
GK-160:083
GK-160:062
GK-160:078
GK-160:012
GK-160:037
GK-160:058
GK-160:040
GK-160:033
GK-160:092
GK-160:091
GK-160:093
GK-160:084
GK-160:035
GK-160:036
1:5000
Kort 6

GK-165:063
GK-165:005
GK-163:073
GK-165:003
GK-165:001
GK-165:012
GK-165:002
GK-165:016
GK-163:055
GK-165:018
GK-165:048
GK-165:010
GK-165:047
GK-163:056
GK-165:019
GK-165:060
GK-165:059
GK-163:057
GK-165:064
GK-163:091
GOLTRAVARÐA
GK-167:001
GK-167:002
GK-167:003
GK-166:054&057
GK-167:024
LITLALAMBHAGAVOR
GK-167:016
GK-167:013
GK-167:043
GK-167:039
GK-167:034
GK-167:030
GK-167:015
GK-166:030
GK-167:031
GK-167:032
GK-166:042
GK-167:037
GK-167:021
HJALLATÚN
GK-166:028
GK-167:035
GK-167:011
GK-166:070
GK-167:014
GK-167:038
GK-167:012
GK-166:020
GK-167:041
GK-167:047
GK-166:007
GK-166:027
GK-166:026
GK-166:044
GK-166:039
GK-166:047
GK-166:045
GK-641:003
GK-166:025
GK-166:023
GK-166:019
GK-166:016
GK-166:004
GK-166:014
GK-166:015
GK-166:021
GK-166:013
GK-166:022
GK-166:001
GK-166:011
GK-166:012
GK-166:002
GK-166:003
GK-166:010

1:5000

Kort 7